

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/74/01	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108 frá 7. maí 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, ásamt reglum um hlutverk þeirra	1
2020/EES/74/02	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/758 frá 31. janúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótar ráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum	6
2020/EES/74/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/147 frá 3. febrúar 2020 um leyfi fyrir blöndu með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-4407 sem fóðuruakefni fyrir fráfarugrúsi, gyltur (í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrúsi) og mjólkurkúr og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1288/2004 og (EB) nr. 1811/2005 (leyfishafi er S.I. Lesaffre)	13
2020/EES/74/04	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/228 frá 19. febrúar 2020 um leyfi fyrir erytrósíni sem fóðuruakefni fyrir hunda og ketti	16
2020/EES/74/05	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/229 frá 19. febrúar 2020 um leyfi fyrir L-trýptófani sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir	20
2020/EES/74/06	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/238 frá 20. febrúar 2020 um leyfi fyrir L-þreóníni sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir	24
2020/EES/74/07	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/196 frá 13. febrúar 2020 um endurnýjun á leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> CBS 109.713, sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og skrautfugla og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 1096/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 843/2012 (leyfishafi er BASF SE)	27
2020/EES/74/08	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/197 frá 13. febrúar 2020 um leyfi fyrir allúrarauðu AC sem fóðuruakefni fyrir ketti og hunda	30
2020/EES/74/09	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1341 frá 28. september 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana	34

2020/EES/74/10	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/239 frá 20. febrúar 2020 um breytingu á framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 901/2014 að því er varðar aðlögun sniðmáta fyrir gerðarviðurkenningaraðferðir í tengslum við ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól að kröfum um umhverfisþrep Euro 5 og Euro 5+	36
2020/EES/74/11	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2093 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar greiningu á 3-mónóklóró-própan-1,2-díól (3-MCPD) fitusýruestrum, glýsídýlfitusýruestrum, perklórati og akrýlamíði	42
2020/EES/74/12	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1881 frá 8. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið díflúbensúrón með tilliti til hámarksgildis leifa	48
2020/EES/74/13	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/910 frá 30. júní 2020 um breytingu á framkvæmdareglugerðum (ESB) 2015/1998, (ESB) 2019/103 og (ESB) 2019/1583 að því er varðar endurtilnefningu flugrekenda, rekstraraðila og eininga sem annast flugverndareftirlit vegna flugfarms og flugpósts sem kemur frá þriðju löndum sem og frestun tiltekinna krafna samkvæmt reglum að því er varðar netöryggi, bakgrunnsathugun, staðla um búnað til greiningar sprengiefnis og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni vegna COVID-19 heimsfaraldursins	52
2020/EES/74/14	Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissigli	57
2020/EES/74/15	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (endurútgefin)	62

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1108

2020/EES/74/01

frá 7. maí 2018

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, ásamt reglum um hlutverk þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 11. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur geta tilnefnt miðlæga tengiliði til að tryggja, fyrir hönd stofnananna sem tilnefndu þá, fylgni við reglur sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og til að greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda. Aðildarríki geta gert kröfu um tilnefningu miðlægs tengiliðar þegar greiðsluþjónustuveitendur og útgefendur rafeyris veita þjónustu á yfirráðasvæði þeirra í gegnum starfsstöðvar sem eru á öðru formi en útibú, en ekki þegar þeir veita þjónustu án starfsstöðvar.
- 2) Tilnefningin á miðlægum tengilið til að tryggja fylgni við reglur sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka virðist réttlæt看leg þegar stærð og umfang starfseminnar sem greiðsluþjónustuveitendur og útgefendur rafeyris annast í gegnum starfsstöðvar, sem eru á öðru formi en útibú, nær upp að eða fer fram úr tilteknum viðmiðunarmörkum. Setja ætti þessi viðmiðunarmörk í réttu hlutfalli við tilgang tilskipunar (ESB) 201/849 til að auðvelda lögbærum yfirvöldum eftirlit með reglufylgni slíkra starfsstöðva, fyrir hönd stofnunarinnar sem tilnefndi þá, við landsbundnar skuldbindingar í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (AML/CFT), á sama tíma og ekki er sett óþarfa stjórnsýslubyrði á greiðsluþjónustuveitendur og útgefendur rafeyris.
- 3) Krafa um að tilnefna miðlægum tengilið virðist einnig vera réttlæt看leg þegar aðildarríki telur að hættan á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna starfsemi slíkra starfsstöðva hafi aukist, eins og sýnt er fram á t.d. á grundvelli mats á hættunni á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist tilteknum flokkum greiðsluþjónustuveitenda eða útgefenda rafeyris. Krefja ætti aðildarríki um að framkvæma áhættumat á einstökum stofnunum í þessum tilgangi.
- 4) Í undantekningartilvikum, þegar aðildarríki hafa gildar ástæður til að ætla að mikil hættu sé á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist tilteknum greiðsluþjónustuveitanda eða útgefanda rafeyris sem starfrækir starfsstöðvar á yfirráðasvæði þeirra, ættu þau þó að geta krafist að útgefandinn eða veitandinn tilnefni miðlægum tengilið, jafnvel þótt hann uppfylli ekki viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða tilheyrir ekki flokki stofnana sem eiga að tilnefna miðlægum tengilið, á grundvelli mats aðildarríkisins á hættunni á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 203, 10.8.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

- 5) Þegar miðlægur tengiliður er tilnefndur ætti að tryggja, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, fylgni starfsstöðva hans við viðkomandi reglur sem varða baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Í þeim tilgangi ætti miðlægur tengiliðurinn að hafa góðan skilning á viðkomandi kröfum er varða baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og greiða fyrir þróun og innleiðingu stefna og verkferla sem varða baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 6) Miðlægur tengiliðurinn ætti m.a. að gegna miðlægu samhæfingarhlutverki á milli útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitandans sem tilnefndi hann og starfsstöðva hans og á milli útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda og lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem starfsstöðvarnar eru starfræktar, til að greiða fyrir eftirliti þeirra.
- 7) Aðildarríki ættu að hafa rétt til að ákveða, á grundvelli heildarmats þeirra á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi greiðsluþjónustuveitanda og útgefanda rafeyris sem eru með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú, að krefjast þess að miðlægur tengiliðir annist tiltekin viðbótarverkefni sem hluta af skyldum þeirra við að tryggja reglufylgni við landsbundnar skuldbindingar í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Einkum getur verið við hæfi fyrir aðildarríki að krefja miðlæga tengiliði um að leggja fram, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi þá, skýrslur um grunsamleg viðskipti til peningabættisskrifstofu (FIU) gístaðildarríkisins á því yfirráðasvæði þar sem skuldbundni aðilinn er með staðfestu.
- 8) Hvers aðildarríkis er að ákvarða hvort miðlægir tengiliðir eigi að hafa tiltekið form eða ekki. Ef forminu er lýst ættu aðildarríki að tryggja að kröfurnar séu hlutfallslegar og gangi ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná markmiðinu um fylgni við reglurnar sem varða baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og til að greiða fyrir eftirliti.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽²⁾, og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾ eftir því sem við á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- a) viðmiðanir til að ákvarða við hvaða aðstæður tilnefning miðlægs tengiliðar skv. 9. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 er við hæfi,
- b) reglur sem varða hlutverk miðlægra tengiliða.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „lögbært yfirvald“: yfirvald aðildarríkis sem lögbært er til að tryggja reglufylgni útgefanda rafeyris og greiðsluþjónustuveitanda, sem eru með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú og með aðalskrifstofu sem staðsett er í öðru aðildarríki, við kröfurnar í tilskipun (ESB) 2015/849 eins og hún hefur verið leidd í landslöggjöf,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 2) „gístiaðildarríki“: aðildarríki þess yfirráðasvæðis þar sem útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur eru með staðfestu á öðru formi en útibú og með aðalskrifstofu staðsetta í öðru aðildarríki,
- 3) „útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur“: útgefendur rafeyris eins og þeir eru skilgreindir í 3. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽¹⁾ og greiðsluþjónustuveitendur eins og þeir eru skilgreindir í 9. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ⁽²⁾.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir tilnefningu miðlægs tengiliðar

1. Gístiaðildarríki geta krafði útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur sem eru með starfsstöðvar á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú, og sem eru með aðalskrifstofu staðsetta í öðru aðildarríki, um að tilnefna miðlægan tengilið þegar einhverjar af eftirfarandi viðmiðunum eru uppfylltar:

- a) fjöldi slíkra starfsstöðva er 10 eða fleiri,
- b) vænst er að uppsöfnuð fjárhæð dreifðs og innleysts rafeyris, eða uppsafnað virði greiðslna sem framkvæmdar eru af starfsstöðvunum, fari upp fyrir 3 milljón evrur á hverju fjárhagsári eða hefur farið yfir 3 milljón evrur á undangengnu fjárhagsári,
- c) upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort viðmiðanirnar í a- eða b-liðum séu uppfylltar eru ekki gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins, þrátt fyrir tímanlega beiðni.

2. Með fyrirvara um viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. geta gístiaðildarríki krafði flokka útgefenda rafeyris og greiðsluþjónustuveitenda sem eru með starfsstöðvar á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú og með aðalskrifstofu staðsetta í öðru aðildarríki um að tilnefna miðlægan tengilið þegar þessi krafa er í réttu hlutfalli við áhættustigið sem varðar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi þessara starfsstöðva.

3. Gístiaðildarríki skulu byggja mat sitt á áhættustiginu sem varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi þessara starfsstöðva, á niðurstöðum áhættumats sem gert er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og öðrum trúverðugum og áreiðanlegum heimildum sem þeim eru tiltækar. Gístiaðildarríki skulu, sem hluta af þessu mati, taka tillit til a.m.k. eftirfarandi viðmiðana:

- a) hættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist afurðategundum og þjónustu sem boðin eru og dreifileiðunum sem notaðar eru,
- b) hættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist tegundum viðskiptavina,
- c) hættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist mestmegnis tilfallandi viðskiptum fremur en viðskiptatengslum,
- d) hættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist löndum og landsvæðum sem eru þjónustuð.

4. Án þess að hafa áhrif á viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. getur gístiaðildarríki, í undantekningartilvikum, veitt lögbæra yfirvaldinu í gístiaðildarríkinu valdheimildir til að krefja útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda, sem er með starfsstöðvar á yfirráðasvæði þess á öðru formi en útibú og með aðalskrifstofu staðsetta í öðru landi, um að tilnefna miðlægan tengilið, að því tilskildu að gístiaðildarríkið hafi gildar ástæður til að ætla að mikil hætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka stafi af starfsemi starfsstöðva þess útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

*4. gr.***Að tryggja fylgni við reglur sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Miðlægi tengiliðurinn skal tryggja að starfsstöðvarnar sem tilgreindar eru í 9. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 hlíti reglum gístiaðildarríkisins sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í þessu skyni skal miðlægi tengiliðurinn:

- a) stuðla að þróun og innleiðingu stefna og verkferla sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 með því að upplýsa útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, um gildandi kröfur í gístiaðildarríkinu sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- b) hafa umsjón með, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, skilvirkri reglufylgni þessara starfsstöðva við gildandi kröfur í gístiaðildarríkinu sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og við stefnur, eftirlit og verkferla útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, sem samþykktar hafa verið skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 201/849,
- c) upplýsa aðalskrifstofu útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, um sérhver brot eða reglufylgnivandamál sem upp koma í þessum starfsstöðvum, þ.m.t. allar upplýsingar sem geta haft áhrif á getu starfsstöðvarinnar til að hlíta á skilvirkan hátt stefnum og verkferlum útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða á annan hátt geta haft áhrif á áhættumat útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann,
- d) tryggja, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, að gripið sé til aðgerða til úrbóta ef þessar starfsstöðvar hlíta ekki, eða hætta er á að hlíta ekki, gildandi reglum sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- e) tryggja, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, að þessar starfsstöðvar og starfsfólk þeirra taki þátt í starfsmenntunaráætlunum sem um getur í 1. mgr. 46. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
- f) koma fram fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, í samskiptum hans við lögbæru yfirvöldin og peningaþvættisskrifstofu gístiaðildarríkisins.

*5. gr.***Að greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins**

Miðlægi tengiliðurinn skal greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins með starfsstöðum sem tilgreindar eru í 9. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849. Í þessu skyni skal miðlægi tengiliðurinn, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann:

- a) koma fram fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, í samskiptum hans við lögbær yfirvöld,
- b) hafa aðgang að upplýsingum hjá þessum starfsstöðvum,
- c) bregðast við sérhverri beiðni lögbærra yfirvalda sem tengist starfsemi þessara starfsstöðva, útvega lögbærum yfirvöldum viðkomandi upplýsingar frá útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi hann, og þessum starfsstöðvum, og reglulega leggja fram skýrslu, eftir því sem við á,
- d) greiða fyrir vettvangsskoðunum hjá þessum starfsstöðvum þegar lögbær yfirvöld óska þess.

*6. gr.***Viðbótarverkefni miðlægs tengiliðar**

1. Í viðbót við verkefni sem tilgreind eru í 4. og 5. gr. getur gístiaðildarríki kafið miðlæga tengiliði um að framkvæma, fyrir hönd útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda sem tilnefndi þá, eitt eða fleiri af eftirfarandi verkefnum:

- a) leggja fram skýrslur skv. 1. mgr. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 eins og innlend lög gístiaðildarríkisins mæla fyrir,
- b) bregðast við sérhverri beiðni frá peningaþvættisskrifstofunni sem tengist starfsemi starfsstöðva, sem tilgreindar eru í 9. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, og útvega peningaþvættisskrifstofunni viðkomandi upplýsingar sem tengjast slíkum starfsstöðvum,

c) fylgjast náið með viðskiptum til að greina grunsamleg viðskipti eftir því sem við á, í ljósi stærðarinnar og flækjustigsins í starfsemi útgefanda rafeyris eða greiðsluþjónustuveitanda í gístiaðildarríkinu.

2. Gístiaðildarríki geta krafðið miðlæga tengiliði um að framkvæma eitt eða fleiri af viðbótarverkefnum sem tilgreind eru í 1. mgr., ef þessi viðbótarverkefni eru í réttu hlutfalli við heildaráhættustigið sem varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi þessara greiðsluþjónustuveitanda og útgefanda rafeyris sem eru með starfsstöðvar á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú.

3. Gístiaðildarríki skulu byggja mat sitt á áhættustiginu sem varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi slíkra starfsstöðva á niðurstöðum áhættumats sem gert er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar eftir atvikum, og öðrum trúverðugum og áreiðanlegum heimildum sem þeim eru tiltækar.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/758**

2020/EES/74/02

frá 31. janúar 2019

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótar ráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lánastofnanir og fjármálastofnanir þurfa að greina, meta og stýra þeirri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem þau standa frammi fyrir, einkum þegar þær hafa stofnað útibú eða dótturfélög sem eru í meirihlutaeigu í þriðju löndum eða þegar þær íhuga hvort stofna eigi útibú eða dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðju löndum. Með tilskipun (ESB) 2015/849 eru því settir staðlar um skilvirkni mats og stýringu hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á samstæðustigi.
- 2) Samræmd framkvæmd á stefnum og verkferlum í tengslum við baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem nær til samstæðu í heild er lykillinn að traustri og skilvirkri stýringu áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan samstæðu.
- 3) Undir ákveðnum kringumstæðum er samstæðu sem starfrækir útibú eða dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðju löndum hins vegar lögum samkvæmt ekki heimilt að hrinda í framkvæmd stefnum og verkferlum sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem nær til samstæðunnar í heild. Þetta getur verið raunin þegar t.d. lög þriðja lands um persónuvernd eða bankaleynd takmarka möguleika samstæðu á að fá aðgang að, vinna eða miðla upplýsingum sem tengjast viðskiptavinum útibúa eða dótturfélaga sem eru í meirihlutaeigu í viðkomandi þriðja landi.
- 4) Undir slíkum kringumstæðum og í aðstæðum þar sem möguleiki lögbærra yfirvalda á að fylgjast á skilvirkan hátt með reglufylgni við kröfur tilskipunar (ESB) 2015/849 er takmarkaður vegna þess að lögbært yfirvald hefur ekki aðgang að viðeigandi upplýsingum sem útibú eða dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðju löndum hafa í fórum sínum, þarf viðbótarstefnur og verkferla til að stýra hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti. Þessar viðbótarstefnur og verkferlar geta falið í sér samþykki viðskiptavina, sem getur nýst til að yfirstíga tiltekna lagalegar hindranir á framkvæmd stefna og verkferla vegna baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem nær til samstæðu í heild í þriðju löndum þar sem valkostir eru takmarkaðir.
- 5) Þörfin á að tryggja samræmd viðbrögð á vettvangi Sambandsins við lagalegum hindrunum á framkvæmd stefna og verkferla sem taka til samstæðu í heild réttlætir að gerð sé krafa um tiltekna lágmarksaðgerðir sem lána- og fjármálastofnanir ættu að grípa til við slíkar aðstæður. Hins vegar ættu slíkar viðbótastefnur og verkferlar að vera áhættutengd.
- 6) Lánastofnanir og fjármálastofnanir ættu að geta sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að nægilegar viðbótarráðstafanir hafi verið gerðar með tilliti til hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hins vegar, telji lögbært yfirvald að viðbótarráðstafanir sem lánastofnun eða fjármálastofnun hefur gert, séu ekki fullnægjandi til að stýra

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 125, 14.5.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 141, 5.6.2015, bls. 73.

áhættunni, ætti það að geta beint því að lánastofnuninni eða fjármálastofnuninni að gera tiltekna ráðstafanir sem tryggja að lánastofnun eða fjármálastofnun uppfylli skuldbindingar sínar sem varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- 7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽³⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁴⁾ veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni (ESMA) hverri fyrir sig, vald til að gefa út leiðbeiningar til að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu laga Sambandsins. Þegar lánastofnanir og fjármálastofnanir fara að þessari reglugerð ættu þær að taka tillit til sameiginlegra leiðbeininga sem gefnar eru út í samræmi við 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 um einfaldaðar og hertar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og þátta sem lána- og fjármálastofnanir ættu að hafa í huga þegar áhætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist viðskiptasambandi eða einstaka viðskiptum er metin og gera allt í sínu valdi til að fara að þessum leiðbeiningum.
- 8) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að vera með fyrirvara um skyldu lögbærra yfirvalda heimaáildarríkis um að beita viðbótareftirlitsaðgerðum eins og kveðið er á um í 5. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 þegar beiting viðbótar- ráðstafana eins og kveðið er á um í þessari reglugerð nægir ekki.
- 9) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu einnig að vera með fyrirvara um herta áreiðanleikakönnun sem lánastofnanir og fjármálastofnanir þurfa að gera þegar þær eiga í viðskiptum við einstaklinga eða lögaðila með staðfestu í löndum sem framkvæmdastjórnin hefur skilgreint sem lönd með mikla áhættu samkvæmt 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 10) Lánastofnanir og fjármálastofnanir ættu að fá nægan tíma til að laga stefnur sínar og verkferla að kröfum reglugerðarinnar. Í þessu skyni þykir rétt að fresta beitingu þessarar reglugerðar um þrjú mánuði frá þeim degi sem hún gengur í gildi.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska eftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nokkrar viðbótarráðstafanir, þ.m.t. lágmarksaðgerðir, sem lánastofnanir og fjármálastofnanir verða að gera, til þess að takast á við hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti þegar lög þriðja lands heimila ekki framkvæmd á stefnum og verkferlum sem ná til samstæðu í heild eins og um getur í 1. og 3. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 í útibúum og dótturfélögum í meirihlutaeigu sem eru hluti samstæðunnar og með staðfestu í viðkomandi þriðja landi.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. gr.

Almennar skyldur fyrir hvert þriðja land

Fyrir hvert þriðja land þar sem útibú hefur verið stofnað eða dótturfélag er í meirihlutaeigu skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir að minnsta kosti:

- a) meta hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem stöðjar að samstæðu þeirra, skrá það mat, halda því uppfærðu og halda því til haga til að miðla því til lögbærra yfirvalda sinna,
- b) tryggja að hættan sem um getur í a-lið endurspeglir með viðeigandi hætti í stefnum þeirra og verkferlum sem ná til samstæðunnar í heild hvað varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- c) láta framkvæmdastjórn á samstæðustigi samþykkja áhættumatið sem um getur í a-lið og stefnur og verkferla sem ná til samstæðunnar í heild hvað varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem um getur í b-lið,
- d) veita viðkomandi starfsfólki í þriðju löndum markvissa þjálfun til að gera þeim kleift að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og tryggja að slík þjálfun skili árangri.

3. gr.

Stakt áhættumat

1. Þegar lög þriðja lands banna eða takmarka beitingu stefna eða verkferla sem eru nauðsynlegir til þess að greina og meta á fullnægjandi hátt hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist viðskiptasambandi eða einstaka viðskiptum vegna takmarkaðs aðgangs að viðkomandi upplýsingum um viðskiptavin og raunverulegt eignarhald eða takmörkun á notkun slíkra upplýsinga við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn skulu lánastofnanir eða fjármálastofnanir að minnsta kosti:

- a) upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar, og alla jafnan eigi síðar en 28 almanaksdögum eftir að þriðja landið hefur verið tilgreint, um eftirfarandi:
 - i. heiti viðkomandi þriðja lands,
 - ii. hvernig framkvæmd laga þriðja lands bannar eða takmarkar beitingu á stefnum og verkferlum sem nauðsynleg eru til að greina og meta hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við viðskiptavin,
- b) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í þriðju löndum ákveði hvort samþykki viðskiptavina þeirra og eftir atvikum raunverulegir eigendur þeirra geti verið löglega nýtt til að yfirstíga þær takmarkanir eða bönn sem um getur í ii. lið a-liðar,
- c) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í viðkomandi þriðja landi krefji viðskiptavini sína og eftir atvikum raunverulega eigendur þeirra samþykkis til að yfirstíga þær takmarkanir og bönn sem um getur í ii. lið a-liðar að því marki sem það samrýmist lögum þess þriðja lands.

2. Ef ekki er hægt að veita samþykkið sem um getur í c-lið 1. mgr. skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir gera viðbótarráðstafanir auk þeirra stöðluðu ráðstafana sem þær gera jafnan vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að stýra hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í þessum viðbótarráðstöfunum skulu felast þær viðbótarráðstafanir sem settar eru fram í c-lið 8. gr. og ein eða fleiri þeirra sem settar eru fram í a-, b-, d-, e-, og f-lið þeirrar greinar.

Þegar lánastofnun eða fjármálastofnun getur ekki stýrt hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti með því að beita þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal hún:

- a) tryggja að það útibú eða dótturfélag í meirihlutaeigu slíti viðskiptasambandinu,

- b) tryggja að það útibú eða dótturfélag í meirihlutaeigu láti ekki þessi tilteknu viðskipti fara fram,
 - c) hætta að hluta eða að öllu leyti þeirri starfsemi sem útibú þeirra eða dótturfélag í meirihlutaeigu með staðfestu í því þriðja landi annast,
3. Lánastofnanir og fjármálastofnanir skulu ákvarða umfang viðbótarráðstafananna sem um getur í 2. og 3. mgr. samkvæmt áhættumati og skulu geta sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að umfang viðbótarráðstafananna sé viðeigandi með tilliti til hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. gr.

Miðlun og meðferð gagna um viðskiptavini

1. Þegar lög þriðja lands banna eða takmarka miðlun eða meðferð upplýsinga um viðskiptavini til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan samstæðu skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir að minnsta kosti:
- a) upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar, og alla jafnan eigi síðar en 28 dögum eftir að þriðja landið hefur verið tilgreint, um eftirfarandi:
 - i. heiti viðkomandi þriðja lands,
 - ii. hvernig framkvæmd laga þriðja lands bannar eða takmarkar miðlun og vinnslu gagna um viðskiptavini í því skyni að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
 - b) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í viðkomandi þriðja landi ákveði hvort samþykki viðskiptavina þeirra og eftir atvikum raunverulegra eigenda þeirra geti verið löglega nýtt til að yfirstíga þær takmarkanir eða bönn sem um getur í ii. lið a-liðar,
 - c) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í viðkomandi þriðja landi krefji viðskiptavini sína og eftir atvikum raunverulega eigendur þeirra samþykkis til að yfirstíga þær takmarkanir og bönn sem um getur í ii. lið a-liðar að því marki sem það samrýmist lögum þess þriðja lands.
2. Í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að veita samþykkið sem um getur í c-lið 1. mgr. skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir gera viðbótarráðstafanir auk þeirra stöðluðu ráðstafana sem þær gera jafnan vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að stýra áhættunni. Í þessum viðbótarráðstöfunum skulu felast þær viðbótarráðstafanir sem settar eru fram í a-lið 8. gr. eða þær viðbótarráðstafanir sem settar eru fram í c-lið þeirrar greinar. Þegar hættan á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nægir til að fara fram á frekari viðbótarráðstafanir skulu lána- og fjármálastofnanir beita einni eða fleiri af þeim viðbótarráðstöfunum sem settar eru fram í a- til c-lið 8. gr. sem eftir standa.
3. Þegar lánastofnun eða fjármálastofnun getur ekki stýrt hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti með því að beita þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal hún hætta, að hluta eða að öllu leyti, þeirri starfsemi sem útibú hennar og dótturfélag í meirihlutaeigu sinnir í viðkomandi þriðja landinu.
4. Lánastofnanir og fjármálastofnanir skulu ákvarða umfang viðbótarráðstafananna sem um getur í 2. og 3. mgr. samkvæmt áhættumati og skulu geta sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að umfang viðbótarráðstafananna sé viðeigandi með tilliti til hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

5. gr.

Upplýsingagjöf um grunsamleg viðskipti

1. Þegar lög þriðja lands banna eða takmarka að útibú og dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðja landi miðli upplýsingum sem um getur í 1. mgr. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 til annarra aðila innan samstæðu, skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir að minnsta kosti:
- a) upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar, og alla jafnan eigi síðar en 28 dögum eftir að þriðja landið hefur verið tilgreint, um eftirfarandi:
 - i. heiti viðkomandi þriðja lands,
 - ii. hvernig framkvæmd laga þriðja lands bannar eða takmarkar miðlun og vinnslu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, sem útibú eða dótturfélag í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi hefur tilgreint, til annarra aðila innan samstæðu,

b) krefja útibú eða dótturfélag í meirihlutaeigu um að veita framkvæmdastjórn lánastofnunar eða fjármálastofnunar viðeigandi upplýsingar svo hún geti metið hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við starfsemi slíks útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu og hvaða áhrif þetta hefur á samstæðuna, svo sem um:

- i. fjölda grunsamlegra viðskipta sem tilkynnt er um innan tiltekins tímabils,
- ii. samantekin tölfraðileg gögn sem veita yfirlit yfir aðstæður sem valda grunsemdum.

2. Lánastofnanir og fjármálastofnanir skulu gera viðbótarráðstafanir auk þeirra stöðluðu ráðstafana sem þær gera jafnan vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. til að stýra áhættunni.

Í þessum viðbótarráðstöfunum skulu felast ein eða fleiri þeirra viðbótarráðstafanna sem settar eru fram í a- til c-lið og g- til i-liðar 8. gr.

3. Þegar lánastofnanir og fjármálastofnanir geta ekki stýrt hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti með því að beita þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu þær hætta, að hluta eða að öllu leyti, þeirri starfsemi sem útibú þeirra og dótturfélag í meirihlutaeigu annast í þriðja landinu.

4. Lánastofnanir og fjármálastofnanir skulu ákvarða umfang viðbótarráðstafananna sem um getur í 2. og 3. mgr. samkvæmt áhættumati og skulu geta sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að umfang viðbótarráðstafananna sé viðeigandi með tilliti til hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

6. gr.

Miðlun upplýsinga um viðskiptavin til aðildarríkja

Þegar lög þriðja lands banna eða takmarka miðlun upplýsinga sem tengist viðskiptavini útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi til aðildarríkis í þágu eftirlits með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir að lágmarki:

- a) upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar, og alla jafnan eigi síðar en 28 almanaksdögum eftir að þriðja landið hefur verið tilgreint, um eftirfarandi:
 - i. heiti viðkomandi þriðja lands,
 - ii. hvernig framkvæmd laga þriðja lands bannar eða takmarkar miðlun gagna um viðskiptavini í þágu eftirlits til að sporna við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- b) gera ítarlegri athuganir þ.m.t. þegar það er í samræmi við hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi, eftirlit á vettvangi eða óháða endurskoðun til þess að ganga úr skugga um að útibúið eða dótturfélag í meirihlutaeigu fari að stefnum og verkferlum sem ná til samstæðunnar í heild og þau tilgreini, meti og stýri áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fullnægjandi hátt,
- c) útvegi lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis niðurstöður athugananna sem um getur í b-lið þegar um það er beðið,
- d) láta útibúið eða dótturfélagið í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi útvega framkvæmdastjórn lánastofnunarinnar eða fjármálastofnunarinnar reglulega viðkomandi upplýsingar, þ.m.t. um að minnsta kosti eftirfarandi:
 - i. fjölda áhættusamra viðskiptavina og samantekin tölfraðileg gögn sem veita yfirlit yfir ástæður þess að viðskiptavinir hafi verið flokkaðir sem áhættusamir, svo sem einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla,
 - ii. fjölda grunsamlegra viðskipta sem tilgreind og tilkynnt eru í samanteknu tölfraðilegu gögnunum sem veita yfirlit yfir aðstæður sem valda grunsemdum,
- e) gera niðurstöður athugana sem um getur í b-lið aðgengilegar lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki þegar um það er beðið.

7. gr.

Varðveisla gagna

1. Þegar lög þriðja lands banna eða takmarka beitingu ráðstafana vegna varðveislu gagna líkt og því sem kveðið er á um í V. kafla tilskipunar (ESB) 2015/849 skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir að minnsta kosti:
 - a) upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar, og alla jafnan eigi síðar en 28 dögum eftir að þriðja landið hefur verið tilgreint, um eftirfarandi:
 - i. heiti viðkomandi þriðja lands,
 - ii. hvernig framkvæmd laga þriðja lands bannar eða takmarkar beitingu ráðstafana um varðveislu gagna líkt og kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2015/849,
 - b) staðreyna hvort samþykki viðskiptavinar og eftir atvikum raunverulegs eiganda hans, geti nýst til að yfirstíga þær takmarkanir og bönn sem um getur í ii. lið a-liðar,
 - c) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í þriðju löndum krefji viðskiptavini og eftir atvikum raunverulega eigendur þeirra samþykkis til að yfirstíga þær takmarkanir og bönn sem um getur í ii. lið a-liðar að því marki sem það er í samræmi við lög þriðja lands.
2. Í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að veita samþykkið sem um getur í c-lið 1. mgr. skulu lánastofnanir og fjármálastofnanir gera viðbótarráðstafanir auk þeirra stöðluðu ráðstafana sem þær gera jafnan vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. til að stýra áhættunni. Í þessum viðbótarráðstöfunum skulu felast ein eða fleiri þeirra viðbótarráðstafanna sem settar eru fram í a- til c-lið og j-lið 8. gr.
3. Lána- og fjármálastofnanir skulu ákvarða umfang viðbótarráðstafananna sem um getur í 2. mgr. samkvæmt áhættumati og skulu geta sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að umfang viðbótarráðstafananna sé viðeigandi með tilliti til hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

8. gr.

Viðbótarráðstafanir

- Lánastofnanir og fjármálastofnanir skulu gera eftirfarandi viðbótarráðstafanir skv. 3. gr. (2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.) og 7. gr. (2. mgr.):
- a) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu sem eru með staðfestu í þriðju löndum takmarki eðli og tegundir fjármálaafurða og þjónustu sem útibúið eða dótturfélagið í meirihlutaeigu veitir við þær sem lítil áhætta af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fylgir og hafa lítil áhrif á áhættugrunn samstæðunnar,
 - b) tryggja að aðrar einingar sömu samstæðu reiði sig ekki á ráðstafanir sem útibúið eða dótturfélag í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landinu gerir til að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn heldur geri eigin könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu í þriðja landi sem óska eftir að fá veitta afurð eða þjónustu annarrar einingar sömu samstæðu jafnvel að uppfylltum skilyrðum 28. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
 - c) gera ítarlegri athuganir þ.m.t. þegar það er í samræmi við hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tengist starfsemi útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi, eftirlit á vettvangi eða sjálfstæða endurskoðun til þess að ganga úr skugga um að útibúið eða dótturfélag í meirihlutaeigu tilgreini, meti og stýri með fullnægjandi hætti áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
 - d) tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi leiti samþykkis framkvæmdastjórnar lánastofnunar eða fjármálastofnunar þegar stofnað er til eða haldið áfram með áhættusöm viðskiptasambönd eða þegar stök áhættusöm viðskipti fara fram,
 - e) tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í meirihlutaeigu með staðfestu í viðkomandi þriðja landi beri kennsl á uppruna og eftir atvikum áfangastað fjármuna sem notaðir eru í viðskiptasambandinu eða stökum viðskiptum,

- f) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landi hafi reglubundið hert eftirlit með viðskiptasambandinu þ.m.t. hert eftirlit með viðskiptum, þar til útibúið eða dótturfélagið í meirihlutaeigu getur með raunhæfri vissu gengið úr skugga um hættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem stafar af viðskiptasambandinu,
- g) tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í meirihlutaeigu með staðfestu í viðkomandi þriðja landi deili undirliggjandi upplýsingum um grunsamleg viðskipti með lánastofnuninni eða fjármálastofnuninni, tilgreini þær upplýsingar sem veita vissu, vekja grun eða eru gildar ástæður til grunsemda um að tilraun til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka hafi átt sér stað, svo sem um málsatvik, viðskipti, kringumstæður og skjöl sem vekja grunsemdir, þ.m.t. persónuupplýsingar að því marki sem það er heimilt samkvæmt lögum þriðja landsins,
- h) láti hert viðvarandi eftirlit með viðskiptavini og eftir atvikum raunverulegum eiganda viðskiptavinar útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðja landinu fara fram sem vitað er að hafi komið að grunsamlegum viðskiptum sem aðrar einingar hafa tilgreint innan sömu samstæðu,
- i) tryggja að í útibúum þeirra og dótturfélögum í meirihlutaeigu með staðfestu í viðkomandi þriðja landi séu til staðar skilvirk kerfi og eftirlit til að bera kennsl á og tilkynna um grunsamleg viðskipti,
- j) tryggja að útibú þeirra eða dótturfélög í meirihlutaeigu með staðfestu í viðkomandi þriðja landi haldi áhættulýsingu og upplýsingum sem fást með áreiðanleikakönnun varðandi viðskiptavini útibús eða dótturfélags í meirihlutaeigu með staðfestu í því þriðja landi uppfærðum eins lengi og heimilt er lögum samkvæmt og a.m.k. á meðan viðskiptasambandið varir.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. september 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/147****2020/EES/74/03****frá 3. febrúar 2020**

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuruakefni fyrir fráfarugrúsi, gyltur (í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrúsi) og mjólkurkúr og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1288/2004 og (EB) nr. 1811/2005 (leyfishafi er S.I. Lesaffre) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 3) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 (áður *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47) var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuruakefni fyrir fráfarugrúsi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 ⁽³⁾, fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 ⁽⁴⁾ og fyrir mjólkurkúr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005 ⁽⁵⁾. Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuruakefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 (áður *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47) sem fóðuruakefni fyrir fráfarugrúsi, gyltur og mjólkurkúr. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. janúar 2019 ⁽⁶⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt afurðasemi hjá fráfarugrúsum og gyltum í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrúsi. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi í tveimur rannsóknnum sýnt jákvæð áhrif á afurðasemi hjá mjólkurkúum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun um lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuruakefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Þar eð þegar hefur verið sýnt fram á getu aukefnisins til að bæta afurðasemi hjá öðrum jörturdýrum til mjólkurframleiðslu, s.s. mjólkurhuðnum, mjólkurám og mjólkandi bufflum, var talið að niðurstöður úr framlögðum tveimur rannsóknnum í lífi uppfylltu skilyrðin til að sýna fram á skilvirkni hjá mjólkurkúum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 31, 4.2.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjútíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjútíð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjútíð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005 frá 4. nóvember 2005 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekna aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjútíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 12).

(6) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5600.

- 7) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að breyta ætti reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1288/2004 og (EB) nr. 1811/2005 til samræmis við það.
- 9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2148/2004 fellur færslan E 1702 um *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47 brott.

3. gr.

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1288/2004 fellur færslan E 1702 um *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47 brott.

4. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1811/2005 fellur færslan E 1702 um *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47 brott.

5. gr.

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 24. ágúst 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppunar.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1702	S.I. Lesaffre	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-4407	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-4407 sem inniheldur að lágmarki 5×10^9 CFU/g aukefnis</p> <p>Fast form</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-4407</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (1)</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfeníköldextrósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009).</p> <p>Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) CEN/TS 15790:2008.</p>	Fráfærugrísir	—	5×10^9		<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hita-meðhöndlun. Nota skal aukefnið í fóður fyrir gyltur í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrísi. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarnvörn. 	24.2.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/228****2020/EES/74/04****frá 19. febrúar 2020****um leyfi fyrir erýtrósíni sem fóðuruakefni fyrir hunda og ketti (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Erýtrósín, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuruakefni fyrir skrautfiska undir fyrirsögninni „aðrir litgjafar“. Það var einnig leyft án tímamarka sem fóðuruakefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“ fyrir hunda og ketti undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuruakefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á erýtrósíni sem fóðuruakefni fyrir skrautfiska og fyrir hunda og ketti. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 óskaði umsækjandinn einnig eftir leyfi fyrir erýtrósíni sem fóðuruakefni fyrir nýja notkun hjá skriðdýrum og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „litgjafar“. Umsækjandinn dró nýlega umsóknina til baka að því er varðar skrautfiska og skriðdýr. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 16. nóvember 2011 ⁽³⁾, 8. september 2015 ⁽⁴⁾ og 3. apríl 2019 ⁽⁵⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi erýtrósín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að svörun húðar, þ.m.t. ljósnæmi, roðahúð og hreistrun hafi tengst erýtrósíni og að váhrif á neðri öndunarveg teljist hættuleg fyrir notanda aukefnisins. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 47, 20.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2447.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(9), 4233.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5699.

einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ⁽⁶⁾ var í I. áfanga mats á umhverfisáhrifum ákveðið að erýtrósín, sem aukefni sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, sé undanþegið frekara mati vegna þess að ólíklegt er að umhverfið verði fyrir verulegum áhrifum, þar eð Matvælaöryggisstofnunin hefur í framangreindu álitu sínu ekki tilgreint nein vísindaleg gögn sem gefa tilefni til áhyggna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi efni sé áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður og bæti lit skrautfiska. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á erýtrósíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fóðurefni og fóðurlöndur, sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. mars 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjútíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a127	Erytrósín	<p>Samsetning aukefnis: Lýsingin á erytrósíni á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt.</p> <p>Fast form</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins sem natríumsalt: Erytrósín samanstendur aðallega af dínatríum-2-(2,4,5,7-tetrajóðó-3-oxídó-6-oxóxanten-9-ýl)bensóatmónóhýdrati og öðrum litunarefnum ásamt vatni, natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.</p> <p>Efnaformúla: $C_{20}H_{14}Na_2O_5 \cdot H_2O$</p> <p>CAS-númer: 16423-68-0</p> <p>Fast form, framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleikaskilyrði</p> <ul style="list-style-type: none"> — Litunarefni alls, reiknað sem vatnsfrítt natríumsalt $\geq 87\%$ (greining), — Ólífræn jodíð $\leq 0,1\%$ (reiknuð sem natríumjodíð) — Vatnsóleysanlegt efni $\leq 0,2\%$ — Önnur litunarefni (nema flúrskinslausn) $\leq 4,0\%$ — Flúrskinslausn ≤ 20 mg/kg — Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni: <ul style="list-style-type: none"> — Trijóðóresorsínól $\leq 0,2\%$ — 2-(2,4-díhýdroxý-3,5-díjóðóbensóýl)bensósýra $\leq 0,2\%$ 	Hundar Kettir	- -	- -	16 13	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 	11.3.2030

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		<p>— Efni sem er útdraganlegt í etra $\leq 0,2\%$ úr lausn með pH-gildi frá 7 til og með 8</p> <p>Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Til að magnákværða erytrósín í fóðuraukefninu: — litrófsmæling við 526 nm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 vísar í lýsingu efnis nr .1 (4. bindi) frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum)</p> <p>Til að magnákværða erytrósín í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)</p>						

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/229****2020/EES/74/05****frá 19. febrúar 2020****um leyfi fyrir L-trýptófani sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80135, *Escherichia coli* KCCM 80152, *Escherichia coli* CGMCC 7.248 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80176. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar (EB).
- 3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80135, *Escherichia coli* KCCM 80152, *Escherichia coli* CGMCC 7.248 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80176, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 22. janúar 2019 ⁽²⁾, 2. apríl 2019 ⁽³⁾, 3. apríl 2019 ⁽⁴⁾ og 16. maí 2019 ⁽⁵⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80135, *Escherichia coli* KCCM 80152, *Escherichia coli* CGMCC 7.248 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80176, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra sem eru ekki jörturdýr, öryggi neytenda eða á umhverfið. Til að vera öruggt fyrir jörturdýr ætti að verja L-trýptófan gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá áhættu fyrir notendur aukefnisins við innöndun vegna inneitursinnihalds L-trýptófans sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80152 og *Escherichia coli* CGMCC 7.248. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin taldi L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80135, *Escherichia coli* KCCM 80152, *Escherichia coli* CGMCC 7.248 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80176, áhrifaríkan gjafa lífsnauðsynlegu amínósýrunnar trýptófans fyrir dýr sem eru ekki jörturdýr; til að viðbætt L-trýptófan hafi full áhrif hjá jörturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuruakefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 80135, *Escherichia coli* KCCM 80152, *Escherichia coli* CGMCC 7.248 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80176, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 47, 20.2.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(2), 5601.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5694.

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5695.

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5729.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hlíðstæð efni.

3c441	-	L-trýptófan	<p>Samsetning aukefnis: Duft með a.m.k. 98% af L-trýptófani (miðað við þurrt efni). Hámarksinnihald 10 mg/kg 1,1'-etýlíden-bis-L-trýptófan (EBT).</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins: L-trýptófan sem er framleitt með gerjun með <i>Escherichia coli</i> KCCM 80135 eða <i>Escherichia coli</i> KCCM 80152 eða <i>Escherichia coli</i> CGMCC 7.248 eða <i>Corynebacterium glutamicum</i> KCCM 80176. Efnaformúla: C₁₁H₁₂N₂O₂ CAS-nr.: 73-22-3</p> <p>Greiningaraðferðir ⁽²⁾: Til að sanngreina L-trýptófan í fóðurukefninu: — Food Chemical Codex „L-tryptophan monograph“. Til að ákvarða trýptófan í fóðurukefninu og forblöndum: — Háþrýstivöskviljun með flúrskinsgreiningu (HPLC-FLD) – EN ISO 13904 Til að ákvarða trýptófan í fóðurböndum og fóðurefnum:</p>	Allar tegundir	-	-	-	<ol style="list-style-type: none"> Setja má L-trýptófan á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1600 IU af inneitri/m³ andrúmslofts ⁽¹⁾. L-trýptófan má nota í drykkjarvatn. Að því er varðar jörturdýr skal L-trýptófan vera varið gegn niðurbroti í vömb. Tilgreina skal rakainnihald aukefnisins á merkimiða. 	11.3.2030
-------	---	-------------	--	----------------	---	---	---	--	-----------

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p>— Háþrýstivökvaskiljun með flúrskinsgreiningu (HPLC-FLD) – Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (G-hluti III. viðauka)</p> <p>Til að ákvarða trýptófan í vatni:</p> <p>— Háþrýstivökvaskiljun með flúrskinsgreiningu (HPLC-FLD)</p>					<p>7. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Þegar L-trýptófani er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnaðsynlegra aminosýra til að forðast ójafnvægi.“</p>	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

(2) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4705), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinnéitur).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/238****2020/EES/74/06****frá 20. febrúar 2020****um leyfi fyrir L-þreóníni sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80117 eða með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80118, sem fóðuruakefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80117 eða með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80118, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 22. janúar 2019 ⁽²⁾ ⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-þreónín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80117 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80118, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-þreóníns fyrir allar dýrategundir og til að aukefnið sé jafn áhrifaríkt fyrir jörturdýr og dýr sem ekki eru jörturdýr ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuruakefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á L-þreóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80117 og með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80118, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 48, 21.2.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(2), 5602.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5603.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni.									
3c410	—	L-þreónín	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Duft með a.m.k. 98% af L-þreóníni (miðað við þurr efn).</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> L-þreónín sem er framleitt með gerjun með <i>Corynebacterium glutamicum</i> KCCM 80117 eða <i>Corynebacterium glutamicum</i> KCCM 80118 Efnafornúla: C₄H₉NO₃ CAS-númer: 72-19-5.</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða L-þreónín í fóduraukefninu: — Food Chemical Codex „L-threonine monograph“ og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180. Til að ákvarða þreónín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17180 og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka). Til að ákvarða þreónín í fódurblöndum og fódurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS): Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III viðauka). Til að ákvarða þreónín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD).</p>	Allar tegundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Setja má L-þreónín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. L-þreónín má nota í drykkjarvatn. 3. Tilgreina skal rakainnihald aukefnisins á merkimiða. 4. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-þreóníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálf-nauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ 	12.3.2030

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/196**

2020/EES/74/07

frá 13. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og skrautfugla og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 1096/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 843/2012 (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.
- 2) Endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, var leyfður til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 ⁽²⁾, fyrir endur og eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 ⁽³⁾ og fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 843/2012 ⁽⁴⁾.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og skrautfugla og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 27. febrúar 2019 ⁽⁵⁾ að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin lýsti því yfir að aukefnið væri öruggt fyrir marktegundir, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hugsanlegur húð- og öndunarfarænanæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 frá 26. nóvember 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa (Natugrain Wheat TS) sem aukefni í fóðri (Stjtuð. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 frá 16. nóvember 2009 um að leyfa ensímböndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um leyfi fyrir nýrri notkun á þessari blöndu sem fóðuraukefni fyrir endur (leyfishafi er BASF SE) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1458/2005 (Stjtuð. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 843/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fóðuraukefni fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (Stjtuð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 23).

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5652.

- 5) Mat á endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Af endurnýjun leyfis fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, leiðir að fella ætti reglugerðir (EB) nr. 1380/2007, (EB) nr. 1096/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 843/2012 úr gildi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 1380/98, (EB) nr. 1096/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 843/2012 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni

4a62	BASF SE	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	<p>Samsetning aukefnis Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 600 TXU (1)/g Vökvaform: 5 600 TXU/ml</p>	Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	—	560 TXU	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarnöfn.</p>	5.3.2030
			<p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Endó-1,4-betaxýlanasi sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713)</p>	Eldiskjúklingar Skrautfuglar Aukafuglategundir, aðrar en varpfuglar	—	280 TXU	—		
			<p><i>Greiningaraðferð</i> (2) Seigjumælingaraðferð sem byggist á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínóxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55 °C</p>						

(1) 1 TXU er það magn ensíms sem leysir 5 míkrómól afoxandi sykra (xýlósafngilda) á mínútu úr arabínóxýlani úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/197****2020/EES/74/08****frá 13. febrúar 2020****um leyfi fyrir allúrarauðu AC sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾:
- 2) Allúrarautt AC var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, fyrir hunda og ketti undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á allúrarauðu AC sem fóðuraukefni fyrir hunda og ketti. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 24. apríl 2012 ⁽³⁾ 15. maí 2013 ⁽⁴⁾ og 20. október 2015 ⁽⁵⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi allúrarautt AC ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta ætti á efnið sem hugsanlega skaðlegt fyrir notanda aukefnisins vegna váhrifa á húð, augu eða við innöndun. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ⁽⁶⁾ var í I. áfanga mats á umhverfisáhættu ákveðið að allúrarautt AC, sem aukefni sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manna, sé undanþegið frekara mati vegna þess að ólíklegt er að umhverfið verði fyrir verulegum áhrifum, þar eð Matvælaöryggisstofnunin hefur í framangreindum álitum sínum ekki tilgreint nein vísindaleg gögn sem gefa tilefni til áhyggna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aukefni sé áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á allúrarauðu AC sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2675.

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3234.

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4270.

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fóðurefni og fóðurlöndur, sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. i. efni sem gefa fódri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit

2a129	Allúrarautt AC	<i>Samsetning aukefnis</i>	Kettir	-	-	308	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	5.3.2030
		<p>Lýsingin á allúrarauðu AC á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt.</p> <p>Fast form (duft eða korn)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins sem natríumsalt</i></p> <p>Allúrarautt AC samanstendur aðallega af dínatríum-2-hýdroxý-1-(2-metoxý-5-metýl-4-súlfonatófenýlasó) naftalín-6-súlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum.</p> <p>Kalsíum- og kálíumsöltin eru einnig leyfileg</p> <p>Fast form (duft eða korn), framleitt með efnasmíði</p> <p>Efnaformúla: $C_{18}H_{14}N_2Na_2O_8S_2$</p> <p>CAS-númer: 25956-17-6</p> <p>Hreinleikaskilyrði</p> <p>Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt (greining)</p> <p>Vatnsóleysanlegt efni: $\leq 0,2\%$</p> <p>Önnur litunarefni: $\leq 3\%$</p> <p>Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> — 6-hýdroxý-2-naftalínsúlfónsýra, natríumsalt: $\leq 0,3\%$ — 4-amínó-5-metoxý-2-metýlbensensúlfónsýra: $\leq 0,2\%$ — 6,6-oxýbis (2-naftalínsúlfónsýra)-dínatríumsalt: $\leq 1\%$ 	Hundar	-	-	370		

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		<p>Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amin: $\leq 0,01\%$ (reiknuð sem anilín)</p> <p>Efni sem er útdraganlegt í eter: $\leq 0,2\%$ úr lausn með pH-gildið 7</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að magnávarða allúrarautt AC í fóðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — litrófsmæling við 504 nm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 sem vísar í lýsingu efnis nr .1 (4. bindi) frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganevnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum) — Til að magnávarða allúrarautt AC í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS) 						

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1341****2020/EES/74/09****frá 28. september 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar gildistíma tímabundinna
ráðstafana(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 141. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. mælt fyrir um reglur um framkvæmd lögbærra yfirvalda aðildarríkja á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja, með framkvæmdargerð, viðeigandi tímabundnar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra ef hún hefur sannanir fyrir alvarlegri röskun á eftirlitskerfi aðildarríkis.
- 2) Til að takast á við hinar sérstöku aðstæður vegna yfirstandandi hættuástands í tengslum við kórónaveirusjúkdóminn (COVID-19) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ⁽²⁾ aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum í tengslum við opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi.
- 3) Aðildarríki hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að tiltekin alvarleg röskun á starfsemi eftirlitskerfa þeirra í ljósi hættuástandsins í tengslum við COVID-19, erfiðleikar við að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi varðandi opinber vottorð og opinberar vottanir að því er varðar tilflutning á dýrum og vörum inn í Sambandið og innan Sambandsins og erfiðleikar við að skipuleggja fundi í eigin persónu með rekstraraðilum og starfsfólki þeirra í tengslum við opinbert eftirlit haldi áfram fram yfir 1. október 2020. Til að takast á við þessa alvarlegu röskun, sem líklegt er að haldi áfram á komandi mánuðum, og til að auðvelda skipulagningu og framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi meðan hættuástandið í tengslum við COVID-19 stendur yfir ætti að framlengja gildistíma framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466 til 1. febrúar 2021.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020“ í annarri málsgrein 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466 kemur dagsetningin „1. febrúar 2021“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 314, 29.9.2020, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjttíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. október 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/239**

2020/EES/74/10

frá 20. febrúar 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 901/2014 að því er varðar aðlögun sniðmáta fyrir gerðarviðurkenningaraðferðir í tengslum við ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól að kröfum um umhverfisþreppin Euro 5 og Euro 5+ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 27. gr., 4. mgr. 29. gr., 1. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt kröfunum sem innleiddar eru með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/129 ⁽²⁾ að því er varðar beitingu umhverfisþreppsins Euro 5 fyrir ökutæki í L-flokki verða tilteknir flokkar ökutækja að uppfylla viðbótartæknikröfur frá og með tilteknum dagsetningum. Aðrir undirflokkar eru undanþegnir eða þurfa að uppfylla tilteknar kröfur seinna en upprunalega sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.
- 2) Aðlaga ætti stjórnáskilningum fyrir gerðarviðurkenningar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 901/2014 ⁽³⁾ í ljósi þeirra breytinga sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/129 til að auðvelda gerðarviðurkenningarferlið og til að auðvelda landsbundnum yfirvöldum að sannreyna reglufylgni við kröfurnar um umhverfisþreppin Euro 5 og Euro 5+ sem eru í gildi á tiltekinni dagsetningu.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 901/2014 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 901/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) eftirfarandi 12. gr. a bætist við:

*„12. gr. a***Umbreytingarákvæði**

1. Fram til 30. júní 2020 skulu landsbundin yfirvöld halda áfram að veita gerðarviðurkenningar fyrir gerðir ökutækja í samræmi við þessa reglugerð í þeirri útgáfu sem var í gildi 11. mars 2020.
2. Fram til 31. desember 2020 skulu aðildarríkin heimila að setja á markað, skrá og að taka í notkun ökutæki sem byggjast á gerð ökutækis sem samþykkt er í samræmi við þessa reglugerð í þeirri útgáfu sem var í gildi 11. mars 2020.“
- 2) Ákvæðum I., IV., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 48, 21.2.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/129 frá 16. janúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar beitingu Euro 5-þreppsins við gerðarviðurkenningu ökutækja á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, p. 106).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 901/2014 frá 18. júlí 2014 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar stjórnáskilningum um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 249, 22.8.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

i. í 1. lið bætist eftirfarandi liður 1.4 við:

„1.4. Ökutæki og gerðir ökutækja skulu teljast uppfylla umhverfisþrep Euro 5 eða umhverfisþrep Euro 5+ í samræmi við eftirfarandi töflu:

Greining umhverfisþrepa Euro 5 og Euro 5+ fyrir ökutæki í L-flokki

(undir)flokkur	Skyldubundið frá og með: 1.1.2020 fyrir nýjar gerðir ökutækja 1.1.2021 fyrir fyrirleggjandi gerðir ökutækja	Umhverfis- þrep	Skyldubundið frá og með: 1.1.2024 fyrir nýjar gerðir ökutækja 1.1.2025 fyrir fyrirleggjandi gerðir ökutækja	Umhverfis- þrep
L1e	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5
	prófanir I, IV & V: Euro 5		prófanir I, IV & V: Euro 5	
L2e (aðrir en L2e-U)	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5
	prófanir I, IV & V: Euro 5		prófanir I, IV & V: Euro 5	
L2e-U	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5+
	prófun I: Euro 4		prófun I: Euro 5	
	prófanir IV & V: Euro 5		prófanir IV & V: Euro 5	
L3e (aðrir en torfæru- og klifurhjólaflokkar), L4e, L5e-A og L7e-A	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5+
	a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B1 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og		a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B2 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og	
	b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.		b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.	
	Innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga sem vaktar og veitir upplýsingar um bilanir og niðurbrot í mengunarvarnarkerfi (að undanskilinni vöktun hvata) og veitir upplýsingar þegar:		Innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga sem vaktar og veitir upplýsingar um bilanir og niðurbrot í mengunarvarnarkerfi og veitir upplýsingar þegar:	
	farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B1 í VI. Viðauka við reglugerð nr. 168/2013.		farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B2 í VI. viðauka (B2) við reglugerð nr. 168/2013.	
prófanir I, IV & V: Euro 5	prófanir I, IV & V: Euro 5			

(undir)flokkur	Skyldubundið frá og með: 1.1.2020 fyrir nýjar gerðir ökutækja 1.1.2021 fyrir fyrirleggjandi gerðir ökutækja	Umhverfis- þrep	Skyldubundið frá og með: 1.1.2024 fyrir nýjar gerðir ökutækja 1.1.2025 fyrir fyrirleggjandi gerðir ökutækja	Umhverfis- þrep
Torfæru- flokkur L3e- AxE og klifurhjóla- flokkur L3e- AxT	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5+
	a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B1 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og		a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B2 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og	
	b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.		b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.	
	prófun I: Euro 4		prófun I: Euro 5	
	prófanir IV & V: Euro 5		prófanir IV & V: Euro 5	
L5e (aðrir en L5e-A) og L7e (aðrir en L7e-A)	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5	Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásam og rafeindabúnaði og veitir upplýsingar þegar:	Euro 5+
	a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B1 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og		a) farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins í hluta B2 í VI. viðauka við reglugerð nr. 168/2013 og	
	b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.		b) vinnumáti dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.	
	prófanir I, IV & V: Euro 5		prófanir I, IV & V: Euro 5	
L6e aðrir en L6e-U	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5
	prófanir I, IV & V: Euro 5		prófanir I, IV & V: Euro 5	
L6e-B	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5	ekki gerð krafa um innbyggt greiningarkerfi	Euro 5+ ^{cc} ,
	prófun I: Euro 4		prófun I: Euro 5	
	prófanir IV & V: Euro 5		prófanir IV & V: Euro 5	

ii. eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2.8:

— í stað gagnafærslu 4.0.1 í upplýsingaskjalinu kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	L1e – L7e	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (4) ^{cc}
---------	-----------	--

— eftirfarandi gagnafærsla 7.6.3.5 í upplýsingaskjalinu bætist við á eftir gagnafærslu 7.6.3.4 í upplýsingaskjalinu:

„7.6.3.5.	L3e – L7e ⁽¹⁰⁾	Lýsing á þeim staðalstillingum sem ökumaður getur þurft að fást við ef upp kemur ETC-bilun ^{cc}
-----------	---------------------------	--

b) í stað gagnafærslu 4.0.1 í upplýsingaskjalinu í 3. viðbæti kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	L1e – L7e	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (4)“
---------	-----------	-------------------------------------

c) í stað gagnafærslu 4.0.1 í upplýsingaskjalinu í 6. viðbæti kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	L1e – L7e	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (4)“
---------	-----------	-------------------------------------

d) í stað gagnafærslu 4.0.1 í upplýsingaskjalinu í 7. viðbæti kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	L1e – L7e	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (4)“
---------	-----------	-------------------------------------

e) í stað gagnafærslu 4.0.1 í upplýsingaskjalinu í 8. viðbæti kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	L1e – L7e	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (4)“
---------	-----------	-------------------------------------

2) í stað liðar 4.0.1 í 2. hluta 1. viðbætis í IV. viðauka kemur eftirfarandi:

„4.0.1.	Umhverfisþrep: Euro (3/4/5/5+) (1)“
---------	-------------------------------------

3) töflu 1 í 5. lið í VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi línu er bætt við eftir línuna varðandi „Kerfi: losun frá hreyflum (Euro 5)“

„Kerfi: losun frá hreyflum (Euro 5+)“	134/2014	A3“
---------------------------------------	----------	-----

b) í stað línanna varðandi „Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga: liðir 1.8.1 og 1.8.2 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013)“ og „Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: liður 1.8.3 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013)“:

„Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga: liður 1.8.1 til 1.8.2 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 168/2013 í þeirri útgáfu sem var í gildi 19.2.2019)“	134/2014	C1
Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: liður 1.8.3 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 168/2013 í þeirri útgáfu sem var í gildi 19.2.2019)	134/2014	C2“

c) eftirfarandi línur er bætt við eftir línuna varðandi „Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: liður 1.8.3 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 168/2013)“:

„Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga: liður 1.8.3 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013)“	134/2014	C3
Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: liður 1.8.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013)	134/2014	C5
Kerfi: innbyggt greiningarkerfi fyrir umhverfisþætti (innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: liður 1.8.5 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013)	134/2014	C6“

4) ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.2.1.1.2 kemur eftirfarandi:

„2.2.1.1.2. Umhverfisþrep prófunarökutækisins: Euro 3, Euro 4, Euro 5, Euro 5+ ⁽³⁾ ⁽⁴⁾“,

b) lið 2.2.1.9.3 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„2.2.1.9.3. Umhverfisniðurstöður prófunar VIII (hluti B1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013) ⁽³⁾“,

ii. töflu 5-11 er breytt sem hér segir:

— í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Tafla 5-11

Viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins (hluti B1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013) og umhverfisniðurstöður prófunar ef bilun á sér stað“,

— dálkarnir sem varða „ökutækjaflokkur L6e-A“ falla brott,

c) töflu 5-7 í lið 2.2.1.6.3.3.2 er breytt sem hér segir:

i. í stað textans í öðrum reit línunnar varðandi TR_{TV1x}⁽ⁱⁱ⁾ kemur:

„x^(v) km“,

ii. eftirfarandi skýringar bætist við:

„v. í stað x kemur 100, 2 500, eða 3 500 í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í c-lið 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.“,

d) lið 2.2.1.9.4 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„2.2.1.9.4. Umhverfisniðurstöður prófunar VIII (hluti B2 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013) ⁽³⁾“,

ii. töflu 5-12 er breytt sem hér segir:

— í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Tafla 5-12

Viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins (hluti B2 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013) og umhverfisniðurstöður prófunar ef bilun á sér stað“,

— í stað textans í fyrsta reit línunnar varðandi ökutækjaflokk L3e – L7e kemur:

„3e, L4e, L5e og L7e“.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2093****2020/EES/74/11****frá 29. nóvember 2019****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar greiningu á 3-mónóklóróprópan-1,2-díól
(3-MCPD) fitusýruestrum, glýsídýlfitusýruestrum, perklórati og akrýlamíði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 ⁽²⁾ er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem skal nota vegna opinbers eftirlits með innihaldi tiltekinna aðskotaefna í matvælum.
- 2) Leyfileg hámarksgildi fyrir 3-mónóklóróprópan-1,2-díól (3-MCPD) fitusýruestra, glýsídýlfitusýruestra og perklórát í matvælum voru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽³⁾. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 ⁽⁴⁾ var komið á mildandi ráðstöfunum og viðmiðunarmörkum til að draga úr tilvist akrýlamíðs í tilteknum flokkum matvæla.
- 3) Með reglugerð (EB) nr. 333/2007 var komið á sértækum nothæfisviðmiðum, sem fullgiltar greiningaraðferðir fyrir aðskotaefni í matvælum þurfa að uppfylla, sem er beitt á viðkomandi evrópskum rannsóknarstofum. Af þessum sökum þykir rétt að mæla fyrir um sértækar nothæfisviðmiðanir í reglugerð (EB) nr. 333/207 sem greiningaraðferðin til að hafa eftirlit með hámarksgildum 3-MCPD fituestra, glýsídýlfituestra, perklórats og akrýlamíðs í matvælum þarf að uppfylla.
- 4) Tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum hafa unnið leiðbeiningarskjal um mat á greiningarmörkum (LOD) og magngreiningarmörkum (LOQ) til mælinga á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum ⁽⁵⁾. Af þessum sökum þykir rétt að aðlaga skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 333/2007 sem tengjast greiningarmörkum og magngreiningarmörkum.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 333/2007 til samræmis við það.
- 6) Reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019. Þessi reglugerð skal því koma til framkvæmda frá og með sama degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum (Stjttíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 frá 20. nóvember 2017 um að koma á mildandi ráðstöfunum og viðmiðunarmörkum til að draga úr tilvist akrýlamíðs í matvælum (Stjttíð ESB L 304, 21.11.2017, bls. 24).

(5) „Guidance Document on the Estimation of LOD and LOQ for Measurements in the Field of Contaminants in Feed and Food, JRC Technical Reports EUR 28099 EU (2016).“ Aðgengilegt á: http://publications.jrc.ec.europa.eu/repository/bitstream/JRC102946/eur%2028099%20en_lod%20loq%20guidance%20document.pdf

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sýnataka og greining vegna eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, ólífræns arsens, 3-mónóklóróprópan-1,2-díóls (3-MCPD), 3-MCPD fitusýruestra, glýsídýlfitusýruestra, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og perklórats, sem eru skráð í 3., 4., 6. og 9. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, og vegna eftirlits með innihaldi akrýlamíðs í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 (*) skal fara í samræmi við viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 frá 20. nóvember 2017 um að koma á mildandi ráðstöfunum og viðmiðunarmörkum til að draga úr tilvist akrýlamíðs í matvælum (Stjtið ESB L 304, 21.11.2017, bls. 24).“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað skilgreininga á greiningarmörkum og magngreiningarmörkum í lið C.3.1 „Skilgreiningar“ kemur eftirfarandi:

„LOD“ = Greiningarmörk, minnsta, mælda innihald sem hægt er að sanna með viðunandi, tölfræðilegri vissu að inniheldur greiniefnið.

„LOQ“ = Magngreiningarmörk, minnsta innihald greiniefnis sem hægt er að mæla með viðunandi, tölfræðilegri vissu.“

- 2) Í stað b-liðar í lið C.3.3.1 „Nothæfisviðmiðanir“ kemur eftirfarandi:

„b) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir 3-mónóklóróprópan-1,2-díól (3-MCPD), 3-MCPD fitusýruestra og glýsídýlfitusýruestra:

- Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir 3-MCPD í matvælum sem tilgreind eru í lið 4.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Tafla 6a

Mælipáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í lið 4.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Vettvangseyðusýni	Mínna en LOD
Endurtekningarnákvæmni (RSD _r)	0,66 sinnum RSD _R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD _R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	75–110%
Greiningarmörk (LOD)	≤ 5 µg/kg (miðað við þurrt efni)
Magngreiningarmörk (LOQ)	≤ 10 µg/kg (miðað við þurrt efni)

- Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir 3-MCPD í matvælum sem tilgreind eru í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Tafla 6b

Mælipáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Vettvangseyðusýni	Mínna en LOD
Endurtekningarnákvæmni (RSD _r)	0,66 sinnum RSD _R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD _R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	75–110%
Greiningarmörk (LOD)	≤ 7 µg/kg
Magngreiningarmörk (LOQ)	≤ 14 µg/kg

- Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir 3-MCPD fitusýruestra, gefnir upp sem 3-MCPD, í matvælum sem tilgreind eru í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Tafla 6c

Mæliþáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Endurtekningarnákvæmni (RSD_T)	0,66 sinnum RSD_R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD_R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	70–125%
Greiningarmörk (LOD)	Þrjú tíundu hlutar af magngreiningarmörkum
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.3.1 og 4.3.2	$\leq 100 \mu\text{g/kg}$ í olfum og fitu
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.3.3 og 4.3.4 með fituinnihald sem nemur $< 40\%$	\leq tveir fimmtu hlutar af ML
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.3.4 með fituinnihald sem nemur $\geq 40\%$	$\leq 15 \mu\text{g/kg}$ fitu

- Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir glýsídýlfitusýruestra, gefnir upp sem glýsídól, í matvælum sem tilgreind eru í lið 4.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Tafla 6d

Mæliþáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í lið 4.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Endurtekningarnákvæmni (RSD_T)	0,66 sinnum RSD_R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD_R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	70–125 %
Greiningarmörk (LOD)	Þrjú tíundu hlutar af magngreiningarmörkum
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.2.1 og 4.2.2	$\leq 100 \mu\text{g/kg}$ í olfum og fitu
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.2.3 með fituinnihald sem nemur $< 65\%$ og í 4.2.4 með fituinnihald sem nemur $< 8\%$	\leq tveir fimmtu hlutar af ML
Magngreiningarmörk (LOQ) fyrir matvæli sem tilgreind eru í 4.2.3 með fituinnihald sem nemur $\geq 65\%$ og í 4.2.4 með fituinnihald sem nemur $\geq 8\%$	$\leq 31 \mu\text{g/kg}$ fitu“

3) Í stað d-liðar, „Athugasemdir varðandi nothæfisviðmiðanir“, í lið C.3.3.1, „Nothæfisviðmiðanir, kemur eftirfarandi:

„d) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir akrýlamíð:

Tafla 8

Mælipáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Öll matvæli
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Vettvangseyðusýni	Undir greiningarmörkum (LOD)
Endurtekningarnákvæmni (RSD_F)	0,66 sinnum RSD_R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD_R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	75–110%
Greiningarmörk (LOD)	Þrjár tíundu hlutar af magngreiningarmörkum
Magngreiningarmörk (LOQ)	Fyrir matvæli með viðmiðunarmörk < 125 µg/kg: ≤ tveir fimmtu hlutar af viðmiðunarmörkum, þó er ekki gerð krafa um minna en 20 µg/kg Fyrir matvæli með viðmiðunarmörk ≥ 125 µg/kg: ≤ 50 µg/kg“

4) Í lið C.3.3.1, „Nothæfisviðmiðanir“ er eftirfarandi e- og f-liðum bætt við:

„e) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir perklórat:

Tafla 9

Mælipáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Öll matvæli
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Endurtekningarnákvæmni (RSD_F)	0,66 sinnum RSD_R samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD_R)	samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	70–110%
Greiningarmörk (LOD)	Þrjár tíundu hlutar af magngreiningarmörkum
Magngreiningarmörk (LOQ)	≤ tveir fimmtu hlutar af ML

f) Athugasemdir varðandi nothæfisviðmiðanir:

Horwitz-jafnan (*) (fyrir styrk $1,2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0,138$) og breytta Horwitz-jafnan (**) (fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$) eru almennar samkvæmnisjöfnur sem eru óháðar greiniefni og efniviði en eru einungis háðar styrkleikanum að því er varðar flestar venjubundnar greiningaraðferðir.

Breytt Horwitz -jafna fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$:

$$RSD_R = 22\%$$

þar sem:

- RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(s_R/x) \times 100]$
- C er styrkhlutfallið (þ.e. $1 = 100\text{g}/100\text{g}$, $0,001 = 1\ 000\ \text{mg}/\text{kg}$). Breytta Horwitz-jafnan á við um styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$.

Horwitz-jafnan fyrir styrk $1,2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0,138$:

$$RSD_R = 2C^{(-0,15)}$$

þar sem:

- RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(s_R/x) \times 100]$
- C er styrkhlutfallið (þ.e. $1 = 100\text{g}/100\text{g}$, $0,001 = 1\ 000\ \text{mg}/\text{kg}$). Horwitz-jafnan á við um styrk $1,2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0,138$.

(*) W. Horwitz, L.R. Kamps, K.W. Boyer, J.Assoc.Off.Analy.Chem.,63, 1980, 1344-1354.

(**) M. Thompson, Analyst, 125, 2000, 385-386.“

5) Í lið C.3.3.2, „Markmiðshæfisnágun“, í stað orðanna „Tafla 8“ koma orðin „Tafla 10“.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1881****2020/EES/74/12****frá 8. nóvember 2019****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið díflúbensúrón með tilliti til
hámarksgildis leifa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.
- 2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽²⁾ eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.
- 3) Díflúbensúrón er þegar tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni fyrir laxfiska sem gildir um vöðva og roð.
- 4) Hinn 7. maí 2014 fór framkvæmdastjórnin fram á að Lyfjastofnun Evrópu gæfi út nýtt álit á díflúbensúróni í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 með tilliti til hugsanlegra erfðaeiturhrifa umbrotsefnis díflúbensúróns, 4-klóróanilíns, sem og til niðurstaðna úr nýrri mötum á díflúbensúróni sem varnarefni, sem voru unnin af Matvælaöryggisstofnun Evrópu ⁽³⁾, og sem sæfiefni, sem voru samhæfð af sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁴⁾.
- 5) Í álitinu sínu frá 7. maí 2015 komst dýralyfjanefndin að þeirri niðurstöðu að tilvist umbrotsefnis, sem skemmir erfðafni, hafi ekki verið staðfest í vöðvum fiska og samþykkti álit þar sem fram kemur að frekari gagna sé þörf um myndun og eyðingu 4-klóróanilíns í vöðvum fiska til að greina að fullu áhættuna, ef einhver er, í tengslum við váhrif á neytendur af völdum díflúbensúróns. Í skýrslum um líflyfjafræði díflúbensúróns, sem eru aðgengilegar öllum, kemur fram að 4-klóróanilín hafi fundist í sauðfé, svínnum og hænsnum sem minniháttar umbrotsefni. Á grundvelli þessa álits mælti Lyfjastofnun Evrópu með því að breyta núverandi færslu fyrir díflúbensúrón í laxfiskum í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 og að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa á meðan beðið er eftir viðbótargögnum um efnaleifar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 290, 11.11.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtuð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2870. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of confirmatory data submitted for the active substance Diflubenzuron“

(4) Matsskýrsla fyrir díflúbensúrón, aðgengileg á http://dissemination.echa.europa.eu/Biocides/ActiveSubstances/0062-18/0062-18_Assessment_Report.pdf

- 6) Eftir að hafa íhugað tilmæli Lyfjastofnunar Evrópu greindi framkvæmdastjórnin í mars 2017 frá því að með reglugerð (EB) nr. 470/2009 sé einungis leyft að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa í þeim tilvikum þegar vísindagögn eru ófullnægjandi og engin ástæða sé til að ætla að leifar efnisins, við þau mörk sem lögð eru til, stofni heilbrigði manna í hættu. Ef um er að ræða díflúbensúrón er hugsanlegt að umbrotsefnið 4-klóróanilín, sem skemmir erfðaeftni, finnist í meðhöndluðum fiski í magni sem gæti verið hættulegt fyrir heilbrigði manna og var því að mati framkvæmdastjórnarinnar ekki talið rétt að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa. Framkvæmdastjórnin lagði einnig áherslu á niðurstöður Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 2015 ⁽⁵⁾ að því er varðar notkun díflúbensúróns í plöntuverndarvörur þar sem bent var á að fyrirbyggjandi gögn væru ekki fullnægjandi til að sýna fram á öryggi dæmigerðrar notkunar fyrir neytendur. Af þessum ástæðum hvatti framkvæmdastjórnin dýrallyfjanefndina til að endurskoða álit sitt frá 7. maí 2015.
- 7) Hinn 15. mars 2018 samþykkti dýrallyfjanefndin endurskoðað álit sitt á fastsetningu hámarksgilda leifa fyrir díflúbensúrón ⁽⁶⁾. Á grundvelli þessa álits hefur Lyfjastofnun Evrópu mælt með því að breyta núverandi færslu fyrir díflúbensúrón í laxfiskum í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 og lækka hámarksgildi leifa. Hámarksgildi leifa er fastsett við 10 µg/kg til að tryggja að váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum 4-klóróanilíns haldist innan viðunandi marka.
- 8) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.
- 9) Lyfjastofnun Evrópu telur að óviðeigandi sé á þessum tímamarki að yfirfæra færsluna fyrir díflúbensúrón yfir á fiska vegna skorts á gögnum um að umbrotsefnið 4-klóróanilín myndist ekki í neinu marktæku magni í öllum viðkomandi tegundum.
- 10) Samkvæmt álitum dýrallyfjanefndarinnar og tilmælum Lyfjastofnunar Evrópu virðist nauðsynlegt, til að vernda heilbrigði manna, að lækka hámarksgildi leifa fyrir díflúbensúrón úr 1 000 µg/kg í 10 µg/kg.
- 11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 12) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara að nýju hámarksgildi leifa fyrir díflúbensúrón.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(12), 4222, „Peer review on the review of the approval of the active substance diflubenzuron regarding the metabolite PCA.“

⁽⁶⁾ EMA/CVMP/153976/2018, samantekið álit á hámarksgildi leifa fyrir díflúbensúrón, 16. mars 2018.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið díflúbensúrón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 kemur eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Díflúbensúrón	Díflúbensúrón	<i>Laxfiskar</i>	10 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/útsníklalyf ⁴

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/910****2020/EES/74/13****frá 30. júní 2020**

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1998, (ESB) 2019/103 og (ESB) 2019/1583 að því er varðar endurtilnefningu flugrekenda, rekstraraðila og eininga sem annast flugverndareftirlit vegna flugfarms og flugpósts sem kemur frá þriðju löndum sem og frestun tiltekinna krafna samkvæmt reglum að því er varðar netöryggi, bakgrunnsathugun, staðla um búnað til greiningar sprengiefnis og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni vegna COVID-19 heimsfaraldursins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (¹), einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hin hrikalegu áhrif sem yfirstandandi COVID-19 heimsfaraldurinn hefur á alþjóðlegt og evrópskt almenningsflug takmarka verulega getu aðildarríkja og Evrópusambandsins í heild til að viðhalda skilvirkri og hagkvæmri aðfangakeðju fyrir vörur sem koma frá þriðju löndum. Samfelld og óslitin farmþjónusta hefur grundvallarþýðingu fyrir Sambandið og skiptir meginmáli við afhendingu nauðsynjavara, þ.m.t. lyfja, lækningatækja, annarra efna og verslunarvara.
- 2) Regluverk Sambandsins á sviði verndar flugfarms og flugpósts sem er fluttur til Sambandsins frá þriðju löndum, eins og sett er fram í lið 6.8 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 (²), gerir þá kröfu að flugrekandi sem flytur flugfarm og flugpóst inn í Evrópusambandið sé tilnefndur fimmta hvert ár sem „flugrekandi sem flytur flugfarm eða flugpóst inn í Evrópusambandið frá flugvelli í þriðja landi“ (ACC3-flugrekandi) og þjónustuveitandi hans á jörðu niðri sé tilnefndur þriðja hvert ár sem „viðurkenndur umboðsaðili í þriðja landi með ESB-fullgildingunni flugverndar“ (RA3-umboðsaðili) eða „þekktur sendandi í þriðja landi með ESB-fullgildingunni flugverndar“ (KC3-sendandi).
- 3) ESB-fullgilding flugverndar í tengslum við tilnefningu ACC3-flugrekanda, RA3-umboðsaðila og KC3-sendanda gerir kröfu um, sem hluta af ferlinu, að ESB-matsmaður flugverndar heimsæki starfsstöð flugrekandans til að staðfesta skilvirka framkvæmd ráðstafanna.
- 4) Við yfirstandandi COVID-19 heimsfaraldurinn hafa heimsóknir á starfsstöðvar í tengslum við tilnefningar og endurtilnefningar flugrekenda og farmflytjenda í þriðju löndum orðið fyrir alvarlegum áhrifum og/eða hindrunum af völdum hlutlægra ástæðna sem flugrekendur eða rekstraraðilar bera ekki ábyrgð á eða hafa ekki stjórn á.
- 5) Gildistími fjölmargra tilnefninga sem ACC3-flugrekandi, RA3-umboðsaðili og KC3-sendandi rennur út á næstu mánuðum eða hefur þegar runnið út án þess að mögulegt sé að fara í nauðsynlegar heimsóknir á starfsstöðvar til að annast fullgildingar. Ef viðkomandi staða er ekki lengur fyrir hendi í Sambandinu mega slíkir rekstraraðilar ekki veita þjónustu sína lengur sem felst í því að tryggja starfsemi aðfangakeðju fyrir farm og póst sem er fluttur til Sambandsins frá þriðju löndum en við þær aðstæður verður ómögulegt að viðhalda nauðsynlegri starfsemi á þessum erfiðu tímum.
- 6) Nauðsynlegt er að grípa til bráðaráðstafana til að skapa viðeigandi lagagrundvöll í því skyni að hrinda í framkvæmd öðru og hraðvirku ferli fyrir ESB-fullgildingar flugverndar í tengslum við rekstraraðila aðfangakeðju fyrir farm og póst sem er fluttur til Sambandsins frá þriðju löndum og hefur orðið fyrir áhrifum af völdum núverandi ástands.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 208, 1.7.2020, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttð. EB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

(²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjttð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

- 7) Með framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2019/103 ⁽³⁾ og 2019/1583 ⁽⁴⁾, sem breyta báðar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, eru innleiddar kröfur samkvæmt reglum sem koma til framkvæmdar frá og með 31. desember 2020 á sviði bakgrunnsathugana fyrir starfsfólk almenningsflugs og netöryggis. Geta yfirvalda og rekstraraðila til að undirbúa tímanlega framkvæmd þessara krafna hefur orðið fyrir svo alvarlegum áhrifum af völdum takmarkananna, sem settar hafa verið vegna COVID-19 heimsfaraldursins, að nauðsynlegt er að fresta framkvæmd þeirra.
- 8) Í lið 12.4.2.2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 kemur fram að staðall 2 fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni fellur úr gildi 1. september 2020. Geta fjölmargra flugvalla í Sambandinu til að ljúka ferlinu við uppsetningu og virkjun búnaðar til greiningar sprengiefnis, sem samrýmist staðli 3, hefur orðið fyrir svo alvarlegum áhrifum af völdum takmarkananna, sem settar hafa verið vegna COVID-19 heimsfaraldursins, að nauðsynlegt er að fresta lokadagsetningu gildistímans. Þar sem búnaður til greiningar sprengiefnis, sem uppfyllir staðal 3, býður upp á betri afkasta- og greiningargetu, sem getur leitt til aukinnar verndar, eru framkvæmdastjórnin og aðildarríkin áfram staðráðin í því að taka þessa tækni í notkun án frekari tafa.
- 9) Í lið 12.6.3 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 kemur fram að viðkomandi yfirvald geti heimilað að nota megi áfram snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem uppfyllir ekki kröfurnar í viðhengi 12-L, til 1. júlí 2020. Geta fjölmargra flugvalla í Sambandinu til að ljúka ferlinu við að taka í notkun ný snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni hefur orðið fyrir svo alvarlegum áhrifum af völdum takmarkananna, sem settar hafa verið vegna COVID-19 heimsfaraldursins, að fresta verður dagsetningunni hér að framan til að koma í veg fyrir réttaráhrif án þess að skapa óþarfa áhættu fyrir flugvernd.
- 10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1998, (ESB) 2019/103 og (ESB) 2019/1583 til samræmis við það.
- 11) Þar sem gildistími stöðu tiltekinna ACC3-flugrekenda, RA3-umboðsaðila og KC3-sendenda í Sambandinu rann út annaðhvort í fyrsta fasa yfirstandandi COVID-19 heimsfaraldurs eða á tímabilinu strax þar á undan, þegar setja þurfti af stað og framkvæma viðkomandi ferli fyrir ESB-fullgildingu flugverndar, ætti þessi reglugerð að vera afturvirk svo að slíkir aðilar með gildistíma stöðu sem þegar hefur runnið út geti notið góðs af ráðstöfununum sem kveðið er á um hér.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, hafa hvorki áhrif á lögmæta hagsmuni og réttindi né takmarka þær væntingar sem aðrir flugrekendur, rekstraraðilar, aðilar eða ríki hafa.
- 13) Til að skapa lagagrundvöll fyrir aðildarríki til að setja tafarlaust af stað annað og hraðvirkt ferli fyrir fullgildingar og tilnefningar rekstraraðila aðfangakeðju fyrir farm og póst sem er fluttur til Sambandsins, sem er nauðsynlegt til að viðhalda farmflutningum til Sambandsins, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Í öðrum málslið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/103 kemur dagsetningin „31. desember 2021“ í stað „31. desember 2020“.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/103 frá 23. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar nánari útlístan, samræmingu og einföldun sem og styrkingu á tilteknum flugverndarráðstöfunum (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2019, bls. 13).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1583 frá 25. september 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar ráðstafanir vegna öryggis á Netinu (Stjtíð. ESB L 246, 26.9.2019, bls. 15).

3. gr.

Í 26. lið viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/103 koma dagsetningarnar „31. desember 2021“ og „30. júní 2024“ í stað dagsetninganna „31. desember 2020“ og „30. júní 2023“.

4. gr.

Í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1583 kemur dagsetningin „31. desember 2021“ í stað „31. desember 2020“.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

ANNEX

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðum 6.8.1.7–6.8.1.9 er bætt við:

„6.8.1.7. Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. desember 2020 er viðkomandi yfirvaldi heimilt að víkja frá ferlinu, sem komið er á í lið 6.8.2, og tilnefna flugrekanda tímabundið sem ACC3-flugrekanda í tilvikum þar sem ESB-fullgilding flugverndar gat ekki farið fram af hlutlægum ástæðum vegna erfiðleika sem sköpuðust sökum COVID-19 heimsfaraldursins og sem flugrekandinn ber ekki ábyrgð á. Tilnefningin skal háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) flugrekandinn hefur gilda stöðu sem ACC3-flugrekandi á viðeigandi stað í þriðja landi, eða hefur haft stöðu sem ACC3-flugrekandi, svo framarlega sem gildistími hennar rann ekki út fyrir 1. febrúar 2020,
- b) flugrekandinn sækir um nýju stöðuna hjá viðeigandi yfirvaldi, eins og tilgreint er í lið 6.8.1.1, eða hjá því yfirvaldi sem er ábyrgt fyrir tilnefningunni þar sem gildistíminn er við það að renna út, og staðfestir að fyrir hendi séu hlutlægar ástæður sem flugrekandinn ber ekki ábyrgð á og sem hindra eða tefja uppfyllingu krafanna í lið 6.8.2,
- c) flugrekandinn leggur fram flugverndaráætlun sína, sem er viðeigandi og tæmandi að því er varðar alla liði sem settir eru fram í fylgiskjali 6-G, eða staðfestir að núverandi áætlun sé enn í fullu gildi,
- d) flugrekandinn leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar sem hann staðfestir að hann muni áfram skuldbinda sig til að tryggja fulla og skilvirka framkvæmd öryggiskrafna en á grundvelli þeirra hafði hann öðlast gildandi stöðu eða þar sem gildistími hennar er útrunninn, sem ACC3-flugrekandi,
- e) tilnefning flugrekanda sem ACC3-flugrekanda, samkvæmt þessum lið, er veitt í að hámarki sex mánuði frá þeim degi sem gildistími gildandi tilnefningar eða gildistími fyrri tilnefningar rennur út, eins og við á,
- f) umsókn, flugverndaráætlun flugrekanda og yfirlýsing um skuldbindingu eru lagðar fram, annaðhvort skriflega eða á rafrænu formi.

6.8.1.8. Eftir atvikum getur viðeigandi yfirvald ásamt viðeigandi flugrekanda samþykkt frestun árlegra ESB-fullgildinga flugverndar, sem um getur í d-lið 2. liðar í lið 6.8.2.2, með því að bæta þeim við fullgildinguna flugverndar þeirra flugvalla sem á að fullgilda á næsta ári í samræmi við áætlun flugrekandans.

6.8.1.9. Innan tímabundna tilnefningartímabilsins, sem um getur í lið 6.8.1.7, skal viðeigandi yfirvald framkvæma a.m.k. þrjár sinnar samræmisefirlit á komuflygvelli eða -flugvöllum í aðildarríkinu þangað sem flugfarmur og flugþóstur kemur frá athafnasvæði ACC3-flugrekanda að því er varðar flugverndareftirlit sem ACC3-flugrekandi, RA3-umboðsaðili og KC3-sendandi í viðkomandi aðfangakeðju beitir. Ef ekki er um að ræða beint flug sem ACC3-flugrekandinn starfrækir til aðildarríkisins, sem veitir tilnefningu, skal framkvæmd samræmisefirlits vera samræmd við eftirlit í öðru aðildarríki sem ACC3-flugrekandinn starfrækir flug til.“

2) Eftirfarandi liðum 6.8.4.11 og 6.8.4.12 er bætt við:

„6.8.4.11. Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. desember 2020 er viðkomandi yfirvaldi heimilt að víkja frá ferlinu sem komið er á í lið 6.8.5 og tilnefna einingu í þriðja landi tímabundið sem RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda í tilvikum þar sem ESB-fullgilding flugverndar gat ekki farið fram af hlutlægum ástæðum vegna erfiðleika sem sköpuðust sökum COVID-19 heimsfaraldursins og sem einingin ber ekki ábyrgð á. Tilnefningin skal háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) einingin hefur gilda stöðu sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi eða hefur haft stöðu sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi, svo framarlega sem gildistími hennar rann ekki út fyrir 1. febrúar 2020,
- b) einingin sækir um nýju stöðuna hjá viðeigandi yfirvaldi, sem er núna ábyrgt fyrir tilnefningunni þar sem gildistíminn er við það að renna út eða er útrunninn, og staðfestir að fyrir hendi séu hlutlægar ástæður sem einingin ber ekki ábyrgð á og sem hindra eða tefja uppfyllingu krafanna í lið 6.8.5,
- c) einingin leggur fram flugverndaráætlun sína, sem er viðeigandi og tæmandi að því er varðar þá starfrækslu sem fram fer, eða staðfestir að núverandi áætlun sé enn í fullu gildi,
- d) einingin leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar sem hún staðfestir að hún muni áfram skuldbinda sig til að tryggja fulla og skilvirka framkvæmd öryggiskrafna en á grundvelli þeirra hafði hún öðlast gildandi stöðu eða þar sem gildistími hennar er útrunninn, sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi,

- e) tilnefning einingar sem RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda, samkvæmt þessum lið, er veitt í að hámarki sex mánuði frá þeim degi sem gildistími gildandi tilnefningar eða gildistími fyrri tilnefningar rennur út, eins og við á,
 - f) umsókn, flugverndaráætlun einingar og yfirlýsing um skuldbindingu eru lagðar fram, annaðhvort skriflega eða á rafrænu formi.
- 6.8.4.12. Einingum, sem um getur í lið 6.8.4.8 og höfðu stöðu sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi, þar sem gildistíminn rann út á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til 31. mars 2020, og sem af hlutlægu ástæðunum, sem um getur í lið 6.8.4.11, gátu ekki gengist undir ESB-fullgildingu flugverndar, sem komið er á í lið 6.8.5, og síðari tilnefningu viðeigandi yfirvalds, eins og sett er fram í lið 6.8.4, er heimilt að sækja um tímabundna tilnefningu sem framkvæmdastjórnin veitir með eftirfarandi skilyrðum:
- a) einingin sækir um stöðu sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi hjá framkvæmdastjórninni og staðfestir að fyrir hendi séu hlutlægar ástæður sem einingin ber ekki ábyrgð á sem hindra eða tefja uppfyllingu krafanna í lið 6.8.5,
 - b) einingin leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar sem hún staðfestir að hún muni áfram skuldbinda sig til að tryggja fulla og skilvirka framkvæmd öryggiskrafna en á grundvelli þeirra hafði hún öðlast stöðuna sem RA3-umboðsaðili eða KC3-sendandi þar sem gildistíminn er útrunninn ásamt því að staðfesta að flugverndaráætlun hennar sé enn í fullu gildi,
 - c) umsókn og yfirlýsing um skuldbindingu eru lagðar fram, annaðhvort skriflega eða á rafrænu formi,
 - d) tilnefning einingar sem RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda, samkvæmt þessum lið, er veitt í að hámarki sex mánuði frá þeim degi sem gildistími fyrri tilnefningar rennur út.“
- 3) Í stað liðar 11.1.2 kemur eftirfarandi:
- „11.1.2. Starfsfólk, sem er ráðið til að framkvæma eða til að bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangsstýringu eða annað flugverndareftirlit annars staðar en á haftasvæði flugverndar, skal hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni.
- Einstaklingar, sem athugun hefur verið gerð á í aðdraganda ráðningar, skulu gangast undir bakgrunnsskoðun eigi síðar en 30. júní 2021.“
- 4) Í stað liðar 12.4.2.2 kemur eftirfarandi:
- „12.4.2.2. Staðall 2 skal falla úr gildi 1. september 2021.“
- 5) Í stað liðar 12.4.2.4 kemur eftirfarandi:
- „12.4.2.4. Hlutaðeigandi yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar það heimilar að greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, verði notuð áfram frá og með 1. september 2021.“
- 6) Í stað liðar 12.4.2.6 kemur eftirfarandi:
- „12.4.2.6. Öll greiningarkerfi fyrir sprengiefni skulu uppfylla staðal 3, frá og með 1. september 2021, í síðasta lagi, nema liður 12.4.2.3 eigi við.“
- 7) Í stað liðar 12.6.3 kemur eftirfarandi:
- „12.6.3. Hlutaðeigandi yfirvald getur heimilað áframhaldandi notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni, sem er ekki vottað í samræmi við fylgiskjal 12-L, sem tekið var í notkun fyrir 1. júlí 2014 og þar sem notað er agnasýni, til og með 1. júlí 2021, í síðasta lagi.“
-

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1842****2020/EES/74/14****frá 31. október 2019****um reglur um beiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 21. mgr. 10. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með tilskipun 2003/87/EB var komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt. Í 10. gr. a er kveðið á um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds á umbreytingartímabili.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ⁽²⁾ er mælt fyrir um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir fjórða viðskiptatímabilið frá 2021 til 2030.
- 3) Í samræmi við 20. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal aðlaga á samræmdan hátt úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til stöðva sem hafa, eins og metið er samkvæmt hlaupandi meðaltali yfir tvö ár, aukið við eða dregið úr rekstri um meira en 15% samanborið við sögulegt starfsemissstig. Til að framkvæma aðlaganirnar á úthlutun losunarheimilda vegna breytinga á starfsemi þykir rétt, þar eð stöðvum er skipt upp í undirstöðvar í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, að bera þessar breytingar saman við sögulegt starfsemissstig í undirstöðvum.
- 4) Öflun hágæða gagna, sem eru sannprófuð af óháðum aðila, er nauðsynleg fyrir aðlögun úthlutunar án endurgjalds. Tryggja ætti samræmi í áreiðanleika og gæðum gagna, sem eru vöktuð og gefin er skýrsla um, til að ákvarða endurgjaldslausa úthlutun. Í því skyni ætti að kveða á um sértækar reglur um skýrslugjöf um starfsemissstig í undirstöðvum þar sem tekið er tillit til viðeigandi ákvæða framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331. Gögn, sem aflað er hjá rekstraradilum í samræmi við þessar reglur, ættu að endurspeglar raunverulega starfsemi undirstöðva.
- 5) Rekstraraðilar ættu að gefa árlega skýrslu um gögnin sem krafist er. Gögnin ættu að vera vöktuð í samræmi við kröfur um vöktum skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.
- 6) Til að tryggja samræmi milli sannprófunar á skýrslum um árlega losun skv. 15. gr. tilskipunar 2003/97/EB og gagna um starfsemissstig, sem og til að nýta samlegðaráhrif, þykir rétt að nota lagarammann sem settur var með ráðstöfunum í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 ⁽³⁾.
- 7) Til að koma í veg fyrir að átt sé við kerfið til að aðlaga úthlutanir eða að það sé misnotað, til að komast hjá óþarfa stjórnslubyrði og tryggja að breytingar á úthlutunum séu gerðar á skilvirkan og samræmdan hátt, sem er án mismununar, ættu frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir án endurgjalds að gilda um undirstöðvar ef starfsemissstigið hefur aukist eða minnkað um meira en 15% samanborið við sögulegt starfsemissstig. Skilgreina ætti meðalstarfsemissstig sem meðaltalið af árlegu starfsemissstigi tveggja heilla almanaksára í rekstri. Fyrsta ár útreiknings á meðalstarfsemissstigi ætti að vera fyrsta ár hvers úthlutunartímabils. Ef samanburður á sögulegu starfsemissstigi og meðalstarfsemissstigi leiðir í ljós meira en 15% mun ætti að aðlaga endurgjaldslausa úthlutun með nákvæmlega sama hundradshluta og breytingin á starfsemissstiginu nemur. Ef síðari breyting á starfsemissstigi á sér stað síðar innan sama 5% bils, yfir 15%, ætti

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 4.11.2019, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94).

úthlutunin að vera áfram sú sama. Ef síðari breytingin fer yfir 5% bilið sem fyrri aðlögunin lenti innan (t.d. 20–25%, 25–30% o.s.frv.) ætti aðlögunin í því tilviki einnig að nema nákvæmlega sama hundradshluta og breytingin á meðalstarfsemissstiginu nemur.

- 8) Til að komast hjá óþarfa stjórnslubyrði ætti að íhuga aðlögun þegar breytingar á starfsemissstigi undirstöðvar leiða til árlegrar aðlögunar á fjölda úthlutana án endurgjalds til viðkomandi undirstöðvar sem nemur 100 losunarheimildum á ári eða þar yfir.
- 9) Til að koma í veg fyrir að átt sé við kerfið eða að það sé misnotað og til að tryggja að breytingar á úthlutunum séu gerðar á skilvirkan og samræmdan hátt, sem er án mismununar, ætti að meðhöndla nýja aðila og nýjar undirstöðvar á sama hátt.
- 10) Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er þess krafist að samræmdar umbreytingarráðstafanir varðandi úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fari fram þannig að þær séu hvati til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda og notkunar á tækni sem stuðlar að orkunýtni. Til að viðhalda hvata til skerðingar á losun þegar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir án endurgjalds til undirstöðva, sem hafa aukið við eða dregið úr rekstri um meira en 15% samanborið við sögulegt starfsemissstig, eru skilgreindar ætti einnig að íhuga aðrar breytingar á rekstri undirstöðva en breytingar á starfsemissstigi. Þar undir ættu að falla endurbætur á orkunýtni, breytingar á hitaveitu, skiptanleiki eldsneytis og raforku, framleiðsla hágæðaíðefna, breytingar á framleiðslu vínýklóríðeinliða sem og orkuendurnýting úrgangslöfttegunda. Til að hámarka slíka hvata til skerðingar á losun þykir rétt að íhuga slíkar breytingar hjá undirstöðvum.
- 11) Til að samræma betur breytingar á framleiðslu og úthlutun án endurgjalds ætti ekki að gefa út losunarheimildir fyrir undirstöðvar, sem tilkynna að rekstri sé hætt, frá og með næsta ári eftir að rekstrinum er hætt.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir viðskiptatímabilið frá 2021 til 2030.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „meðalstarfsemissstig“: meðaltal tilheyrandi árlegs starfsemissstigs fyrir hverja undirstöð fyrir næstliðin tvö almanaksár á undan framlagningu skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr.,
- 2) „starfandi stöð“: starfandi stöð og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,
- 3) „undirstöð með varmaviðmiðun“: undirstöð með varmaviðmiðun eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,
- 4) „undirstöð með eldsneytisviðmiðun“: undirstöð með eldsneytisviðmiðun eins og hún er skilgreind í 6. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,
- 5) „úthlutunartímabil“: úthlutunartímabil eins og það er skilgreint í 15. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,
- 6) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽⁴⁾.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja (Stjtfð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

3. gr.

Kröfur um skýrslugjöf

1. Frá og með 2021 skulu rekstraraðilar stöðva, sem hafa fengið úthlutun án endurgjalds í samræmi við 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir viðskiptatímabilið frá 2021 til 2030, gefa árlega skýrslu um starfsemissstig hvernar undirstöðvar á næstliðnu almanaksári. Á árinu 2021 skal þessi skýrsla innihalda gögn um næstliðin tvö ár á undan framlagningu hennar.

Nýir aðilar geta lagt skýrslurnar, sem um getur í 2. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, fram á næsta ári eftir fyrsta dag rekstrar.

2. Skýrsla um starfsemissstig verður að innihalda upplýsingar um starfsemissstig hvernar undirstöðvar og um hvern þeirra mælipáttar sem tilgreindir eru í 1. lið, að undanskildum c-lið í lið 1.3, og í liðum 2.3 til 2.7 í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331. Skýrslan um starfsemissstig skal einnig innihalda upplýsingar um byggingu samstæðunnar, ef um slíka er að ræða, sem stöðin tilheyrir og hvort einhver af undirstöðvum hefur hætt rekstri.

Lögbært yfirvald getur krafist þess að rekstraraðilar greini einnig frá hvaða viðbótarmælipætti sem er, sem kemur fram í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331, í skýrslunni um starfsemissstig sem um getur í 1. mgr.

3. Leggja skal skýrslu um starfsemissstig fyrir lögbært yfirvald, sem veitir úthlutunina án endurgjalds, eigi síðar en 31. mars ár hvert á árunum 2021 til 2030 nema lögbæra yfirvaldið hafi stýtt tímamörkin fyrir framlagninguna. Hún skal lögð fram ásamt sannprófunarskýrslu um skýrsluna um starfsemissstig sem gefin er út samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast framlagningar bráðabirgðaskýrslu um starfsemissstig sem inniheldur allar þær upplýsingar sem eru fyrirliggjandi við framlagninguna. Aðildarríkjum er heimilt að setja tímamörk fyrir framlagningu bráðabirgðaskýrslu um starfsemissstig.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fresta útgáfu losunarheimilda án endurgjalds til stöðvar þangað til það hefur gengið úr skugga um að ekki sé nauðsynlegt að aðlaga úthlutunina til viðkomandi stöðvar eða þangað til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun, í samræmi við 4. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, varðandi aðlaganir á úthlutun til þeirrar stöðvar.

Eftir atvikum skal lögbært yfirvald endurheimta allar umframlosunarheimildir, sem stafa af umframúthlutun, í samræmi við málsmæðferðina sem sett er fram í 4. mgr. 48. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 ⁽⁵⁾.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að gera þá kröfu að rekstraraðilar og sannprófundur noti rafræn sniðmát eða sértæk skráasnið fyrir framlagningu skýrslna um starfsemissstig.

4. Lögbært yfirvald skal leggja mat á skýrsluna um starfsemissstig, sem um getur í 1. til 3. mgr. þessarar greinar, í samræmi við kröfurnar í 7. til 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að gera varfærnislegt mat á gildi hvaða mælipáttar sem er við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

- a) rekstraraðilinn hefur ekki lagt fram sannprófaða skýrslu um starfsemissstig innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr. og útgáfu losunarheimilda hefur ekki verið frestað,
- b) sannprófað gildi, sem lagt er fram, er ekki í samræmi við þessa reglugerð eða framselda reglugerð (ESB) 2019/331,
- c) skýrsla rekstraraðila um starfsemissstig hefur ekki verið sannprófuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

Lögbært yfirvald skal ekki fjölga úthlutunum til stöðvar á grundvelli mats sem gert var við aðstæður skv. a-lið.

Ef sannprófundinn hefur tekið fram í sannprófunarskýrslunni samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 að fyrir hendi séu óverulegar rangfærslur, sem rekstraraðilinn hefur ekki leiðrétt áður en sannprófunarskýrslan var birt, skal lögbært yfirvald meta þessar rangfærslur og vinna varfærnislegt mat á gildi mælipáttar, ef unnt er. Lögbært yfirvald skal upplýsa rekstraraðila um það hvort og hvaða leiðréttinga á skýrslunni um starfsemissstig sé krafist. Rekstraraðilinn skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar sannprófanda.

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtfð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3).

*4. gr.***Meðalstarfsemissstig**

1. Lögbært yfirvald skal ákvarða meðalstarfsemissstig fyrir hverja undirstöð árlega á grundvelli skýrslanna um starfsemissstig fyrir viðkomandi tveggja ára tímabil.
2. Ekki skal reikna út meðalstarfsemissstig fyrir nýjar undirstöðvar og nýja aðila á fyrstu þremur almanaksárunum í rekstri.

*5. gr.***Aðlaganir á úthlutun án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi**

1. Lögbært yfirvald skal árlega bera meðalstarfsemissstig hvernar undirstöðvar, ákvarðað í samræmi við 4. gr., saman við sögulegt starfsemissstig sem var notað upphaflega til að ákvarða úthlutunina án endurgjalds. Þegar algildi mismunarins milli meðalstarfsemissstigs og sögulegs starfsemissstigs viðkomandi undirstöðvar er meira en 15% skal aðlaga úthlutanir án endurgjalds til þeirrar stöðvar. Aðlögunin skal gilda frá og með næsta ári á eftir almanaksárunum tveimur, sem voru notuð til að ákvarða meðalstarfsemissstigið, og að því tilskildu að aðlögunin á árlegum bráðabirgðafjölda losunarheimilda, sem úthlutað er án endurgjalds til undirstöðvarinnar, nemi a.m.k. 100 losunarheimildum. Aðlögunin skal gerð með því að fjölga eða fækka úthlutunum án endurgjalds til viðkomandi undirstöðvar um nákvæmlega sama hundraðshluta og breytingin á meðalstarfsemissstiginu nemur samanborið við sögulega starfsemissstigið sem var notað upphaflega til að ákvarða úthlutunina án endurgjalds.
2. Ef aðlögun, í samræmi við 1. mgr., hefur verið gerð á úthlutunartímabili er einungis hægt að gera frekari aðlaganir ef algildi mismunarins milli meðalstarfsemissstigs og sögulegs starfsemissstigs viðkomandi undirstöðvar fer yfir næsta 5% bil yfir 15% breytinguna, sem olli fyrri aðlögun á úthlutun án endurgjalds til þeirrar stöðvar, með því að fjölga eða fækka úthlutunum án endurgjalds til viðkomandi undirstöðvar um nákvæmlega sama hundraðshluta og breytingin á meðalstarfsemissstiginu nemur, samanborið við sögulega starfsemissstigið sem var notað upphaflega til að ákvarða úthlutunina án endurgjalds, og að því tilskildu að aðlögunin á árlegum bráðabirgðafjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds til undirstöðvarinnar, nemi a.m.k. 100 losunarheimildum.
3. Ef hækkun eða lækkun meðalstarfsemissstigs undirstöðvar fer ekki lengur yfir 15%, samanborið við sögulega starfsemissstigið sem var notað upphaflega til að ákvarða úthlutunina án endurgjalds, skal úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til þeirrar undirstöðvar vera jöfn upphaflegri úthlutun, sem var ákvörðuð samkvæmt 16. eða 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, frá og með næsta ári á eftir almanaksárunum tveimur sem voru notuð til að ákvarða meðalstarfsemissstigið.
4. Ef undirstöð er hætt rekstri skal stilla úthlutun án endurgjalds til þeirrar undirstöðvar á núll frá og með næsta ári eftir að rekstrinum er hætt.
5. Ef um er að ræða nýjar undirstöðvar og nýja aðila skal ekki aðlaga úthlutun án endurgjalds á fyrstu þremur almanaksárunum í rekstri. Á fyrsta og öðru almanaksári í rekstri skal úthlutun losunarheimilda án endurgjalds byggjast á starfsemissstigi hvors árs fyrir sig, á þriðja almanaksári í rekstri skal úthlutun losunarheimilda án endurgjalds byggjast á sögulegu starfsemissstigi sem var notað til að ákvarða úthlutun án endurgjalds.
6. Endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til stöðvar skal vera summa losunarheimilda allra undirstöðva sem er reiknuð út í samræmi við 16. eða 18. gr., eftir því sem við á, framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.

*6. gr.***Aðrar breytingar á rekstri stöðvar**

1. Ef rekstraraðili sýnir fram á, á grundvelli gagna sem lögð voru fram í skýrslunni um starfsemissstig og allra viðbótargagna sem lögbært yfirvald fór fram á, að lækkun starfsemissstigs undirstöðvar, þar sem fjöldi úthlutana án endurgjalds hefur verið ákvarðaður á grundvelli viðmiðunargildis fyrir varma eða eldsneyti, tengist ekki breytingum á framleiðslumagni undirstöðvarinnar en kemur til vegna aukinnar orkunýtni viðkomandi undirstöðvar í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, samanborið við þá sem byggist á skýrslu um grunn gögn eða skýrslu með gögnum um nýjan aðila, um meira en 15% skal ekki aðlaga úthlutun án endurgjalds.

2. Ef rekstraraðili getur ekki sýnt fram á, að beiðni lögbærs yfirvalds, á grundvelli gagna sem lögð voru fram í skýrslunni um starfsemissstig og allra viðbótargagna sem lögbært yfirvald fór fram á, að lækun starfsemissstigs undirstöðvar, þar sem fjöldi úthlutana hefur verið ákvarðaður á grundvelli viðmiðunargildis fyrir varma eða eldsneyti, tengist breytingum á framleiðslumagni viðkomandi undirstöðvar og kemur ekki til vegna minnkaðrar orkunýtni undirstöðvarinnar í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, samanborið við þá sem byggist á skýrslu um grunnöggn eða skýrslu með gögnum um nýjan aðila, um meira en 15% er lögbæru yfirvaldi heimilt að synja um aðlögun úthlutunar án endurgjalds.

3. Að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun og undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun skal ákvarða breytingu á orkunýtni með því að bera saman hlutfall varma- eða eldsneytismagns, sem notað er við framleiðslu hvernar vöru, og viðkomandi framleiðslumagn samkvæmt skýrslunni um grunnöggn og eftir að breyting hefur orðið á rekstri undirstöðvarinnar. Slík ákvörðun á orkunýtni skal tekin vegna framleiðslu hvernar vöru sem fellur undir hvern kóða undirstöðvarinnar í vöruskrá ESB í skránni sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽⁶⁾.

Í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar greinar skal ákvarða magn af varma og eldsneyti, sem er notað til framleiðslu hvernar vöru, í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í áætlun um aðferðafræði við vöktun eins og hún var samþykkt í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.

4. Ef skýrsla um starfsemissstig, sem lögð er fram skv. 3. gr., bendir til þess að hlaupandi meðaltal tveggja ára fyrir mælipátt, sem er tilgreindur í 16. gr. (5. mgr.), 19., 20., 21. eða 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, annar en starfsemissstig, hafi breyst um meira en 15% í undirstöð, samanborið við gildin sem voru notuð til að ákvarða upphaflegan fjölda úthlutana án endurgjalds, skal aðlaga úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til þeirrar stöðvar frá og með næsta ári á eftir árunum tveimur sem voru notuð til að ákvarða breytinguna á mælipáttunum, að því tilskildu að aðlögunin á árlegum bráðabirgðafjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til undirstöðvarinnar, nemi a.m.k. 100 losunarheimildum, með því að fjölga eða fækka úthlutunum án endurgjalds fyrir viðkomandi undirstöð með því að nota sama nýja raungildið fyrir mælipáttinn.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu (Stjúd. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1).

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/631**2020/EES/74/15**

frá 17. apríl 2019

um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011

(endurútgæfin) (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmæðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽³⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ⁽⁴⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgæfa þær reglugerðir til glöggvunar.
- 2) Í því skyni að tryggja samfellda og skilvirka umbreytingu í kjölfar endurútgáfu og niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020. Rétt þykir þó að viðhalda stöðlum um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings og fyrirkomulaginu til að ná þeim, eins og sett er fram í þeim reglugerðum, án þess að breytingar verði gerðar til ársins 2024.
- 3) Í Parísarsamningnum ⁽⁵⁾ er m.a. sett fram langtímamarkmið í samræmi við það markmið að halda hækkun á meðalhitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Nýjustu niðurstöður vísindarannsókna, sem birtar voru í sérstakri skýrslu milliríkjaneftirlitsins um loftslagsbreytingar (IPCC) um áhrif hnattrænnar hlýnunar um 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og tilheyrandi feril hnattrænnar losunar gróðurhúsalofttegunda í heiminum, staðfesta ótvírætt neikvæð áhrif loftslagsbreytinga. Niðurstaða þeirrar sérstöku skýrslu er sú að losunarskerðing á öllum sviðum skipti sköpum til að draga úr hnattrænni hlýnun.
- 4) Til að stuðla að markmiðum Parísarsamningsins þarf að hraða umbreytingu alls flutningageirans í átt að engri losun, að teknu tilliti til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 2018 sem ber yfirskriftina „Hrein pláneta fyrir alla: evrópsk stefnumarkandi langtímasýn fyrir blómstrandi, nútímalegt, samkeppnishæft og loftslagshlutlaust hagkerfi“, þar sem dregin er upp mynd af nauðsynlegum efnahagslegum og samfélaglegum umbreytingum þar sem allir gearar hagkerfisins og samfélagsins eru þátttakendur til að stuðla að þeirri umbreytingu að nettólosun gróðurhúsalofttegunda verði engin eigi síðar en 2050. Einnig verður að draga verulega úr losun loftmengunarefna frá flutningum sem skaða heilsu okkar og umhverfið. Eftir 2020 verður nauðsynlegt að draga enn frekar úr losun frá hefðbundnum ökutækjum með brunahreyfil. Taka verður í notkun ökutæki með engri eða lítilli losun og nauðsynlegt er að þau öðlist umtalsverðra markaðshlutdeild eigi síðar en 2030. Eftir 2030 verður nauðsynlegt að draga enn frekar úr koltvísýringslosun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 227, 28.6.2018, bls. 52.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá létum ökutækjum (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá létum ökutækjum (Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1).

(5) Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

- 5) Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar frá 31. maí 2017 sem ber yfirskriftina „Evrópa á hreyfingu: áætlun fyrir félagslega réttláta umbreytingu yfir í umhverfissvænan, samkeppnishæfan og tengdan hreyfanleika fyrir alla“ og frá 8. nóvember 2017 sem ber yfirskriftina „Markmiðum um hreyfanleika með lítilli losun náð: Evrópusamband sem verndar plánetuna, styrkir rétt neytenda og verndar iðnað og launafólk“ er lögð áhersla á að staðlarnir um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki séu sterkur hvati fyrir nýsköpun og skilvirkni og muni stuðla að því að styrkja samkeppnishæfni í ökutækjaiðnaðinum og ryðja brautina fyrir ökutæki með engri og lítilli losun á tæknilega hlutlausan hátt.
- 6) Í þessari reglugerð er kveðið á um skýra stefnu um að draga úr losun koltvísýrings frá flutningum á vegum og stuðlað að bindandi markmiði innan Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við árið 1990, eigi síðar en 2030, eins og samþykkt var í niðurstöðum leiðtogaráðsins frá 23.–24. október 2014 og viðurkennt sem fyrirhugað landsákvæðið framlag Sambandsins og aðildarríkja þess samkvæmt Parísarsamningnum á fundi umhverfisráðsins 6. mars 2015.
- 7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 ⁽⁶⁾ er mælt fyrir um skuldbindingar aðildarríkjanna til að uppfylla markmið Sambandsins um að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum til 2030 um sem nemur 30% niður fyrir gildi ársins 2005 í geirunum sem eru ekki hluti af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁷⁾. Flutningar á vegum eiga stóran þátt í losuninni frá þessum geirum. Enn fremur hefur sýnt sig að losun frá flutningum á vegum hefur aukist og er hún að staðldri umtalsvert yfir gildum ársins 1990. Ef losun vegna flutninga á vegum eykst enn frekar mun slík aukning halda áfram að vinna gegn losunarskerðingum sem hafa verið innleiddar í öðrum geirum í tengslum við baráttuna gegn loftslagsbreytingum.
- 8) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins frá 23.–24. október 2014 var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og áhættu í tengslum við jarðefnaeldsneytisþörf í flutningageiranum með því að beita heildstæðri og tæknilega hlutlausri nálgun til að stuðla að losunarskerðingu og orkunýtni í flutningum, rafknúnum flutningum og endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum, einnig eftir árið 2020.
- 9) Til að veita neytendum í Sambandinu örugga, sjálfbæra og samkeppnishæfa orku á viðráðanlegu verði er orkunýtni, sem stuðlar að takmörkun á eftirspurn, einn af fimm nátengdu þáttunum, sem styrkja hvern annan á gagnkvæman hátt, sem settir eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 2015 með yfirskriftina „Rammaskipulag fyrir öflugt orkusamband með framsýna stefnu varðandi loftslagsbreytingar“. Í orðsendingunni kemur fram að þrátt fyrir að allar atvinnugreinar verði að gera ráðstafanir til að auka nýtni orkunotkunar sinnar hafi flutningageirinn gríðarmikla möguleika til orkunýtni, m.a. með því að halda áfram að leggja áherslu á að herða staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki með tilliti til markmiða ársins 2030.
- 10) Niðurstaða mats á reglugerðum (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 árið 2015 var sú að þær hafi þýðingarmiklar, í stórum dráttum heildstæðar og leitt til verulegs sparnaðar í losun á sama tíma og þær hafi verið kostnaðarhagkvæmari en upphaflega var búist við. Þær hafa einnig leitt til verulegs virðisauka fyrir Sambandið sem ekki hefði verið hægt að öðlast í sama mæli fyrir tilstuðlan landsráðstafana. Jákvaðu áhrifin af þessum reglugerðum hafa þó minnkað til muna vegna aukins misræmis á milli koltvísýringslosunarinnar, sem mæld er samkvæmt nýju evrópsku aksturslotunni (NEDC), og koltvísýringslosunarinnar frá ökutækjum sem ekið er við raunveruleg skilyrði.
- 11) Því er rétt að stefna að því að ná markmiðum reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 með því að setja ný markmið um að draga úr koltvísýringslosun fyrir allan flota fólksbifreiða og léttra atvinnuökutæki í ESB að því er varðar tímabilið til 2030. Við ákvörðun á umfangi þessara markmiða hefur verið tekið tillit til þess hve áhrifarík þau eru til að stuðla að kostnaðarhagkvæmri losunarskerðingu í geirunum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/842, eigi síðar en 2030 og enn fremur hefur verið tekið tillit til kostnaðarins og sparnaðarins sem af hlýst fyrir samfélagið, framleiðendur og notendur ökutækja sem og til beinna og óbeinna áhrifa á atvinnustarfsemi, samkeppnishæfni og nýsköpun ásamt viðbótarávinningi í formi minni loftmengunar og aukins orkuöryggis. Að teknu tilliti til þess að markaðshlutdeild fólksbifreiða er meiri en léttra atvinnuökutækja og þar af leiðandi heildarlosun koltvísýrings frá fólksbifreiðum umtalsvert meiri en frá léttrum atvinnuökutækjum er talið við hæfi að beita annarri nálgun á fólksbifreiðar heldur en létt atvinnuökutæki.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021–2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjúd. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjúd. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

- 12) Tryggja ætti samfélagslega viðurkennda og réttláta umbreytingu í átt að hreyfanleika með engri losun. Því er mikilvægt að taka tillit til félagslegra áhrifa slíkrar umbreytingar á alla virðisikeðju ökutækjaiðnaðarins og bregðast að fyrra bragði við afleiðingum þeirra á atvinnustarfsemi. Markvissar áætlanir á vettvangi Sambandsins og á lands- og svæðisvísu eiga þar af leiðandi að vera teknar til athugunar við endurbjálfun, viðbótarbjálfun og tilfærslu starfsfólks, auk menntunar og framtaksverkefna fyrir atvinnuleitendur í samfélögum og á svæðum, sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum, í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og lögbær yfirvöld. Hluti af þessari umbreytingu ætti að fela í sér að efla atvinnuþátttöku kvenna ásamt jöfnum tækifærum í þessum geira.
- 13) Velheppnuð umbreyting yfir í hreyfanleika með engri losun krefst samþættrar stefnu og hvetjandi umhverfis til að örva nýsköpun og viðhalda forystu Sambandsins í tæknimálum innan þessa geira. Það felur í sér fjárfestingar opinberra aðila og einkaaðila í rannsóknum og nýsköpun, aukið framboð á ökutækjum með engri og lítilli losun, innleiðingu hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja, samþættingu við orkukerfi, auk sjálfbærs framboðs á efnunum og sjálfbærrar framleiðslu, endurnotkunar og endurvinnslu rafgeyma í Evrópu. Þetta krefst samfelldra aðgerða á vettvangi Sambandsins og á lands-, svæðis- og staðarvísu.
- 14) Sem hluti af framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ⁽⁸⁾ var ný prófunaraðferð tekin í notkun 2017 til að mæla koltvísyringslosun og eldsneytiseyðslu fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja, prófunaraðferðin fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP-aðferðin), sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ⁽⁹⁾. Með þessari prófunaraðferð fást gildi fyrir koltvísyringslosun og eldsneytiseyðslu sem eru dæmigerðari fyrir raunveruleg skilyrði.

Því ættu nýju markmiðin um losun koltvísyrings að byggjast á koltvísyringslosuninni sem ákvörðuð er á grundvelli þeirrar prófunaraðferðar. Þar eð gildi fyrir koltvísyringslosun á grunni WLTP-aðferðarinnar, sem eru notuð til að meta hvort markmiðin hafi verið uppfyllt, verða aðgengileg 2021 ætti þó að skilgreina nýju staðlana um frammistöðu vegna losunar koltvísyrings sem skerðingarstig sem ákvörðuð eru í tengslum við markmið ársins 2021, reiknuð út á grundvelli koltvísyringslosunarinnar sem mæld er samkvæmt WLTP-losunarprófuninni. Til að tryggja að gildin, sem notuð eru sem upphafspunktur til að ákvarða markmið um að draga úr losun, sem á að beita 2025 og 2030, séu traust og dæmigerð hafa skilyrðin fyrir því að framkvæma þessar mælingar verið skýrð sem hluti af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 ⁽¹⁰⁾ og (ESB) 2017/1153 ⁽¹¹⁾.

- 15) Mikilvægt er að kröfur um að draga úr losun koltvísyrings séu áfram fyrirsjáanlegar fyrir ökutækjaframleiðendur innan Sambandsins og veiti þeim öryggi við áætlanagerð að því er varðar flota nýrra fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja þeirra innan Sambandsins.
- 16) Í mati framkvæmdastjórnarinnar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB ⁽¹²⁾ árið 2016 var bent á nauðsyn þess að skýra betur og einfalda þá lagagerð sem gæti aukið mikilvægi, árangur, skilvirkni og samræmi hennar. Framkvæmdastjórnin ætti því að endurskoða þessa tilskipun eigi síðar en 31. desember 2020 og, eftir því sem við á, leggja fram viðeigandi tillögu að lagasetningu. Til að styðja útbreiðslu umhverfisvænna ökutækja sem nýta sem best eldsneyti ætti endurskoðunin einkum að taka til léttra atvinnuökutækja og nauðsynjar þess að bæta mótun og samræmingu krafna Sambandsins um merkingar, sem gæti veitt neytendum samanburðarhæfar, áreiðanlegar og notendavænar upplýsingar um ávinning af ökutækjum með engri og lítilli losun, þ.m.t. upplýsingar varðandi loftmengunarefni.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stj. 171, 29.6.2007, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stj. 175, 7.7.2017, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stj. 175, 7.7.2017, bls. 644).

⁽¹¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stj. 175, 7.7.2017, bls. 679).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB frá 13. desember 1999 sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísyringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða (Stj. 12, 18.1.2000, bls. 16).

- 17) Þar af leiðandi skal ákvarða markmið um að draga úr losun fyrir allan flota nýrra fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja í ESB fyrir árin 2025 og 2030, að teknu tilliti til endurnýjunartíma ökutækjaflotans og nauðsynjar þess að flutningar á vegum stuðli að markmiðum sem tengjast loftslags- og orkumálum ársins 2030. Þessi þrepaskipta nálgun sendir ökutækjaiðnaðinum einnig skýr og snemmbúin merki um að seinka því ekki að setja orkunýtna tækni og ökutæki með engri og lítilli losun á markað.
- 18) Staðlamir um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings, sem settir eru fram í þessari reglugerð, gilda um nýjar fólksbifreiðar og ný létt atvinnuökutæki. Að því er varðar fyrirbyggjandi flota slíkra ökutækja, þ.m.t. notuð ökutæki, er einnig heimilt að gera viðbótarráðstafanir sem miða að því að draga úr losun, m.a. á landsvísu og á vettvangi Sambandsins. Til dæmis er heimilt að grípa til ráðstafana til að hvetja til meiri endurnýjunartíðni flotans í því skyni að skipta út eldri ökutækjum, sem menga meira, eins hratt og mögulegt er, fyrir minna mengandi ökutæki. Aðgengi að ódýrari ökutækjum með engri og lítilli losun gæti hvatt til breytinga á hegðun neytenda og hraðari útbreiðslu tækni með lítilli losun.
- 19) Jafnvel þótt Sambandið sé á meðal helstu framleiðenda vélknúinna ökutækja í heiminum og leiðandi í tæknimálum á alþjóðasviði vélknúinna ökutækja fer samkeppnin vaxandi og þetta svið breytist hratt fyrir tilstuðlan nýsköpunar á sviði rafaftrása og samverkandi, tengds og sjálfvirs hreyfanleika. Til að viðhalda samkeppnishæfni þess á alþjóðasviðu og aðgengi að mörkuðum þarf Sambandið regluramma, þ.m.t. sérstakan hvata á sviði ökutækja með engri og lítilli losun, sem mun stuðla að því að skapa stóran innanlandsmarkað og styðja við tækniþróun og nýsköpun.
- 20) Innleiða ætti sérstakt hvatafyrirkomulag til að greiða fyrir snurðalausri umbreytingu yfir í hreyfanleika með engri losun. Það fyrirkomulag ætti að vera þannig útfært að stuðlað sé að útbreiðslu ökutækja með engri og lítilli losun á markaði í Sambandinu. Einnig ætti að innleiða sérstaka umbreytingarráðstöfun til að auðvelda aðgengi neytenda frá aðildarríkjunum, þar sem markaðssókn fyrir slík ökutæki er lítil, að ökutækjum með engri og lítilli losun.
- 21) Setning viðeigandi viðmiðana um hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flotanum í ESB, ásamt úthugsuðu fyrirkomulagi um að aðlaga markmið framleiðandans um sértæka losun, sem byggist á hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flota viðkomandi framleiðanda, ætti að veita skýra og trúverðuga vísbendingu um þróun, útbreiðslu og markaðssetningu slíkra ökutækja samhliða því að mögulegt sé að betrubæta skilvirkni hefðbundinna brunahreyfla.
- 22) Við ákvörðun á ívilnunum fyrir ökutæki með engri og lítilli losun þykir rétt að taka tillit til þess að koltvísýringslosun ökutækja er mismunandi. Að því er varðar fólksbifreiðar ætti að viðurkenna þátt ökutækja með lítilli losun, sérstaklega tengitvinnrafökutækja (e. *plug-in hybrid vehicles*), við umbreytinguna yfir í ökutæki með engri losun. Aðlögunarfyrirkomulagið ætti að tryggja að framleiðandi, sem fer yfir viðmiðunarmörkin, njóti góðs af herra markmiði um sértæka losun. Til að tryggja yfirvegaða nálgun ætti að setja mörk á umfang aðlögunarinnar innan fyrirkomulagsins. Þetta mun skapa hvata, stuðla að uppbyggingu hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja og leiða til mikils ávinnings fyrir neytendur, samkeppnishæfni og umhverfið.
- 23) Lagaramminn til framkvæmdar markmiðinu fyrir allan flotan í ESB ætti að tryggja að markmiðin um að draga úr losun séu hlutlaus hvað varðar samkeppnisstöðu, félagslega sanngjörn og sjálfbær, taki tillit til fjölbreytileika evrópskra bifreiðaframleiðenda og forðist alla óréttmæta röskun á samkeppni þeirra á milli.
- 24) Til að viðhalda fjölbreytileika á markaðinum fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki og tryggja getu hans til að uppfylla ólíkar þarfir neytenda ætti að ákvarða markmið um sértæka losun með línulegum hætti samkvæmt nýtingu ökutækjanna. Ef haldið er áfram að nota massa sem mælipátt er varðar notkun telst það samrýmast fyrirbyggjandi fyrirkomulagi. Í þeim tilgangi að endurspeglar betur massa ökutækja, sem notuð eru á vegum, ætti að breyta mælipættinum frá 2025, úr massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs í prófunarmassa ökutækis, eins og tilgreint er í WLTP-aðferðinni.
- 25) Forðast ætti að breyta markmiðunum fyrir allan flotan í ESB vegna breytinga á meðalmassa flotans. Breytingar á meðalmassanum ættu þar af leiðandi að endurspeglast án tafar í útreikningunum varðandi markmið um sértæka losun og aðlögun meðalmassagildisins, sem er notað í þessu skyni, ætti að eiga sér stað á tveggja ára fresti frá 2025.
- 26) Til að dreifa álaginu við að draga úr losun á hlutlausan og sanngjarnan hátt í samkeppnislegu tilliti, sem endurspeglar fjölbreytileikann á markaðinum fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki, og í ljósi breytingarinnar 2021 á markmiðum um sértæka losun, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, þykir rétt að ákvarða halla ferils viðmiðunarmarkna á grundvelli sértækrar losunar koltvísýrings allra nýrra ökutækja, sem skráð eru það árið, og taka tillit til breytingarinnar á

markmiðunum fyrir allan flotann í ESB á milli árána 2021, 2025 og 2030, með það fyrir augum að tryggja jafna þátttöku allra framleiðenda við að draga úr losun. Að því er varðar létt atvinnuökutæki ætti sama aðferð og gildir um framleiðendur fólksbifreiða að gilda um framleiðendur léttari sendibifreiða, sem byggðar eru á fólksbifreiðum, en hins vegar ætti að ákvarða brattari og óbreyttan halla fyrir allt markmiðstímabilið að því er varðar framleiðendur ökutækja sem flokkast innan þyngri markaðssviða.

- 27) Með þessari reglugerð er miðað að því að ná þeim markmiðum sem þar eru tilgreind, m.a. með því að skapa hvata fyrir ökutækjaiðnaðinn til að fjárfesta í nýrri tækni. Með þessari reglugerð er stuðlað á virkan hátt að vistvænni nýsköpun og innleitt fyrirkomulag sem ætti að geta undirbúið jarðveginn fyrir tækniþróun framtíðarinnar. Reynslan sýnir að vistvæn nýsköpun hafi á árangursríkan hátt stuðlað að kostnaðarhagkvæmni í tengslum við reglugerðir (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 og dregið úr koltvísýringslosun í raunverulegum akstri. Því ætti að viðhalda þessu fyrirkomulagi og rýmka gildissviðið til að hvetja til aukinnar nýtni í loftjöfnunarkerfum.
- 28) Þó ætti að tryggja jafnvægi á milli hvata sem beinast að vistvænni nýsköpun og þeirri tækni þar sem áhrif þess að draga úr losun eru sýnd með opinberu prófunaraðferðinni. Þar af leiðandi þykir rétt að setja efri mörk á sparnað af vistvænni nýsköpun sem framleiðandi gæti tekið tillit til í þeim tilgangi að uppfylla markmiðin. Framkvæmdastjórnin ætti að eiga þess kost að endurskoða efri mörkin, sérstaklega til að taka tillit til áhrifa breytingarinnar á opinberu prófunaraðferðina. Enn fremur þykir rétt að útskýra hvernig reikna skuli út sparnaðinn til að uppfylla markmiðin.
- 29) Sjálfbærir, léttir íhlutir eru mikilvægir til að draga úr orkunotkun og koltvísýringslosun nýrra ökutækja. Frekari þróun þeirra og nýting ætti að styðja umbreytinguna yfir í hreyfanleika með engri og lítilli losun.
- 30) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB⁽¹³⁾ er ákvarðaður samhæfður rammi með stjórnsýsluákvæðum og almennum tæknilegum kröfum um viðurkenningu allra nýrra ökutækja sem falla undir gildissvið hennar. Sá aðili sem ber ábyrgð á að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar ætti að vera sá sami og ábyrgist alla þætti gerðarviðurkenningarinnar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, og tryggir samræmi framleiðslunnar.
- 31) Að því er varðar gerðarviðurkenninguna gilda sértækar kröfur um ökutæki til sérstakra nota, samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og því ættu þau að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 32) Í þeim tilvikum þar sem létt atvinnuökutæki með engri losun og viðmiðunarmassa yfir 2610 kg eða 2840 kg, eftir því sem við á, myndu falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar, einungis vegna massa orkugeymslukurfisins, þykir rétt að þessi ökutæki falli undir gildissvið hennar.
- 33) Ekki er við hæfi að nota sömu aðferð við að ákvarða markmið um að draga úr losun fyrir stórframleiðendur og fyrir smærri framleiðendur sem teljast vera sjálfstæðir samkvæmt viðmiðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þessir smærri framleiðendur ættu að hafa kost á því að sækja um að setja önnur markmið um að draga úr losun í samræmi við tæknilega getu hvers framleiðenda til að draga úr sértækri losun koltvísýrings og í samræmi við eiginleika þeirra afmörkuðu markaðssviða sem um ræðir.
- 34) Til að taka tillit til óhóflegra áhrifa á minnstu framleiðendurna, ef þeir ættu að uppfylla markmið um sértæka losun, sem ákvörðuð eru á grundvelli notkunar ökutækjanna, mikils stjórnsýsluálags vegna veitinga undanþága og þess takmarkaða ávinnings af því að draga úr losun koltvísýrings frá ökutækjunum, sem þessir framleiðendur selja, ættu framleiðendur, sem framleiða færri en 1000 nýjar fólksbifreiðar og ný létt atvinnuökutæki, sem skráð eru árlega í Sambandinu, að falla utan gildissviðs markmiða um sértæka losun og útreikninga á umframlosunargjaldinu. Hins vegar ef framleiðandi, sem heyrir undir undanþágu, sækir engu að síður um undanþáguna og fær hana ætti slíkum framleiðanda að vera skylt að uppfylla það undanþágumarkmið.
- 35) Sú tilhögun að veita bílaframleiðendum, sem framleiða fyrir markaðskima, undanþágur frá markmiðinu sem gildir fyrir allan flotann í ESB, sem er 95 g CO₂/km, tryggir að sú vinna við að draga úr losun, sem krafist er af þeim framleiðendum sem framleiða fyrir markaðskima, samrýmist því sem krafist er af stórframleiðendum með tilliti til þessa markmiðs. Rétt þykir að halda áfram að veita þeim framleiðendum sem framleiða fyrir markaðskima kost á að fá einnig undanþágu frá markmiðunum sem gilda 2025–2028.

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

- 36) Þegar sértæk meðalkoltvísyringslosun fyrir allar nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki, sem skráð eru í Sambandinu og framleiðendur bera ábyrgð á, er ákvörðuð ætti að telja með allar fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki, óháð massa þeirra eða öðrum eiginleikum, eftir því sem við á. Jafnvel þótt reglugerð (EB) nr. 715/2007 taki ekki til fólksbifreiða og léttra ökutækja með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2610 kg og sem gerðarviðurkenningin í samræmi við 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar er ekki útvíkkuð til, ætti að mæla losun þessara ökutækja í samræmi við sömu mæliaðferðirnar og eru tilgreindar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007, einkum aðferðirnar, sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽¹⁴⁾ og í reglugerð (ESB) 2017/1151, og fylgniaðferðirnar, sem samþykktar eru á grundvelli reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011, einkum framkvæmdarreglugerðirnar (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153. Skrá ætti losunargildin fyrir koltvísyring, sem fást, í samræmisvottorð ökutækisins til að hægt sé að hafa þau með í vöktunaráætluninni.
- 37) Úthluta ætti framleiðanda grunnökutækisins sértæka losun koltvísyrings fyrir fjölþrepa fullbúið létt atvinnuökutæki.
- 38) Taka ætti til athugunar sérstaka stöðu framleiðenda léttra atvinnuökutækja sem framleiða ófullbúin ökutæki sem eru gerðarviðurkennd í mörgum þrepum. Jafnvel þótt þessir framleiðendur séu ábyrgir fyrir því að uppfylla markmiðin um koltvísyringslosun ættu þeir að hafa möguleika á því að spá fyrir um koltvísyringslosun fjölþrepa fullbúinna ökutækja með nokkurri vissu. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að þessar þarfir endurspeglar á viðeigandi hátt í framkvæmdarráðstöfununum sem samþykktar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007.
- 39) Til að tryggja þann sveigjanleika sem þarf til að ná markmiðum þessarar reglugerðar geta framleiðendur samþykkt að stofna til samlags á opnum og gagnsæjum forsendum og án mismununar. Samkomulag um að stofna til samlags ætti ekki að vara lengur en til fimm ára með möguleika á endurnýjun. Þegar framleiðendur stofna til samlags ættu þeir að teljast hafa uppfyllt markmið sín samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að meðallosun samlagsins í heild fari ekki yfir markmið samlagsins um sértæka losun.
- 40) Möguleiki framleiðenda til að stofna til samlags hefur reynst vera kostnaðarhagkvæm leið til að ná markmiðunum um koltvísyringslosun og auðveldar einkum framleiðendunum, sem framleiða takmarkað úrval af ökutækjum, til að ná þeim. Til að bæta hlutleysi í samkeppnislegu tilliti ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að gera skýra grein fyrir skilyrðunum fyrir því að sjálfstæðir framleiðendur megi stofna til samlags svo þeir geti öðlast stöðu sem jafngildir stöðu tengdra fyrirtækja.
- 41) Nauðsynlegt er að hafa fyrir hendi áreiðanlegt fylgnikerfi til að tryggja að markmiðum þessarar reglugerðar sé náð.
- 42) Til að ná koltvísyringslosuninni, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, er einnig mikilvægt að losun frá ökutækjum í notkun samrýmist koltvísyringsgildunum sem ákvörðuð eru við gerðarviðurkenningu. Við útreikning á sértækri meðalkoltvísyringslosun framleiðanda ætti framkvæmdastjórnin þar af leiðandi að geta tekið tillit til alls kerfistengds ósamræmis sem gerðarviðurkenningaryfirvöld komast að raun um að því er varðar koltvísyringslosun frá ökutækjum í notkun.
- 43) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að ákvarða og innleiða tilhögun til að staðfesta samræmi á milli koltvísyringslosunar ökutækja í notkun, eins og ákvarðað er í samræmi við WLTP-aðferðina, og koltvísyringslosunargilda sem skráð eru í samræmisvottorðið. Við mótnu þessarar tilhögunar ætti að veita ákvörðun aðferða sérstaka athygli, þ.m.t. notkun gagna frá innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun til að greina aðferðir þar sem koltvísyringsframmistaða ökutækis er bætt með stýrðum hætti í gerðarviðurkenningarprófuninni. Ef frávik eða fyrirkomulag, sem bætir koltvísyringsframmistöðu ökutækis með stýrðum hætti, greinist í tengslum við slíkar sannprófanir ætti að líta á þær niðurstöður sem nægilega ástæðu til að ætla að alvarleg hættu sé á því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum að því er varðar kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ⁽¹⁵⁾ og reglugerð (EB) nr. 715/2007 og aðildarríkin ættu á þeim grundvelli að gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. XI. kafla reglugerðar (ESB) 2018/858.
- 44) Sértæk losun koltvísyrings frá nýjum fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum er mæld á samræmdum grundvelli í Sambandinu í samræmi við WLTP-aðferðina. Til að halda stjórnsýsluálagi vegna þessarar reglugerðar í lágmarki skulu

⁽¹⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðsefirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjútíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

gögn um skráningu nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja innan Sambandsins, sem aðildarríkin taka saman og senda til framkvæmdastjórnarinnar, höfð til viðmiðunar þegar lagt er mat á það hvort farið sé að tilskildum ákvæðum. Til að tryggja samkvæmni þeirra gagna sem notuð eru til að meta hvort farið sé að tilskildum ákvæðum skal samræma reglur um gagnasöfnun og skýrslugjöf eins og mögulegt er. Því ætti að taka skýrt fram ábyrgð lögbærs yfirvalds sem felst í því að leggja fram rétt og fullnægjandi gögn sem og nauðsyn skilvirkrar samvinnu á milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar til að ráða bót á vandamálum tengdum gæðum gagna.

- 45) Meta ætti á vettvangi Sambandsins hvort framleiðendur uppfylli markmiðin sem sett eru fram í þessari reglugerð. Framleiðendur með sértæka meðalkoltvísyringslosun, sem er meiri en það sem leyfilegt er samkvæmt þessari reglugerð, ættu að greiða umframlosunargjald að því er varðar hvert almanaksár. Fjárhæðir umframlosunargjaldsins ættu að reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin ætti, í endurskoðun sinni árið 2023, að meta möguleikann á því að leggja umframlosunargjaldið í sérstakan sjóð eða úthluta því til viðeigandi áætlunar sem miðar að því að tryggja réttláta umbreytingu í átt að hreyfanleika með engri losun og styðja endurbjálfun, viðbótarpjálfun og aðra færniþjálfun starfsfólks í ökutækjageiranum.
- 46) Með hliðsjón af tilgangi og málsmeðferðarreglum þessarar reglugerðar ættu hver konar landsbundnar ráðstafanir, sem aðildarríki er heimilt að viðhalda eða innleiða í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE), ekki að fela í sér að fleiri eða strangari viðurlögum verði beitt gagnvart framleiðendum sem ná ekki markmiðum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
- 47) Þessi reglugerð ætti ekki hafa áhrif á fullnaðarþingningu samkeppnisreglna Sambandsins.
- 48) Skilvirkni markmiðanna, sem sett eru fram í þessari reglugerð og stuðla að því að draga úr raunverulegri koltvísyringslosun, veltur að verulegu leyti á því hversu dæmigerð opinbera prófunaraðferðin er fyrir raunverulegan akstur. Í samræmi við vísindalegt álit 1/2016 frá vísindalegum ráðgjafahópi (SAM), sem ber yfirskriftina „Brúun bilsins á milli raunverulegrar koltvísyringslosunar léttra ökutækja og prófana á rannsóknarstofu“ og tilmæli Evrópuþingsins frá 4. apríl 2017 til ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, í kjölfar rannsókna þess á mælingum á losun á sviði vélknúinna ökutækja⁽¹⁶⁾, ætti að koma á fyrirkomulagi til að meta hversu dæmigerð gildin fyrir koltvísyringslosun ökutækja og orkunotkun, sem ákveðin eru í samræmi við WLTP-aðferðina, eru fyrir gildin við raunverulegan akstur. Áreiðanlegasta leiðin til að tryggja að gerðarviðurkenningargildi séu dæmigerð fyrir gildi við raunverulegan akstur er að nota gögn frá innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun. Framkvæmdastjórnin ætti því að hafa vald til að móta verklagsreglur, sem nauðsynlegar eru til að safna og vinna úr gögnum um eldsneytis- og orkunotkun sem krafist er við gerð slíks mats, og tryggja aðgengi almennings að slíkum gögnum um leið og hún tryggir vernd allra persónuupplýsinga. Auk þess er rétt, til að tryggja aðgang að gögnum um eldsneytis- og orkunotkun rafknúinna ökutækja (e. *battery electric vehicles*) og ökutækja með aflrásir sem nota loftkennt eldsneyti, þ.m.t. vetni, að vinnu við stöðlun innbyggðs vöktunarbúnaðar fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun fyrir slík ökutæki verði haldið áfram án tafar sem hluti af framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/1151.
- 49) Framkvæmdastjórnin ætti enn fremur að meta hvernig gögn um eldsneytis- og orkunotkun geti hjálpað til við að tryggja að koltvísyringslosun ökutækja, sem ákveðin er í samræmi við WLTP-aðferðina, verði áfram dæmigerð fyrir losun við raunverulegan akstur til lengri tíma fyrir alla framleiðendur og nánar tiltekið hvernig unnt sé að nota slík gögn til að vakta muninn á milli koltvísyringslosunar á rannsóknarstofu og þeirrar sem verður við raunverulegan akstur og, ef nauðsyn krefur, til að koma í veg fyrir að þessi munur aukist.
- 50) Mikilvægt er að meta losun koltvísyrings á öllum vistferli fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja á vettvangi Sambandsins. Í því skyni ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 2023, að meta möguleikann á því að þróa sameiginlega aðferðafræði Sambandsins til að meta og gefa áreiðanlega skýrslu um gögn sem varða losun koltvísyrings á öllum vistferli slíkra ökutækja sem sett eru á markað í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja ráðstafanir til eftirfylgni, þ.m.t., eftir því sem við á, tillögur að nýrri löggjöf.
- 51) Árið 2024 mun fara fram endurskoðun á þeim framförum sem orðið hafa samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 og tilskipun 2003/87/EB. Því er viðeigandi að árið 2023 fari fram ítarleg endurskoðun á skilvirkni þessarar reglugerðar svo unnt sé að gera samræmt og samfellt mat á ráðstöfununum sem framkvæmdar eru samkvæmt öllum þessum gerningum. Í endurskoðuninni árið 2023 ætti framkvæmdastjórnin einnig að móta skýra stefnu um frekari skerðingu koltvísyringslosunar fyrir fólksbifreiðar og létta atvinnuökutæki eftir 2030 til að stuðla að því í hvívetna að langtímamarkmiðum Parísarsamningsins verði náð. Eftir því sem við á ætti tillaga að breytingu á þessari reglugerð að fylgja skýrslunni um endurskoðunina.

⁽¹⁶⁾ Stjttíð. ESB C 298, 23.8.2018, bls. 140.

- 52) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í tengslum við ákvörðun nákvæmra skilyrða fyrir samlagsfyrirkomulag, samþykkt ítarlegra reglna um verklag um vöktun og skýrslugjöf gagna um meðallosun og um beitingu II. og III. viðauka, samþykkt ítarlegra reglna um verklag um skýrslugjöf vegna frávíka sem greinast, í kjölfar sannprófana, í losun koltvísýrings frá ökutækjum í notkun þar sem tillit er tekið til þessara frávíka við útreikninginn á sértækri meðalkoltvísýringslosun framleiðenda, ákvörðun úrræða við innheimtu umframlosunargjalda, birtingu frammistöðu framleiðenda, samþykkt ítarlegra ákvæða um verklag um að viðurkenna nýsköpunartæknina eða nýsköpunartæknipakka, samþykkt nákvæmra verklagsreglna um söfnun og vinnslu mælipáttanna í tengslum við koltvísýringslosun og eldsneytis- eða orkunotkun við raunverulegan akstur fólksbifreiða og létttra atvinnuökutækja, ákvörðun verklagsreglna um framkvæmd sannprófananna á því (i) að gildin fyrir koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu, sem skráð eru í samræmisvottorðin, samsvari koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu ökutækja í notkun og (ii) að fyrir hendi sé fyrirkomulag um borð í eða í tengslum við úrtaksökutækin sem bætur frammistöðu ökutækisins með stýrðum hætti í prófunum, sem gerðar eru vegna gerðarviðurkenningar, og ákvörðun fylgnibreytnanna sem nauðsynlegar eru til að endurspeglar allar breytingar á lögbundnu prófunaraðferðinni við mælingu á sértækri losun koltvísýrings. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁷⁾.
- 53) Til að breyta veigalitlum ákvæðum þessarar reglugerðar eða bæta við þau, eins og við á, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að breyta kröfum um gögn og gagnamælipætti, sem sett eru fram í II. og III. viðauka þessarar reglugerðar, mæla fyrir um reglur að því er varðar túlkun á viðmiðunum vegna undanþáguréttar fyrir tiltekna framleiðendur, innihald umsókna um undanþágu og innihald og mat á áætlunum um að draga úr sértækri losun koltvísýrings, breyta A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð í þeim tilgangi að setja fram formúlur til að reikna út undanþágumarkmiðin fyrir framleiðendur sem framleiða fyrir markaðskima, aðlaga efri mörkin fyrir samanlagt framlag nýsköpunartækni til að draga úr sértækri meðalkoltvísýringslosun framleiðenda frá 2025, setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglur um framkvæmd sannprófana, gera ráðstafanir til að aðlaga M₀- og TM₀-gildin og aðlaga formúlurnar til að reikna út markmið um sértæka losun til að endurspeglar breytinguna sem verður á lögbundnu prófunaraðferðinni. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁸⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 54) Reglugerðir (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ættu að falla úr gildi frá og með 1. janúar 2020.
- 55) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að ákvarða kröfur um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Í þessari reglugerð eru ákvarðaðar kröfur um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki til að stuðla að því að ná markmiði Sambandsins um að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/842 og markmiðum Parísarsamningsins, og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjút. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹⁸⁾ Stjút. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

2. Í þessari reglugerð er ákvarðað, frá og með 1. janúar 2020, markmið fyrir allan flotann í ESB um 95 g meðallosun CO₂/km að því er varðar nýjar fólksbifreiðar og markmið fyrir allan flotann í ESB um 147 g meðallosun CO₂/km að því er varðar ný, létt atvinnuökutæki, sem skráð eru í Sambandinu samkvæmt mælingu til og með 31. desember 2020, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 692/2008 ásamt framkvæmdarreglugerðunum (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153, og frá og með 1. janúar 2021 samkvæmt mælingu í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151.
3. Sem hluti af samþættri stefnu Sambandsins, sem um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 2007 sem ber yfirskriftina „Niðurstöður endurskoðunar á áætlun Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“, mun þessari reglugerð fylgja viðbótarráðstafanir til og með 31. desember 2024 sem samsvara því að draga úr losun sem nemur 10 g CO₂/km.
4. Frá og með 1. janúar 2025 skulu eftirfarandi markmið gilda fyrir allan flotann í ESB:
 - a) markmið fyrir allan flotann í ESB sem samsvarar skerðingu sem nemur 15% af markmiðinu fyrir 2021, ákvarðað í samræmi við lið 6.1.1 í A-hluta I. viðauka, að því er varðar meðallosun fyrir flota nýrra fólksbifreiða,
 - b) markmið fyrir allan flotann í ESB sem samsvarar skerðingu sem nemur 15% af markmiðinu fyrir 2021, ákvarðað í samræmi við lið 6.1.1 í B-hluta I. viðauka, að því er varðar meðallosun fyrir flota nýrra, léttra atvinnuökutækja.
5. Frá og með 1. janúar 2030 skulu eftirfarandi markmið gilda fyrir allan flotann í ESB:
 - a) markmið fyrir allan flotann í ESB sem samsvarar skerðingu sem nemur 37,5% af markmiðinu fyrir 2021, ákvarðað í samræmi við lið 6.1.2 í A-hluta I. viðauka, að því er varðar meðallosun fyrir flota nýrra fólksbifreiða,
 - b) markmið fyrir allan flotann í ESB sem samsvarar skerðingu sem nemur 31% af markmiðinu fyrir 2021, ákvarðað í samræmi við lið 6.1.2 í B-hluta I. viðauka, að því er varðar meðallosun fyrir flota nýrra, léttra atvinnuökutækja.
6. Frá og með 1. janúar 2025 skulu viðmið fyrir ökutæki með engri og lítilli losun, sem samsvara 15% hlutdeild af flota nýrra fólksbifreiða annars vegar og nýrra, léttra atvinnuökutækja hins vegar, gilda í samræmi við lið 6.3 í A- og B-hluta I. viðauka.
7. Frá og með 1. janúar 2030 skulu eftirfarandi viðmið fyrir ökutæki með engri og lítilli losun gilda í samræmi við lið 6.3 í A- og B-hluta I. viðauka:
 - a) viðmið sem samsvarar 35% af hlutdeild flota nýrra fólksbifreiða og
 - b) viðmið sem samsvarar 30% af hlutdeild flota nýrra, léttra atvinnuökutækja.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi vélknúin ökutæki:
 - a) í flokki M₁, samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB („fólksbifreiðar“), sem eru skráð í Sambandinu í fyrsta skipti og hafa ekki áður verið skráð utan Sambandsins („nýjar fólksbifreiðar“),
 - b) í flokki N₁, samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, með viðmiðunarmassa, sem er ekki meiri en 2610 kg, og um ökutæki í flokki N₁, sem gerðarviðurkenning hefur verið rýmkuð fyrir, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 („létt atvinnuökutæki“), sem eru skráð í Sambandinu í fyrsta skipti og hafa ekki áður verið skráð utan Sambandsins („ný, létt atvinnuökutæki“). Ef um er að ræða ökutæki með engri losun í flokki N með viðmiðunarmassa yfir 2610 kg eða 2840 kg, eftir því sem við á, skulu þau, frá og með 1. janúar 2025, að því er varðar þessa reglugerð og með fyrirvara um tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 715/2007, reiknast sem létt atvinnuökutæki sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar ef umframviðmiðunarmassinn er aðeins vegna massa orkugeymslukerfisins.
2. Ekki skal telja með fyrri skráningu utan Sambandsins sem fór fram innan þriggja mánaða frá skráningu innan Sambandsins.
3. Þessi reglugerð gildir ekki um ökutæki til sérstakra nota, eins og þau eru skilgreind í 5. lið A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

4. Ákvæði 4. gr., 7. gr. (b- og c-liður 4. mgr.), 8. gr. og 9. gr. (a- og c-liður 1. mgr.) skulu ekki gilda um framleiðanda sem, að meðtöldum öllum hans tengdu fyrirtækjum, ber ábyrgð á færri en 1000 nýjum fólksbifreiðum eða færri en 1000 nýjum, léttum atvinnuökutækjum, sem skráð eru í Sambandinu á næstliðnu almanaksári, nema framleiðandinn sæki um og fái undanþágu í samræmi við 10. gr.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „sértæk meðalkoltvísyringslosun“: að því er varðar framleiðanda, sértæk meðalkoltvísyringslosun frá öllum nýjum fólksbifreiðum eða öllum nýjum, léttum atvinnuökutækjum, sem hann framleiðir,
 - b) „samræmisvottorð“: samræmisvottorðið sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2007/46/EB,
 - c) „fjölþrepa fullbúið ökutæki“: létt atvinnuökutæki sem fær gerðarviðurkenningu þegar það hefur farið í gegnum ferli fjölþrepa gerðarviðurkenningar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB,
 - d) „fullbúið ökutæki“: létt atvinnuökutæki sem þarf ekki að vera fullbúið til að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur tilskipunar 2007/46/EB,
 - e) „grunnökutæki“: létt atvinnuökutæki sem notað er á fyrsta þrepi fjölþrepa gerðarviðurkenningar,
 - f) „framleiðandi“: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar,
 - g) „massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs“ eða „M“: massi fólksbifreiðar eða léttis atvinnuökutækis með yfirbyggingu þegar það er tilbúið til aksturs, eins og tilgreint er í samræmisvottorðinu og skilgreint í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,
 - h) „sértæk losun koltvísyrings“: sú losun koltvísyrings frá fólksbifreið eða léttu atvinnuökutæki sem er mæld í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og framkvæmdarreglugerðir hennar og er tilgreind sem massi koltvísyringslosunar (blandaður akstur) í samræmisvottorði ökutækisins; hvað varðar fólksbifreiðar eða létt atvinnuökutæki, sem eru ekki gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007, er „sértæk losun koltvísyrings“ sú losun koltvísyrings sem er mæld samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007, sérstaklega í samræmi við sömu mæliaðferð og tilgreind er í reglugerð (EB) nr. 692/2008 til og með 31. desember 2020 og frá og með 1. janúar 2021 í reglugerð (ESB) 2017/1151, eða í samræmi við þær aðferðir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt til að ákvarða losun koltvísyrings fyrir slík ökutæki,
 - i) „grunnflötur“: meðalsporvídd margfölduð með hjólhafi, eins og tilgreint er í samræmisvottorðinu og skilgreint í liðum 2.1 og 2.3 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,
 - j) „markmið um sértæka losun“: að því er varðar framleiðanda, árlegt markmið sem er ákvarðað í samræmi við I. viðauka, eða, ef framleiðanda er veitt undanþága í samræmi við 10. gr., markmið um sértæka losun sem ákvarðað er í samræmi við þá undanþágu,
 - k) „markmið fyrir allan flotann í ESB“: meðalkoltvísyringslosun frá öllum nýjum fólksbifreiðum eða nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem á að ná á tilteknu tímabili,
 - l) „prófunarmassi“: prófunarmassi fólksbifreiðar eða léttis atvinnuökutækis eins og tilgreint er í samræmisvottorðinu og skilgreint í lið 3.2.25 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,
 - m) „ökutæki með engri og lítilli losun“: fólksbifreið eða létt atvinnuökutæki með losun í gegnum útblástursrör frá 0 að 50 g CO₂/km, eins og ákvarðað er í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151,
 - n) „farmþungi“: munurinn á tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu skv. II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB og massa ökutækisins.
2. Í þessari reglugerð er „hópur tengdra framleiðenda“ framleiðandinn og tengd fyrirtæki hans. Hvað varðar framleiðanda eru „tengd fyrirtæki“:
 - a) fyrirtæki þar sem framleiðandinn, beint eða óbeint:
 - i. ræður yfir meirihluta atkvæða eða

- ii. getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða aðila sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða
 - iii. hefur rétt til að stjórna rekstri fyrirtækisins,
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd yfir framleiðandanum sem um getur í a-lið,
 - c) fyrirtæki þar sem eitt fyrirtækið, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem um getur í a-lið,
 - d) fyrirtæki þar sem framleiðandinn og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem um getur í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem um getur í a-lið,
 - e) fyrirtæki þar sem framleiðandinn eða eitt eða fleiri tengd fyrirtæki, sem um getur í a- til d-lið, og einn eða fleiri þriðju aðilar hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem um getur í a-lið.

4. gr.

Markmið um sértæka losun

1. Framleiðandanum er skylt að tryggja að sértæk meðalkoltvísyringslosun fari ekki yfir eftirfarandi markmið um sértæka losun:
 - a) markmið um sértæka losun fyrir almanaksárið 2020, sem er ákvarðað í samræmi við 1. og 2. lið í A-hluta I. viðauka, ef um er að ræða fólksbifreiðar eða, 1. og 2. lið í B-hluta I. viðauka, ef um er að ræða létt atvinnuökutæki eða, í þeim tilvikum þar sem framleiðanda er veitt undanþága, skv. 10. gr., í samræmi við þá undanþágu,
 - b) markmið um sértæka losun fyrir hvert almanaksár frá 2021–2024, sem eru ákvörðuð í samræmi við 3. og 4. lið í A- eða B-hluta I. viðauka, eins og við á, eða, í þeim tilvikum þar sem framleiðanda er veitt undanþága skv. 10. gr., í samræmi við þá undanþágu og 5. lið í A- eða B-hluta I. viðauka,
 - c) markmið um sértæka losun fyrir hvert almanaksár frá 2025, sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 6.3 í A- eða B-hluta I. viðauka, eða, í þeim tilvikum þar sem framleiðanda er veitt undanþága skv. 10. gr., í samræmi við þá undanþágu.
2. Ef um er að ræða létt atvinnuökutæki, þar sem sértæk losun koltvísyrings frá fjölþrepa fullbúnu ökutæki er ekki tiltæk, skal framleiðandi grunnökutækisins nota sértæka meðalkoltvísyringslosun grunnökutækisins til að ákvarða sértæka meðalkoltvísyringslosun þess.
3. Til að ákvarða sértæka meðalkoltvísyringslosun fyrir hvern framleiðanda skal reikna með eftirfarandi hundradshlutum af öllum nýjum fólksbifreiðum hvers framleiðanda sem skráðar eru á viðkomandi ári:

- 95% árið 2020,
- 100% frá 2021.

5. gr.

Sérstakar ívilnanir

Við útreikning á sértækri meðalkoltvísyringslosun skulu allar nýjar fólksbifreiðar með sértæka meðalkoltvísyringslosun, sem er minni en 50 g CO₂/km, reiknast sem:

- 2 fólksbifreiðar árið 2020,
- 1,67 fólksbifreiðar árið 2021,
- 1,33 fólksbifreiðar árið 2022,
- 1 fólksbifreið frá 2023

að því er varðar skráningarár þeirra á tímabilinu 2020–2022, með fyrirvara um efri mörk sem nema 7,5 g losun CO₂/km fyrir hvern framleiðanda á því tímabili, eins og hún er reiknuð út í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1153.

6. gr.

Stofnun samlags

1. Framleiðendur, aðrir en þeir framleiðendur sem hlotið hafa undanþágu skv. 10. gr., mega stofna til samlags til að uppfylla skyldur sínar skv. 4. gr.
2. Heimilt er að samningur um að stofna til samlags gildi í fleiri en eitt almanaksár, að því tilskildu að gildistími hvers samnings sé ekki lengri en fimm almanaksár og að hann öðlist gildi fyrir 31. desember á fyrsta almanaksárinu þar sem losun á að reiknast innan samlagsins. Framleiðendur sem stofna til samlags skulu senda eftirfarandi upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar um:
 - a) framleiðendur sem munu taka þátt í samlaginu,
 - b) framleiðanda sem er tilnefndur sem samlagsstjóri og mun verða tengiliður fyrir samlagið ásamt því að vera ábyrgur fyrir því að greiða hvers konar umframlosunargjald sem lagt er á samlagið í samræmi við 8. gr.,
 - c) gögn sem sýna fram á að samlagsstjórnin geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt b-lið,
 - d) flokka ökutækja, sem skráð eru sem M₁ eða N₁, sem samlagið skal gilda um.
3. Þegar tilnefndur samlagsstjóri nær ekki að uppfylla kröfuna um að greiða umframlosunargjaldið, sem lagt er á samlagið í samræmi við 8. gr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna framleiðendum um það.
4. Framleiðendur, sem eru hluti af samlagi, skulu í sameiningu upplýsa framkvæmdastjórnina um breytingar sem varða samlagsstjórnann eða fjárhag samlagsins, svo fremi að slíkar breytingar hafi áhrif á getu þess til að greiða umframlosunargjaldið, sem lagt er á samlagið í samræmi við 8. gr., um allar breytingar á þátttöku í samlaginu eða ef það verður leyst upp.
5. Framleiðendum er heimilt að taka þátt í samlagsfyrirkomulagi, að því tilskildu að samningur þeirra uppfylli ákvæði 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og að þeir heimili öllum framleiðendum, sem þess óska, að taka þátt í samlaginu með opnum og gagnsæjum hætti, án mismununar og með sanngjörnum viðskiptaskilmálum. Með fyrirvara um samkeppnisreglur Sambandsins, sem gilda almennt um samlög af þessu tagi, skulu allir þátttakendur í samlagi einkum tryggja að hvorki samnýting gagna né upplýsingaskipti eigi sér stað innan ramma samlagsfyrirkomulags þeirra, nema að því er varðar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) sértæka meðalkoltvísyringslosun,
 - b) markmið um sértæka losun,
 - c) heildarfjöldi skráðra ökutækja.
6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki gilda þegar allir framleiðendur í tilteknu samlagi eru hluti af sama hópi tengdra framleiðenda.
7. Framleiðendur í samlagi, sem leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, skulu teljast sem einn framleiðandi þegar kemur að því að uppfylla skyldurnar skv. 4. gr., nema þegar um er að ræða tilkynningu skv. 3. mgr. þessarar greinar. Upplýsingar um vöktun og skýrslugjöf, að því er varðar einstaka framleiðendur og samlög, verða skráðar, tilkynntar og gerðar aðgengilegar í miðlægu skránni sem um getur í 4. mgr. 7. gr.
8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða, með framkvæmdargerðum, ítarleg skilyrði sem skulu gilda um samlagsfyrirkomulag sem komið var á skv. 5. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

7. gr.

Vöktun á og skýrslugjöf varðandi meðallosun

1. Hvert aðildarríki skal skrá upplýsingar fyrir hvert almanaksár um allar nýjar fólksbifreiðar og öll ný, létt atvinnuökutæki, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, í samræmi við A-hluta II. og III. viðauka við þessa reglugerð. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar framleiðendum og tilteknum innflytjendum þeirra eða fulltrúum í hverju aðildarríki. Aðildarríkin skulu leita allra leiða til að tryggja að skýrslugjafaraðilarnir starfi með gagnsæjum hætti. Hvert aðildarríki skal tryggja að sértæk losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, sem ekki eru gerðarviðurkenndar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007, sé mæld og skráð í samræmisvottorð þeirra.

2. Eigi síðar en 28. febrúar ár hvert skal hvert aðildarríki ákvarða upplýsingarnar, sem skráðar eru í A-hluta II. og III. viðauka, að því er varðar næstliðið almanaksár, og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar. Gögnin skulu send á því sniði sem er tilgreint í B-hluta II. viðauka og C-hluta III. viðauka.

3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal aðildarríki einnig senda öll gögnin sem var safnað skv. 1. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal halda miðlæga skrá yfir gögnin úr skýrslugjöf aðildarríkjanna, samkvæmt þessari grein, og eigi síðar en 30. júní ár hvert skal framkvæmdastjórnin reikna eftirfarandi út til bráðabirgða að því er varðar hvern framleiðanda:

- a) sértæka meðalkoltvísyringslosun á næstliðnu almanaksári,
- b) markmið um sértæka losun á næstliðnu almanaksári,
- c) mismuninn á sértækri meðalkoltvísyringslosun á næstliðnu almanaksári og markmiði um sértæka losun fyrir það ár.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hverjum framleiðanda um bráðabirgðaútreikning sinn varðandi þann framleiðanda. Í tilkynningunni skulu koma fram gögn fyrir hvert aðildarríki um fjölda nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja, sem skráð hafa verið, og um sértæka losun koltvísyrings frá þeim.

Skráin skal vera aðgengileg öllum.

5. Innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt hefur verið um bráðabirgðaútreikninginn, skv. 4. mgr., er framleiðendum heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar villur í gögnunum og tilgreina sérstaklega í hvaða aðildarríki þeir telja að villan hafi átt sér stað.

Framkvæmdastjórnin skal skoða allar tilkynningar frá framleiðendum og skal hún, eigi síðar en 31. október, annaðhvort staðfesta eða leiðrétta bráðabirgðaútreikninginn skv. 4. mgr.

6. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald, sem sér um að safna vöktunargögnum og framsenda þau í samræmi við þessa reglugerð, og tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnda lögbæra yfirvaldið.

Tilnefndu lögbæru yfirvöldin skulu sjá til þess að gögnin, sem send eru til framkvæmdastjórnarinnar, séu rétt og tæmandi og þau skulu útvega tengilið sem þarf að geta brugðist tafarlaust við beiðnum frá framkvæmdastjórninni í því skyni að leiðrétta villur og ráða bót á því sem á vantar í framsendu gagnasöfnunum.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar reglur um verklag um vöktun og skýrslugjöf gagna, skv. 1.–6. mgr. þessarar greinar, og um beitingu II. og III. viðauka. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., í því skyni að breyta gagnakröfum og gagnamælipáttum sem sett eru fram í II. og III. viðauka.

9. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu án tafar gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um frávík sem greinast í koltvísyringslosun ökutækja í notkun í samanburði við sértæka losun koltvísyrings, eins og skráð er í samræmisvottorðin, í kjölfar niðurstaðna sannprófana sem gerðar voru í samræmi við 13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara frávika við útreikning á sértækri meðalkoltvísyringslosun framleiðanda.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar reglur um verklag um skýrslugjöf slíkra frávika og hvernig beri að taka tillit til þeirra í útreikningunum á sértækri meðalkoltvísyringslosun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

10. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2023, meta möguleikann á því að þróa sameiginlega aðferðafræði Sambandsins til að meta og gefa áreiðanlega skýrslu um gögn sem varða koltvísyringslosun á öllum vistferli fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja sem sett eru á markað í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu þetta mat, þ.m.t., eftir því sem við á, tillögur að ráðstöfunum til eftirfylgni, eins og tillögur að nýrri löggjöf.

11. Aðildarríki skulu einnig safna gögnum og gefa skýrslu um þau, í samræmi við þessa grein, varðandi skráningar ökutækja í flokki M₂ og N₂, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, með viðmiðunarmassa, sem er ekki meiri en 2610 kg, og ökutæki, sem gerðarviðurkenning hefur verið rýmkuð fyrir, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

8. gr.

Umframlosunargjald

1. Ef sértæk meðalkoltvísyringslosun framleiðanda fyrir tiltekið almanaksár fer yfir markmið hans um sértæka losun skal framkvæmdastjórnin leggja umframlosunargjald á framleiðanda eða samlagsstjóra, eftir því sem við á.
2. Útreikningar á umframlosunargjaldinu, skv. 1. mgr., skulu byggjast á eftirfarandi formúlu:

$(\text{Umframlosun} \times 95 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýskráðra ökutækja}$.

Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „umframlosun“: jákvæður fjöldi gramma á kílómetra þar sem sértæk meðalkoltvísyringslosun framleiðanda, að teknu tilliti til þess að dregið sé úr losun koltvísyrings vegna nýsköpunartækni sem hefur verið viðurkennd í samræmi við 11. gr., er meiri en markmið hans um sértæka losun á almanaksárinu eða á hluta þess, sem skuldbindingin skv. 4. gr. gildir um, námundað að næstu þremur aukastöfum, og
 - „fjöldi nýskráðra ökutækja“: sá fjöldi nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja, talinn sitt í hvoru lagi, sem framleiðandinn framleiðir og var skráður á því tímabili samkvæmt viðmiðununum um innleiðingu í áföngum sem settar eru fram í 3. mgr. 4. gr.
3. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða, með framkvæmdargerðum, úrræði til að innheimta umframlosunargjald sem er lagt á skv. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.
 4. Fjárhæðir umframlosunargjaldsins skulu reiknast sem tekjur í fjárlögum Sambandsins.

9. gr.

Birting frammistöðu framleiðenda

1. Eigi síðar en 31. október ár hvert skal framkvæmdastjórnin birta, með framkvæmdargerðum, skrá þar sem eftirfarandi er tilgreint:
 - a) markmið hvers framleiðanda um sértæka losun á næstliðnu almanaksári,
 - b) sértæk meðalkoltvísyringslosun hvers framleiðanda á næstliðnu almanaksári,
 - c) mismunurinn á sértækri meðalkoltvísyringslosun framleiðandans á næstliðnu almanaksári og markmiði hans um sértæka losun fyrir það ár,
 - d) sértæk meðalkoltvísyringslosun frá öllum nýjum fólksbifreiðum og nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem skráð voru í Sambandinu á næstliðnu almanaksári,
 - e) meðalmassi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að því er varðar allar nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki sem skráð voru í Sambandinu á næstliðnu almanaksári til og með 31. desember 2020,
 - f) meðalprófunarmassi allra nýrra fólksbifreiða og nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð voru í Sambandinu á næstliðnu almanaksári.
2. Einnig skal geta þess í skránni, sem var birt skv. 1. mgr. þessarar greinar, hvort framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar í 4. gr. í tengslum við næstliðið almanaksár.
3. Enn fremur skal skráin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar birtinguna sem er eigi síðar en 31. október 2022, innihalda eftirfarandi:
 - a) markmiðin fyrir allan flotann í ESB fyrir árin 2025 og 2030, sem um getur í 4. og 5. mgr. 1. gr., sem framkvæmdastjórnin reiknar út í samræmi við lið 6.1.1. og 6.1.2. í A- og B-hluta I. viðauka,
 - b) gildin fyrir a_{2021} , a_{2025} og a_{2030} sem framkvæmdastjórnin reiknar út í samræmi við lið 6.2. í A- og B-hluta I. viðauka.

10. gr.

Undanþágur fyrir tiltekna framleiðendur

1. Framleiðandi getur sótt um undanþágu frá markmiðinu um sértæka losun, sem er reiknað út í samræmi við I. viðauka, ef hann framleiðir færri en 10 000 nýjar fólksbifreiðar eða 22 000 ný, létt atvinnuökutæki sem skráð eru í Sambandinu á hverju almanaksári og ef hann:

- a) er ekki hluti af hópi tengdra framleiðenda eða
- b) er hluti af hópi tengdra framleiðenda sem ber samtals ábyrgð á færri en 10 000 nýjum fólksbifreiðum eða 22 000 nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem skráð eru í Sambandinu á almanaksárinu eða
- c) er hluti af hópi tengdra framleiðenda en starfrækir eigin framleiðslustöðvar og hönnunarmiðstöð.

2. Heimilt er að veita undanþágu, sem sótt er um skv. 1. mgr., í mesta lagi fimm almanaksár og undanþágan er endurnýjanleg. Umsóknin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina og skal hún innihalda:

- a) heiti framleiðandans og nafn tengiliðar hans,
- b) gögn sem staðfesta að framleiðandinn eigi rétt á undanþágu skv. 1. mgr.,
- c) upplýsingar um þær fólksbifreiðar eða þau léttu atvinnuökutæki sem framleiðandinn framleiðir, þ.m.t. prófunarmassa þessara fólksbifreiða eða léttu atvinnuökutækja og sértæka koltvísýringslosun þeirra og
- d) markmið um sértæka losun í samræmi við getu framleiðandans til að draga úr losun, þ.m.t. efnahagslega og tæknilega getu hans til að draga úr sértækri losun sinni á koltvísýringi, að teknu tilliti til eiginleika þess markaðar sem tegund fólksbifreiðarinnar eða léttu atvinnuökutækisins er framleidd fyrir.

3. Framkvæmdastjórnin skal veita framleiðanda undanþágu þegar hún telur framleiðanda eiga rétt á því, skv. 1. mgr., og er þess fullviss að markmiðið um sértæka losun, sem framleiðandinn leggur til, sé í samræmi við getu hans til að draga úr losun, þ.m.t. efnahagslega og tæknilega getu hans til að draga úr sértækri losun sinni á koltvísýringi, að teknu tilliti til eiginleika þess markaðar sem tegund fólksbifreiðarinnar eða léttu atvinnuökutækisins er framleidd fyrir.

Umsóknina skal leggja fram eigi síðar en 31. október, fyrsta árið sem undanþágan gildir fyrir.

4. Framleiðandi getur sótt um undanþágu frá markmiðinu um sértæka losun, sem er reiknað út í samræmi við 1.–4. lið og lið 6.3 í A-hluta I. viðauka, ef hann, ásamt öllum tengdum fyrirtækjum sínum, ber ábyrgð á bilinu 10 000–300 000 nýjum fólksbifreiðum sem skráðar eru í Sambandinu á hverju almanaksári.

Framleiðandi getur lagt inn slíka umsókn fyrir hönd sjálfs síns eða fyrir hönd sjálfs síns ásamt öllum tengdum fyrirtækjum sínum. Umsóknin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina og skal hún innihalda:

- a) allar upplýsingarnar, sem um getur í a- og c-lið 2. mgr., þ.m.t. upplýsingar um öll tengd fyrirtæki, ef við á,
- b) í tengslum við umsóknir, sem vísa til 1.–4. liðar í A-hluta I. viðauka, markmið sem nemur 45% lækun á sértækri meðalkoltvísýringslosun árið 2007 eða, þegar ein umsókn er lögð fram fyrir hönd margra tengdra fyrirtækja, markmið sem er að meðaltali 45% lægra en sértæk meðalkoltvísýringslosun þessara fyrirtækja árið 2007,
- c) í tengslum við umsóknir, sem vísa til liðar 6.3 í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð, markmið, sem gildir fyrir almanaksárin 2025–2028, sem er skerðingin, sem tilgreind er í a-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, varðandi markmiðið, sem reiknað er út í samræmi við b-lið þessarar málsgreinar, að teknu tilliti til koltvísýringslosunar sem mæld er samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151.

Þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um sértæka meðalkoltvísýringslosun framleiðanda fyrir árið 2007 skal framkvæmdastjórnin ákvarða samsvarandi losunarmarkmið, sem byggist á bestu fánlegu tækni til að draga úr losun koltvísýrings sem er notuð í fólksbifreiðum af sambærilegum massa, að teknu tilliti til eiginleika þess markaðar sem bifreiðartegundin er framleidd fyrir. Umsækjandinn skal nota þetta markmið að því er varðar b-lið annarrar undirgreinar.

Framkvæmdastjórnin skal veita framleiðanda undanþágu þegar sýnt hefur verið fram á að skilyrði fyrir undanþágunni, sem um getur í þessari málsgrein, hafi verið uppfyllt.

5. Framleiðandi, sem hlotið hefur undanþágu í samræmi við þessa grein, skal tilkynna framkvæmdastjórninni umsvifalaust um allar breytingar sem hafa áhrif á eða geta haft áhrif á rétt hans til undanþágu.

6. Þegar framkvæmdastjórnin telur að framleiðandi eigi ekki lengur rétt á undanþágu, hvort sem er á grundvelli tilkynningar skv. 5. mgr. eða af öðrum orsökum, skal hún afturkalla undanþáguna frá og með 1. janúar á næsta almanaksári og tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína.

7. Þegar framleiðandi nær ekki að uppfylla markmið sitt um sértæka losun skal framkvæmdastjórnin leggja á hann umframlosunargjald í samræmi við 8. gr.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., þar sem mælt er fyrir um reglur til viðbótar við 1.–7. mgr. þessarar greinar, að því er varðar túlkun á hæfisviðmiðunum fyrir veitingu undanþága, innihald umsóknanna og innihald og mat á áætlunum um að draga úr sértækri losun koltvísýrings.

Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., til að breyta A-hluta I. viðauka í þeim tilgangi að setja fram formúlur til að reikna út undanþágumarkmiðin sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. þessarar greinar.

9. Umsóknir um undanþágur, þ.m.t. upplýsingar þeim til stuðnings, tilkynningar skv. 5. mgr., afturkallanir skv. 6. mgr., hvers konar álagning á umframlosunargjald skv. 7. mgr. og ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 8. mgr., skulu vera aðgengilegar almenningi, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ⁽¹⁹⁾.

11. gr.

Vistvæn nýsköpun

1. Að fenginni umsókn frá birgi eða framleiðanda skal taka til greina þann koltvísýringssparnað sem náðst hefur með notkun á nýsköpunartækni eða samsetningu á nýsköpunartækni („nýsköpunartækniþökkum“).

Aðeins skal taka tillit til slíkar tækni ef sú aðferðafræði sem notuð er til að meta hana skilar sannprófanlegum, endurtakanlegum og sambærilegum niðurstöðum.

Samanlagt framlag slíkrar tækni til að draga úr sértækri meðalkoltvísýringslosun framleiðanda getur verið allt að 7 g CO₂/km.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., í því skyni að breyta þessari reglugerð með því að aðlaga efri mörkin, sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, frá 2025 til að taka tillit til tækniþróunar og tryggja á sama tíma hlutfallslegt jafnvægi efri markanna í tengslum við sértæka meðalkoltvísýringslosun framleiðenda.

2. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja ítarleg ákvæði um verklag um að viðurkenna nýsköpunartæknina eða nýsköpunartækniþakkana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Þessi ítarlegu ákvæði skulu byggjast á eftirfarandi viðmiðunum um nýsköpunartækni:

- a) birgirinn eða framleiðandinn verður að bera ábyrgð á þeim koltvísýringssparnaði sem næst fram með notkun nýsköpunartækninnar,
- b) framlag nýsköpunartækninnar til að draga úr losun koltvísýrings verður að vera sannprófanlegt,
- c) nýsköpunartæknin má ekki vera hluti af koltvísýringismælingu í stöðluðu prófunarlotunni,
- d) nýsköpunartæknin má ekki:
 - i. vera hluti af skyldubundnum ákvæðum vegna viðbótarráðstafana, sem gripið er til, í því skyni að draga úr losun sem nemur 10 CO₂/km, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., eða
 - ii. vera skyldubundin samkvæmt neinum öðrum ákvæðum laga Sambandsins.

Frá og með 1. janúar 2025 skal viðmiðuninni, sem um getur í i. lið d-liðar fyrstu undirgreinar, ekki beitt að því er varðar aukna nýtni í loftjöfnunarkerfum.

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

3. Birgir eða framleiðandi, sem sækir um að ráðstöfun verði viðurkennd sem nýsköpunartækni eða nýsköpunartæknipakki, skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, þ.m.t. sannprófunarskýrslu, sem sjálfstæður og vottaður aðili hefur unnið. Tekið skal fram í skýrslunni ef til mögulegrar víxlverkunar kemur á milli þessarar ráðstöfunar og annarrar nýsköpunartækni eða annars nýsköpunartæknipakka, sem þegar hefur verið viðurkenndur, og skal það metið í sannprófunarskýrslunni að hve miklu leyti sú víxlverkun hefur áhrif á þá skerðingu sem hvor ráðstöfun fyrir sig nær fram.

4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta þá skerðingu sem næst fram á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 2. mgr.

12. gr.

Koltvísýringslosun og eldsneytis- eða orkunotkun við raunverulegan akstur

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta og meta hversu dæmigerð gildi koltvísýringslosunar og eldsneytis- eða orkunotkunar, sem eru ákvörðuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007, eru fyrir raunverulegan akstur.

Framkvæmdastjórnin skal enn fremur reglulega safna gögnum um koltvísýringslosun og eldsneytis- eða orkunotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja við raunverulegan akstur, sem nota innbyggðan búnað til að vakta eldsneytis- og/eða orkunotkun, og byrja á nýjum fólksbifreiðum og nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem skráð eru 2021.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að almenningur sé upplýstur um hvernig þessar raunverulegu aðstæður þróast til lengri tíma.

2. Í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr., frá og með 1. janúar 2021, skal framkvæmdastjórnin tryggja að eftirfarandi mælipættir, að því er varðar koltvísýringslosun og eldsneytis- eða orkunotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja við raunverulegan akstur, séu gerðir aðgengilegir með reglulegu millibili af hálfu framleiðenda, landsbundinna yfirvalda eða fyrir tilstuðlan beinna gagnaflytninga frá ökutækjum, eftir því sem við á:

- a) verksmiðjunúmer ökutækis,
- b) eldsneytis- og/eða raforkunotkun,
- c) heildarvegalengd sem farin er,
- d) hvað varðar tvinnrafökutæki (e. *hybrid electric vehicles*), sem eru ætluð fyrir ytri hleðslu, eldsneyti og raforka, sem notuð er, og vegalengd, sem farin er, sem dreift er yfir mismunandi drifhami,
- e) aðrir mælipættir sem eru nauðsynlegir til að tryggja að hægt sé að uppfylla skuldbindingarnar sem settar eru fram í 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal annast vinnslu gagnanna, sem hafa fengist samkvæmt fyrstu undirgrein, til að taka saman gagnasöfn þar sem nafnleyndar er gætt, þ.m.t. frá hverjum framleiðanda, að því er varðar 1. mgr. Verksmiðjunúmer ökutækis skulu aðeins notuð að því er varðar þessa gagnavinnslu og skulu ekki vera geymd lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi.

3. Til að koma í veg fyrir að munurinn í tengslum við losun við raunverulegan akstur aukist skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2023, meta hvernig hægt sé að nota gögn um eldsneytis- og orkunotkun til að tryggja að gildin fyrir koltvísýringslosun ökutækis og fyrir eldsneytis- eða orkunotkun, sem ákvörðuð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007, verði áfram dæmigerð fyrir losun við raunverulegan akstur til lengri tíma fyrir hvern framleiðanda.

Framkvæmdastjórnin skal vakta og greina árlega frá því hvernig munurinn, sem um getur í fyrstu undirgreininni, þróast á tímabilinu 2021–2026 og meta árið 2027, með hliðsjón af því að koma í veg fyrir meiri mun, möguleikann á fyrirkomulagi til að aðlaga sértæka meðalkoltvísýringslosun framleiðanda frá 2030 og, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að koma á slíku fyrirkomulagi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja nákvæmar verklagsreglur um söfnun og úrvinnslu gagnanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

13. gr.

Sannprófun koltvísýringslosunar ökutækja í notkun

1. Framleiðendur skulu tryggja að gildin fyrir koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu, sem skráð eru í samræmisvottorðin, samsvari koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu ökutækja í notkun eins og ákvarðað er í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151.

2. Að lokinni gildistöku verklagsreglnanna, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr., skulu gerðarviðurkenningaryfirvöld sannprófa, að því er varðar ökutækjahópana sem þau eru ábyrg fyrir að veita gerðarviðurkenningu, á grundvelli viðeigandi og dæmigerðs úrtaks ökutækja, hvort gildin fyrir koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu, sem skráð eru í samræmisvottorðin, samsvari koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu ökutækja í notkun, eins og ákvarðað er í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151, m.a. að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna frá innbyggðum búnaði til að vakta eldsneytis- og/eða orkunotkun.

Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu einnig sannprófa hvort fyrir hendi sé fyrirkomulag um borð í eða í tengslum við úrtaksökutækin sem bætur frammistöðu ökutækis með stýrðum hætti í prófununum, sem gerðar eru vegna gerðarviðurkenningar, með því að nota m.a. gögn frá innbyggðum búnaði til að vakta eldsneytis- og/eða orkunotkun.

3. Ef staðfest er að skortur sé á samræmi milli gilda fyrir koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu eða að við sannprófanir, sem framkvæmdar eru skv. 2. mgr., komi í ljós að fyrir hendi sé fyrirkomulag, sem bætur frammistöðu ökutækis með stýrðum hætti, skal ábyrgja gerðarviðurkenningaryfirvaldið tryggja að samræmisvottorðin séu leiðrétt auk þess sem það skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir sem settar eru fram í XI. kafla reglugerðar (ESB) 2018/858.

4. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða, með framkvæmdargerðum, verklagsreglur um að framkvæma sannprófanirnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald, áður en hún samþykkir framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, til að samþykkja framselda gerð í samræmi við 17. gr. í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

14. gr.

Aðlögun M₀- og TM₀-gildisins

1. Aðlaga skal M₀- og TM₀- gildið, sem um getur í A- og B-hluta I. viðauka, með eftirfarandi hætti:

- a) eigi síðar en 31. október 2020 skal aðlaga M₀-gildið í 4. lið A-hluta I. viðauka að meðalmassa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að því er varðar allar nýjar fólksbifreiðar sem eru skráðar 2017, 2018 og 2019; nýja M₀-gildið skal gilda frá og með 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2024,
- b) eigi síðar en 31. október 2022 skal aðlaga M₀-gildið í 4. lið B-hluta I. viðauka að meðalmassa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að því er varðar öll ný, létt atvinnuökutæki sem eru skráð 2019, 2020 og 2021; nýja M₀-gildið skal gilda fyrir árið 2024,
- c) eigi síðar en 31. október 2022 skal ákvarða leiðbeinandi TM₀-gildið fyrir 2025 sem meðalprófunarmassa allra nýrra fólksbifreiða annars vegar og nýrra, létttra atvinnuökutækja hins vegar sem eru skráð 2021,
- d) eigi síðar en 31. október 2024, og annað hvert ár eftir það, skal aðlaga TM₀-gildið í lið 6.2. í A- og B-hluta I. viðauka að meðalprófunarmassa allra nýrra fólksbifreiða annars vegar og nýrra, létttra atvinnuökutækja hins vegar sem skráð eru á næstliðum tveimur almanaksárum, í fyrsta sinn 2022 og 2023. Nýju TM₀-gildin skulu gilda frá og með 1. janúar á almanaksárinu í kjölfar dagsetningar aðlögunarinnar.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að ákvarða ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

1. Árið 2023 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ítarlega skilvirkni þessarar reglugerðar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt niðurstöðunum úr endurskoðuninni.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin m.a. skoða hversu dæmigerð gildi koltvísýringslosunar og eldsneytis- og orkunotkunar, sem eru ákvörðuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007, eru fyrir raunverulegan akstur; útbreiðslu ökutækja með engri eða lítilli losun á markaði í Sambandinu, einkum að því er varðar létt atvinnuökutæki;

uppbyggingu hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB⁽²⁰⁾, þ.m.t. fjármögnun þeirra; hugsanlegt framlag til að draga úr koltvísýringlosun með því að nota tilbúið eldsneyti (e. *synthetic fuels*) og þróað óhefðbundið eldsneyti sem framleitt er með endurnýjanlegri orku; skerðingu koltvísýringlosunar sem hefur raunverulega komið í ljós hjá núverandi flota; hvort hvatakerfi fyrir ökutæki með engri eða lítilli losun virki sem skyldi; hugsanleg áhrif umbreytingarráðstöfunarinnar sem sett er fram í lið 6.3 í A-hluta I. viðauka; áhrif þessarar reglugerðar á neytendur, einkum þá sem hafa lágar tekjur og miðlungstekjur; auk þátta til að greiða enn frekar fyrir fjárhagslega hagkvæma og félagslega réttláta umbreytingu yfir í umhverfisvænan, samkeppnishæfan og fjárhagslega viðráðanlegan hreyfanleika í Sambandinu.

Í þessari skýrslu skal framkvæmdastjórnin einnig móta skýra stefnu um frekari skerðingu koltvísýringlosunar fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki eftir 2030 til að stuðla að því í hvítvetna að langtíamarkmiðum Parísarsamningsins verði náð.

3. Skýrslunni, sem um getur í 2. mgr., skal, eftir því sem við á, fylgja tillaga að breytingum á þessari reglugerð, einkum um hugsanlega endurskoðun á markmiðunum fyrir allan flotann í ESB fyrir árið 2030, í ljósi þáttanna sem tilgreindir eru í 2. mgr., og innleiðingu bindandi markmiða um að draga úr koltvísýringlosun frá fólksbifreiðum og létum atvinnuökutækjum fyrir árið 2035 og frá 2040 til að tryggja tímanlega umbreytingu flutningageirans í þá átt að nettólosun verði engin í samræmi við markmið Parísarsamningsins.

4. Sem hluti af endurskoðuninni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin meta hvort mögulegt sé að þróa losunarprófunaraðferðir við raunverulegan akstur með því að nota færanleg mælikerfi fyrir losun (PEMS). Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessarar matsgerðar, auk þeirra sem framkvæmdar eru skv. 12. gr. þessarar reglugerðar, og henni er heimilt, eftir því sem við á, að endurskoða aðferðirnar til að mæla koltvísýringlosun, eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 715/2007. Framkvæmdastjórnin skal einkum leggja fram viðeigandi tillögur til að aðlaga þær aðferðir þannig að þær endurspegli á viðunandi hátt raunverulega koltvísýringlosun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja.

5. Sem hluti af endurskoðuninni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin meta möguleikann á því að leggja tekjurnar af umframlosunargjaldinu í sérstakan sjóð eða úthluta þeim til viðeigandi áætlunar með það að markmiði að tryggja réttláta umbreytingu í átt að loftslagshlutlausu hagkerfi, eins og um getur í grein 4.1. í Parísarsamningnum, einkum til að styðja endurþjálfun, viðbótarþjálfun og aðra færniþjálfun og tilfærslu starfsfólks á sviði vélknúinna ökutækja í öllum aðildarríkjunum þar sem áhrifa gætir, sérstaklega á svæðunum og í samfélögum þar sem umbreytingin hefur hvað mest áhrif. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf hvað þetta varðar eigi síðar en 2027.

6. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin endurskoða tilskipun 1999/94/EB, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að veita neytendum nákvæmar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um eldsneytiseyðslu, koltvísýringlosun og losun loftmengandi efna frá nýjum fólksbifreiðum, sem eru á markaðinum, sem og að meta möguleikana á því að innleiða merkingar fyrir eldsneytishagkerfi (e. *fuel economy*) og koltvísýringlosun nýrra, léttra atvinnuökutækja. Endurskoðuninni skal fylgja, ef við á, tillaga að nýrri löggjöf.

7. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákvarða fylgnibreyturnar sem nauðsynlegar eru til að endurspeglar hvers konar breytingar á lögbundnu prófunaraðferðinni fyrir mælingu á sértækri losun koltvísýring, sem um getur í reglugerðum (EB) nr. 715/2007, (EB) nr. 692/2008 og, þar sem við á, reglugerð (ESB) 2017/1151. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 17. gr., í því skyni að breyta þessari reglugerð til að aðlaga formúlurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, með því að nota aðferðirnar, sem samþykktar eru skv. 7. mgr. þessarar greinar, um leið og tryggt er að ákvarðaðar séu sambærilega strangar kröfur um að draga úr koltvísýringlosun samkvæmt gömlu og nýju prófunaraðferðunum fyrir framleiðendur og ökutæki til ólíkra nota.

16. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999⁽²¹⁾. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjtíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

17. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 7. gr. (8. mgr.), 10. gr. (8. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (8. mgr.) í sex ár frá og með 15. maí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sex ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 7. gr. (8. mgr.), 10. gr. (8. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (8. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. (8. mgr.), 10. gr. (8. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (8. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2020.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

MARKMIÐ UM SÉRTÆKA LOSUN FYRIR FÓLKSBIFREIÐAR

1. Að því er varðar útreikninga í þessum lið og í 2. lið skal sértæk losun koltvísýrings, fyrir hverja nýja fólksbifreið fyrir almanaksárið 2020, ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Sértæk losun koltvísýrings} = 95 + a \cdot (M - M_0)$$

þar sem:

M = massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs í kílógrömmum (kg)

M_0 = 1379,88

a = 0,0333

2. Reikna skal út markmið um sértæka losun fyrir hvern framleiðanda fyrir árið 2020 sem sértæka meðalkoltvísýringslosun, ákvarðað skv. 1. lið, fyrir hverja nýja fólksbifreið sem framleiðandi framleiðir og er skráð á því almanaksári.
3. Reikna skal út viðmiðunarmarkmið framleiðanda um sértæka losun fyrir árið 2021 sem hér segir:

$$\text{Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun samkvæmt WLTP} - \text{aðferðinni} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020\text{target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right)$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ er sértæk meðalkoltvísýringslosun fyrir árið 2020, sem er ákvörðuð í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 og reiknuð út í samræmi við annan undirlið 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 5. gr. og 11. gr. þessarar reglugerðar

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er sértæk meðalkoltvísýringslosun fyrir árið 2020, sem er ákvörðuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 og reiknuð út í samræmi við annan undirlið 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 5. gr. og 11. gr. þessarar reglugerðar

$\text{NEDC}_{2020\text{target}}$ er markmið um sértæka losun fyrir árið 2020 sem er reiknað út í samræmi við 1. og 2. lið.

4. Reikna skal út markmið framleiðanda um sértæka losun fyrir almanaksárin 2021–2024 sem hér segir:

$$\text{Markmið um sértæka losun} = \text{WLTP}_{\text{reference target}} + a [(M_\emptyset - M_0) - (M_{\emptyset 2020} - M_{0,2020})]$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{reference target}}$ er viðmiðunarmarkmið um sértæka losun, samkvæmt WLTP-aðferðinni, fyrir árið 2021 sem er reiknað út í samræmi við 3. lið

a er 0,0333,

M_\emptyset er meðalmassi nýrra fólksbifreiða framleiðanda, sem eru tilbúnar til aksturs (M) og skráðar á viðkomandi markári, í kg

M_0 er 1379,88 árið 2021 og eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 14. gr. fyrir árin 2022, 2023 og 2024

$M_{\emptyset 2020}$ er meðalmassi nýrra fólksbifreiða framleiðanda, sem eru tilbúnar til aksturs (M) og skráðar árið 2020, í kg

$M_{0,2020}$ er 1379,88.

5. Fyrir framleiðanda sem hefur fengið undanþágu að því er varðar tiltekið markmið um sértæka losun, sem byggist á NEDC-aðferðinni, fyrir árið 2021 skal undanþágumarkmiðið, sem byggist á WLTP-aðferðinni, reiknað út sem hér segir:

$$\text{Undanþágumarkmið}_{2021} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2021\text{target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right)$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ er $\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ eins og skilgreint er í 3. lið

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er $\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ eins og skilgreint er í 3. lið

$\text{NEDC}_{2021\text{target}}$ er undanþágumarkmið fyrir árið 2021 sem framkvæmdastjórnin veitir skv. 10. gr.

6. Frá og með 1. janúar 2025 skulu markmiðin fyrir allan flotann í ESB og markmiðin um sértæka losun fyrir framleiðanda reiknuð út sem hér segir:

6.0. Markmið fyrir allan flotann í ESB_{2021}

Markmiðið fyrir allan flotann í ESB_{2021} er meðaltal, vegið með fjölda nýrra fólksbifreiða sem skráðar eru 2021, viðmiðunargildanna $_{2021}$, sem ákvarðað er fyrir hvern einstakan framleiðanda, þar sem markmið um sértæka losun gildir í samræmi við 4. lið.

Viðmiðunargildið $_{2021}$ skal ákvarðað fyrir hvern framleiðanda sem hér segir:

$$\text{viðmiðunargildi}_{2021} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2, \text{measured}} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020, \text{Fleet Target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right) + a(M_{\emptyset 2021} - M_{0, 2021})$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2, \text{measured}}$ er meðaltalið, fyrir hvern framleiðanda, af mældri koltvísýringlosun í blönduðum akstri fyrir hverja nýja fólksbifreið sem skráð er 2020, eins og ákvarðað er og greint frá í samræmi við 7. gr. a framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1153

$\text{NEDC}_{2020, \text{Fleet Target}}$ er 95 g/km

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er eins og skilgreint er 3. lið

$M_{\emptyset 2021}$ er meðalmassi nýrra fólksbifreiða framleiðanda, sem eru tilbúnar til aksturs og skráðar árið 2021, í kg

$M_{0, 2021}$ er meðalmassi allra nýrra fólksbifreiða í kg, sem eru tilbúnar til aksturs og skráðar árið 2021, þeirra framleiðenda þar sem markmið um sértæka losun gildir í samræmi við 4. lið

a er eins og skilgreint er í 4. lið.

6.1. Markmið fyrir allan flotann í ESB fyrir 2025 og 2030

6.1.1. Markmið fyrir allan flotann í ESB fyrir 2025–2029

markmið fyrir allan flotann í ESB_{2025} = markmið fyrir allan flotann í ESB_{2021} · (1 – skerðingarstuðull $_{2025}$)

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB_{2021} er eins og skilgreint er í lið 6.0

skerðingarstuðull $_{2025}$ er skerðingin sem tilgreind er í a-lið 4. mgr. 1. gr.

6.1.2. Markmið fyrir allan flotann í ESB frá 2030

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₃₀ = markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁ · (1 – skerðingarstuðull₂₀₃₀)

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁ er eins og skilgreint er í lið 6.0

skerðingarstuðull₂₀₃₀ er skerðingin sem tilgreind er í a-lið 5. mgr. 1. gr.

6.2. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun frá 2025

6.2.1. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun 2025–2029

viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun = markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₅ + a₂₀₂₅ · (TM – TM₀)

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₅ er eins og ákvarðað er í samræmi við lið 6.1.1,

a₂₀₂₅ er $\frac{a_{2021} \cdot \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2025}}{\text{meðallosun}_{2021}}$

þar sem:

a₂₀₂₁ er halli best aðlöguðu beinu línunnar sem ákveðinn er með því að beita línulegri aðferð minnstu kvaðrata á prófunarmassann (óháð breyta) og sértækri losun koltvísýrings (fylgibreyta) frá öllum nýjum fólksbifreiðum sem skráðar eru 2021

meðallosun₂₀₂₁ er sértæk meðalkoltvísýringslosun allra nýrra fólksbifreiða, sem skráðar eru 2021, þeirra framleiðenda þar sem markmið um sértæka losun er reiknað út í samræmi við 4. lið

TM er meðalprófunarmassi í kg allra nýrra fólksbifreiða framleiðandans sem skráð eru á viðkomandi almanaksári

TM₀ er gildið í kg, ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr.

6.2.2. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun frá 2030

viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun = markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₃₀ + a₂₀₃₀ · (TM – TM₀)

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₃₀ er eins og ákvarðað er í samræmi við lið 6.1.2

a₂₀₃₀ er $\frac{a_{2021} \cdot \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2030}}{\text{meðallosun}_{2021}}$

þar sem:

a₂₀₂₁ er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

meðallosun₂₀₂₁ er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

TM er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

TM₀ er eins og skilgreint er í lið 6.2.1.

6.3. Markmið um sértæka losun frá 2025

markmið um sértæka losun = viðmiðunarmarkmið um sértæka losun · ZLEV-stuðull

þar sem:

viðmiðunarmarkmið um sértæka losun er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun koltvísýrings sem er ákvarðað í samræmi við lið 6.2.1 fyrir tímabilið 2025–2029 og lið 6.2.2 frá 2030

ZLEV-stuðull er $(1 + y - x)$, nema summan sé stærri en 1,05 eða minni en 1,0 og í því tilviki skal fastsetja ZLEV-stuðulinn við 1,05 eða 1,0, eftir því sem við á

þar sem:

y er hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flota framleiðandans af nýjum fólksbifreiðum, sem reiknuð er sem heildarfjöldi nýrra ökutækja með engri og lítilli losun, þar sem hvert þeirra telst sem $ZLEV_{\text{specific}}$, í samræmi við eftirfarandi formúlu, deilt með heildarfjölda nýrra fólksbifreiða sem skráðar eru á viðeigandi almanaksári:

$$ZLEV_{\text{specific}} = 1 - \left(\frac{\text{sértæk losun koltvísýrings}_2 \cdot 0,7}{50} \right)$$

Fyrir nýjar fólksbifreiðar, sem skráðar eru í aðildarríkjunum, þar sem hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flota þeirra er undir 60% af meðaltali Sambandsins árið 2017 ⁽¹⁾ og færri en 1000 ný ökutæki með engri og lítilli losun eru skráð 2017, skal $ZLEV_{\text{specific}}$, fram til ársins 2030, að því ári meðtöldu, vera reiknað út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$ZLEV_{\text{specific}} = \left(1 - \left(\frac{\text{sértæk losun koltvísýrings}_2 \cdot 0,7}{50} \right) \right) \cdot 1,85$$

Ef hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flota nýrra fólksbifreiða aðildarríkjanna, sem skráð er á bilinu 2025–2030, fer yfir 5% hefur það aðildarríki ekki rétt á að nota margfaldarann 1,85 næstu árin

x er 15% fyrir árin 2025–2029 og 35% frá 2030.

B-HLUTI

MARKMIÐ UM SÉRTÆKA LOSUN FYRIR LÉTT ATVINNUÖKUTÆKI

1. Að því er varðar útreikninga í þessum lið og í 2. lið skal sértæk losun koltvísýrings, fyrir hvert nýtt, létt atvinnuökutæki fyrir almanaksárið 2020, ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Sértæk losun koltvísýrings} = 147 + a \cdot (M - M_0)$$

þar sem:

M = massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs í kg

M_0 = 1766,4

a = 0,096

2. Reikna skal út markmið um sértæka losun hvers framleiðenda árið 2020 sem sértæka meðalkoltvísýringslosun, sem ákvarðað er skv. 1. lið, fyrir hvert nýtt, létt atvinnuökutæki sem framleiðandi framleiðir og er skráð á því almanaksári.

⁽¹⁾ Hlutdeild ökutækja með engri og lítilli losun í flota nýrra fólksbifreiða aðildarríkjanna árið 2017 er reiknuð út sem heildarfjöldi nýrra ökutækja með engri og lítilli losun sem skráður er 2017, deilt með heildarfjölda nýrra fólksbifreiða sem skráður er sama ár.

3. Reikna skal út viðmiðunarmarkmið framleiðanda um sértæka losun fyrir árið 2021 sem hér segir:

$$\text{Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun samkvæmt WLTP} - \text{aðferðinni} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020\text{target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right)$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ er sértæk meðalkoltvísyringslosun árið 2020, sem er ákvörðuð í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, án tillits til koltvísyringssparnaðar sem hlýst af beitingu 11. gr. þessarar reglugerðar

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er sértæk meðalkoltvísyringslosun árið 2020, sem er ákvörðuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152, án tillits til koltvísyringssparnaðar sem hlýst af beitingu 11. gr. þessarar reglugerðar

$\text{NEDC}_{2020\text{target}}$ er markmið um sértæka losun fyrir árið 2020 sem er reiknað út í samræmi við 1. og 2. lið.

4. Reikna skal út markmið framleiðanda um sértæka losun fyrir almanaksárin 2021– 2024 sem hér segir:

$$\text{markmið um sértæka losun} = \text{WLTP}_{\text{reference target}} + a [(M_{\emptyset} - M_0) - (M_{\emptyset 2020} - M_{0,2020})]$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{reference target}}$ er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun, samkvæmt WLTP-aðferðinni, fyrir árið 2021 sem er reiknað út í samræmi við 3. lið

a er 0,096,

M_{\emptyset} er meðalmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda, sem eru tilbúin til aksturs (M) og skráð á viðkomandi markári, í kg

M_0 er 1766,4 árið 2020 og, fyrir árin 2021, 2022 og 2023, gildi sem samþykkt er skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og, fyrir árið 2024, gildi sem samþykkt er samkvæmt b-lið 1. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar

$M_{\emptyset 2020}$ er meðalmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda, sem eru tilbúin til aksturs (M) og skráð árið 2020, í kg

$M_{0,2020}$ er 1766,4.

5. Fyrir framleiðanda, sem hefur fengið undanþágu að því er varðar tiltekið markmið um sértæka losun, sem byggist á NEDC-aðferðinni, fyrir árið 2021 skal undanþágumarkmiðið sem byggist á WLTP-aðferðinni, reiknað út sem hér segir:

$$\text{Undanþágumarkmið}_{2021} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2021\text{target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right)$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ er $\text{WLTP}_{\text{CO}_2}$ eins og það er skilgreint í 3. lið

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er $\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ eins og það er skilgreint í 3. lið

$\text{NEDC}_{2021\text{target}}$ er undanþágumarkmið fyrir árið 2021 sem framkvæmdastjórnin veitir skv. 10. gr.

6. Frá og með 1. janúar 2025 skulu markmiðin fyrir allan flotann í ESB og markmiðin um sértæka losun framleiðanda reiknuð út sem hér segir:

6.0. Markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁

Markmiðið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁ er meðaltal, vegið með fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru 2021, viðmiðunargildanna₂₀₂₁, sem ákvarðað er fyrir hvern einstakan framleiðanda, þar sem markmið um sértæka losun gildir í samræmi við 4. lið.

Viðmiðunargildið₂₀₂₁ skal ákvarðað fyrir hvern framleiðanda sem hér segir:

$$\text{viðmiðunargildi}_{2021} = \text{WLTP}_{\text{CO}_2, \text{measured}} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020, \text{Fleet Target}}}{\text{NEDC}_{\text{CO}_2}} \right) + a(M_{\emptyset 2021} - M_{0, 2021})$$

þar sem:

$\text{WLTP}_{\text{CO}_2, \text{measured}}$ er meðaltalið, fyrir hvern framleiðanda, af mældri koltvísýringlosun í blönduðum akstri fyrir hvert nýtt, létt atvinnuökutæki, sem skráð er 2020, eins og ákvarðað er og greint frá í samræmi við 7. gr. a framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1152

$\text{NEDC}_{2020, \text{Fleet Target}}$ er 147 g/km

$\text{NEDC}_{\text{CO}_2}$ er eins og skilgreint er í 3. lið

$M_{\emptyset 2021}$ er meðalmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda, sem eru tilbúin til aksturs og skráð árið 2020, í kg

$M_{0, 2021}$ er meðalmassi allra nýrra, léttra atvinnuökutækja í kg, sem eru tilbúin til aksturs og skráð árið 2021, þeirra framleiðenda þar sem markmið um sértæka losun gildir í samræmi við 4. lið

a er eins og skilgreint er í 4. lið

6.1. Markmiðin fyrir allan flotann í ESB fyrir 2025 og 2030

6.1.1. Markmið fyrir allan flotann í ESB fyrir 2025–2029

$$\text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2025} = \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2021} \cdot (1 - \text{skerðingarstuðull}_{2025})$$

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁ er eins og skilgreint er í lið 6.0

$\text{skerðingarstuðull}_{2025}$ er skerðingin sem tilgreind er í b-lið 4. mgr. 1. gr.

6.1.2. Markmið fyrir allan flotann í ESB frá 2030

$$\text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2030} = \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2021} \cdot (1 - \text{skerðingarstuðull}_{2030})$$

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₁ er eins og skilgreint er í lið 6.0

$\text{skerðingarstuðull}_{2030}$ er skerðingin sem tilgreind er í b-lið 5. mgr. 1. gr.

6.2. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun frá 2025

6.2.1. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun 2025–2029

$$\text{viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun} = \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2025} + \alpha \cdot (TM - TM_0)$$

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₂₅ er eins og ákvarðað er í samræmi við lið 6.1.1

α er a_{2025} þar sem meðalprófunarmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda er jafn og eða minni en TM_0 , sem er ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr., og a_{2021} þar sem meðalprófunarmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda er meiri en TM_0 sem er ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr.

þar sem:

a_{2025}	er $\frac{a_{2021} \cdot \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2025}}{\text{meðallosun}_{2021}}$
a_{2021}	er halli best aðlöguðu beinu línunnar sem ákveðinn er með því að beita línulegri aðferð minnstu kvaðrata á prófunarmassann (óháð breyta) og sértækri losun koltvísýrings (fylgibreyta) allra nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru 2021
meðallosun_{2021}	er sértæk meðalkoltvísýringslosun allra nýrra, léttra atvinnuökutækja, sem skráð eru 2021, þeirra framleiðenda þar sem markmið um sértæka losun er reiknað út í samræmi við 4. lið
TM	er meðalprófunarmassi í kg allra nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru á viðkomandi almanaksári
TM_0	er gildið í kg, ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr.

6.2.2. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun frá 2030

viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun = markmið fyrir allan flotann í $ESB_{2030} + \alpha \cdot (TM - TM_0)$

þar sem:

markmið fyrir allan flotann í ESB_{2030} er eins og ákvarðað er í samræmi við lið 6.1.2

α er a_{2030} þar sem meðalprófunarmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda er jafn og eða minni en TM_0 , sem er ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr., og a_{2021} þar sem meðalprófunarmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja framleiðanda er meiri en TM_0 sem er ákvarðað í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr.

þar sem:

a_{2030} er $\frac{a_{2021} \cdot \text{markmið fyrir allan flotann í ESB}_{2030}}{\text{meðallosun}_{2021}}$

a_{2021} er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

meðallosun_{2021} er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

TM er eins og skilgreint er í lið 6.2.1

TM_0 er eins og skilgreint er í lið 6.2.1.

6.3. Markmið um sértæka losun frá 2025

6.3.1. Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun frá 2025–2029

markmið um sértæka losun = (viðmiðunarmarkmið um sértæka losun – ($\emptyset_{\text{targets}}$ – markmið fyrir allan flotann í ESB_{2025})) · ZLEV-stuðull

þar sem:

viðmiðunarmarkmið um sértæka losun er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun framleiðandans sem ákvarðað er í samræmi við lið 6.2.1

$\emptyset_{\text{targets}}$ er meðaltal, vegið með fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja hvers einstaks framleiðanda, allra viðmiðunarmarkmiðanna um sértæka losun sem ákvarðað er í samræmi við lið 6.2.1

ZLEV-stuðull er $(1 + y - x)$, nema summan sé stærri en 1,05 eða minni en 1,0 og í því tilvikum skal fastsetja ZLEV-stuðulinn við 1,05 eða 1,0, eftir því sem við á

þar sem:

y er hlutdeild ökutækja með engri eða lítilli losun í flota framleiðandans af nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem reiknuð er sem heildarfjöldi nýrra ökutækja með engri eða lítilli losun þar sem hvert þeirra telst sem $ZLEV_{specific}$, í samræmi við eftirfarandi formúlu, deilt með heildarfjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru á viðeigandi almanaksári:

$$ZLEV_{specific} = 1 - \left(\frac{\text{sértæk losun koltvísýrings}_2}{50} \right)$$

x er 15%.

6.3.2. Markmið um sértæka losun frá 2030

markmið um sértæka losun = (viðmiðunarmarkmið um sértæka losun – ($\phi_{targets}$ – markmið fyrir allan flotann í ESB₂₀₃₀)) · ZLEV-stuðull

þar sem:

viðmiðunarmarkmið um sértæka losun er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun framleiðandans sem ákvarðað er í samræmi við lið 6.2.2

$\phi_{targets}$ er meðaltal, vegið með fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja hvers einstaks framleiðanda, allra viðmiðunarmarkmiðanna um sértæka losun sem ákvarðað er í samræmi við lið 6.2.2

ZLEV-stuðull er $(1 + y - x)$, nema summan sé stærri en 1,05 eða minni en 1,0 og í því tilviki skal fastsetja ZLEV-stuðulinn við 1,05 eða 1,0, eftir því sem við á

þar sem:

y er hlutdeild ökutækja með engri eða lítilli losun í flota framleiðandans af nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem reiknuð er út sem heildarfjöldi nýrra ökutækja með engri eða lítilli losun þar sem hvert þeirra telst sem $ZLEV_{specific}$, í samræmi við eftirfarandi formúlu, deilt með heildarfjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru á viðeigandi almanaksári:

$$ZLEV_{specific} = 1 - \left(\frac{\text{sértæk losun koltvísýrings}_2}{50} \right)$$

x er 30%.

II. VIÐAUKI

VÖKTUN Á OG SKÝRSLUGJÖF VARÐANDI LOSUN FRÁ NÝJUM FÓLKSBIFREIÐUM

A-HLUTI

Söfnun gagna um nýjar fólksbifreiðar og ákvörðun upplýsinga um vöktun koltvísýringslosunar

1. Aðildarríki skulu, fyrir hvert almanaksár, skrá eftirfarandi ítarleg gögn fyrir hverja nýja fólksbifreið sem er skráð sem ökutæki í flokki M₁ á yfirráðasvæði þeirra:
 - a) framleiðanda,
 - b) gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess,
 - c) gerð, afbrigði og útfærslu (þar sem við á),
 - d) tegund og verslunarheiti,
 - e) flokk gerðarviðurkennds ökutækis,
 - f) heildarfjöldi nýrra skráninga,
 - g) massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs,
 - h) sértæka losun koltvísýrings (NEDC og WLTP),
 - i) grunnflöt: hjólhaf, sporvidd stýrðs áss og sporvidd hins ássins,
 - j) tegund eldsneytis og eldsneytisham,
 - k) slagrymi hreyfils,
 - l) raforkunotkun,
 - m) kóða nýsköpunartækni eða nýsköpunartæknihöps og skerðingu koltvísýringslosunar vegna þeirrar tækni (NEDC og WLTP),
 - n) hámarksnettóafli,
 - o) verksmiðjunúmer ökutækis,
 - p) WLTP-prófunarmassa,
 - q) fráviks- og sannprófunarþætti sem um getur í lið 3.2.8 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153,
 - r) flokk skráðs ökutækis,
 - s) verksmiðjunúmer ökutækjahóps,
 - t) rafdrægni, þar sem við á.

Aðildarríki skulu, í samræmi við 7. gr., veita framkvæmdastjórninni aðgang að gögnunum, sem talin eru upp í þessum lið, á sniðinu sem tilgreint er í 2. þætti B-hluta þessa viðauka.

2. Ítarlegu gögnin, sem um getur í 1. lið, skulu fengin úr samræmisvottorði viðkomandi fólksbifreiðar. Þegar um er að ræða tvieldsneytisökutæki (bensín/gas), þar sem í samræmisvottorðinu eru tilgreind gildi fyrir sértæka losun koltvísýrings fyrir báðar tegundir eldsneytis, skulu aðildarríki einungis nota gildið sem mælist fyrir gas.
3. Aðildarríki skulu, fyrir hvert almanaksár, ákvarða:
 - a) heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem falla undir EB-gerðarviðurkenningu,
 - b) heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem hafa hlotið skráningarviðurkenningu,
 - c) heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem falla undir landsbundnar gerðarviðurkenningar fyrir litlar framleiðsluráðir.

B-HLUTI**Snið fyrir sendingu gagna**

Fyrir hvert ár skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. og 3. lið A-hluta, á eftirfarandi sniði:

1. ÞÁTTUR

SAMANTEKIN VÖKTUNARGÖGN

Aðildarríki ⁽¹⁾	
Ár	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem falla undir EB-gerðarviðurkenningu	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem hafa hlotið skráningarviðurkenningu,	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem falla undir landsbundnar gerðarviðurkenningar fyrir litlar framleiðsluraðir.	

(¹) ISO 3166 alfa-2-kóðar, að undanskildu Grikklandi og Bretlandi þar sem notaðir eru kóðarnir „EL“ annars vegar og „UK“ hins vegar.

2. ÞÁTTUR

ÍTARLEG VÖKTUNARGÖGN — SKRÁNING Á EINU ÖKUTÆKI

Tilvísun í 1. lið í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki
a)	Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti
	Heiti framleiðanda — Yfirlýsing framleiðanda upprunalegs búnaðar
	Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis ⁽¹⁾
b)	Gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess
c)	Gerð
	Afbrigði
	Útfærsla
d)	Tegund og verslunarheiti
e)	Flokkur gerðarviðurkennds ökutækis
f)	Heildarfjöldi nýrra skráninga
g)	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs
h)	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) NEDC-gildi til og með 31. desember 2020, að undanskildum ökutækjum sem falla undir gildissvið 5. gr., þar sem NEDC-gildið skal vera ákvarðað til og með 31. desember 2022 í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1153.
	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) WLTP-gildi

Tilvísun í 1. lið í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki
i)	Hjólhaf
	Sporvídd stýrðs áss (ás 1)
	Sporvídd hins ássins (ás 2)
j)	Tegund eldsneytis
	Eldsneytishamur
k)	Slagrými hreyfils (cm ³)
l)	Raforkunotkun (Wh/km)
m)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings, samkvæmt NEDC-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar, til og með 31. desember 2020
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar
n)	Hámarksnettóafli
o)	Verksmiðjunúmer ökutækis
p)	WLTP-prófunarmassi
q)	Frávíksstuðull De (ef hann er fyrir hendi)
	Sannprófunarstuðull (ef hann er fyrir hendi)
r)	Flokkur skráðs ökutækis
s)	Verksmiðjunúmer ökutækjahóps
t)	Rafdrægni, (ef hún er fyrir hendi)

Athugasemdir:

- (1) Ef um er að ræða landsbundnar gerðarviðurkenningar fyrir litlar framleiðsluraðir (NSS) eða skráningarviðurkenningu (IVA) skal skrá heiti framleiðandans í dálkinn „Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis“ en í dálkinn „Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti“ skal tilgreina annað hvort af eftirfarandi: „AA-NSS“ eða „AA-IVA“, eftir því sem við á.

III. VIÐAUKI

VÖKTUN Á OG SKÝRSLUGJÖF VARÐANDI LOSUN FRÁ NÝJUM, LÉTTUM ATVINNUÖKUTÆKJUM

A. Söfnun gagna um ný, létt atvinnuökutæki og ákvörðun upplýsinga um vöktun koltvísýringslosunar

1. Ítarleg gögn

1.1. Fullbúin ökutæki, skráð sem ökutæki í flokki N₁

Ef um er að ræða EB-gerðarviðurkennd, fullbúin ökutæki, skráð sem ökutæki í flokki N₁, skulu aðildarríki, fyrir hvert almanaksár, skrá eftirfarandi ítarleg gögn fyrir hvert nýtt, létt atvinnuökutæki þegar það er skráð í fyrsta sinn á yfirlýðingarsvæði þeirra:

- a) framleiðanda,
- b) gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess,
- c) gerð, afbrigði og útfærslu,
- d) tegund,
- e) flokk gerðarviðurkennds ökutækis,
- f) flokk skráðs ökutækis,
- g) sértæka losun koltvísýrings (NEDC og WLTP),
- h) massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs,
- i) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,
- j) grunnflöt: hjólhaf, sporvidd stýrðs áss og sporvidd hins ássins,
- k) tegund eldsneytis og eldsneytisham,
- l) slagrymi hreyfils,
- m) raforkunotkun,
- n) kóða nýsköpunartækni eða nýsköpunartækniþóps og skerðingu koltvísýringslosunar vegna þeirrar tækni (NEDC og WLTP),
- o) verksmiðjunúmer ökutækis,
- p) WLTP- prófunarmassa,
- q) fráviks- og sannprófunarþætti, sem um getur í lið 3.2.8 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152,
- r) verksmiðjunúmer ökutækjahóps sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.0 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,
- s) rafdrægni, þar sem við á.

Aðildarríki skulu, í samræmi við 7. gr., veita framkvæmdastjórninni aðgang að gögnunum, sem talin eru upp í þessum lið, á sniðinu sem tilgreint er í 2. þætti C-hluta þessa viðauka.

1.2. Ökutæki sem viðurkennd eru í fjölþrepa ferli og skráð sem ökutæki í flokki N₁

Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki, sem skráð eru sem ökutæki í flokki N₁, skulu aðildarríki, fyrir hvert almanaksár, skrá eftirtalin ítarleg gögn að því er varðar:

- a) grunnökutæki (ófullbúið): þau gögn sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d-, e-, g-, h-, i-, n- og o-lið í lið 1.1, eða, í staðinn fyrir gögnin sem tilgreind eru í h- og i-lið, sjálfgefinn, viðbættan massa sem kveðið er á um sem hluta af upplýsingunum um gerðarviðurkenningu sem tilgreindar eru í lið 2.17.2 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,
- b) grunnökutæki (fullbúið): þau gögn sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d-, e-, g-, h-, i-, n- og o-lið í lið 1.1,
- c) fjölþrepa fullbúið ökutæki: þau gögn sem tilgreind eru í a-, f-, g-, h-, j-, k-, l-, m- og o-lið í lið 1.1.

Sé ekki hægt að leggja fram eitthvað af þeim gögnum um grunnökutækið, sem um getur í a- og b-lið í fyrsta undirlið, skal aðildarríkið leggja fram gögn um fjölþrepa fullbúið ökutæki í staðinn.

Nota skal sniðið, sem sett er fram í 2. þætti C-hluta, fyrir fjölþrepa fullbúin ökutæki í flokki N₁.

Verksmiðjunúmer ökutækisins, sem um getur í o-lið liðar 1.1, skal ekki birt.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, skulu fengnar úr samræmisvottorðinu. Þegar um er að ræða tvíeldsneytisökutæki (bensín/gas), þar sem í samræmisvottorðinu eru tilgreind gildi fyrir sértæka losun koltvísýrings fyrir báðar tegundir eldsneytis, skulu aðildarríki einungis nota gildið sem mælist fyrir gas.
3. Aðildarríki skulu, fyrir hvert almanaksár, ákvarða:

- a) heildarfjölda nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir EB-gerðarviðurkenningu,
- b) heildarfjölda nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir fjölþrepa gerðarviðurkenningu, ef hann er fyrir hendi,
- c) heildarfjölda nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir skráningarviðurkenningu,
- d) heildarfjölda nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litlar framleiðsluraðir.

B. Aðferð til að ákvarða upplýsingar um vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum, léttum atvinnuökutækjum

Upplýsingar um vöktun, sem aðildarríkjunum er skylt að leggja í samræmi við 1. og 3. lið A-hluta, skulu ákvarðaðar í samræmi við aðferðina í þessum hluta.

1. Fjöldi nýskráðra, léttra atvinnuökutækja

Aðildarríki skulu ákvarða fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja, sem hafa verið skráð á yfirráðasvæði þeirra á viðkomandi vöktunarári, sem skiptast í ökutæki sem falla undir EB-gerðarviðurkenningu, skráningarviðurkenningu og landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litlar framleiðsluraðir og, ef hún er fyrir hendi, fjölþrepa gerðarviðurkenningu.

2. Fjölþrepa fullbúið ökutækin

Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki skal sértækri losun koltvísýrings frá fjölþrepa fullbúnum ökutækjum úthlutað til framleiðanda grunnökutækisins.

Til að tryggja að gildin fyrir losun koltvísýrings, eldsneytisnýtni og massa fjölþrepa fullbúinna ökutækja séu dæmigerð skal framkvæmdastjórnin, án þess þó að leggja óhóflega byrði á framleiðanda grunnökutækisins, leggja fram sértækar verklagsreglur um vöktun og, eftir því sem við á, gera nauðsynlegar breytingar á viðeigandi löggjöf um gerðarviðurkenningu.

Þrátt fyrir að sjálfgefinn viðbættur massi skuli fenginn úr C-hluta þessa viðauka, að því er varðar útreikningana á markmiðinu fyrir 2020 í samræmi við 2. lið B-hluta I. viðauka, er heimilt að nota massa fjölþrepa fullbúins ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, við bráðabirgðaútreikninga á markmiðinu um sértæka losun, sem um getur í 4. mgr. 7. gr., ef ekki hægt að ákvarða þetta massagildi.

Ef grunnökutækið er fullbúið ökutæki skal nota massa ökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, við útreikninga á markmiðinu um sértæka losun. Ef hins vegar ekki er hægt að ákvarða massagildið er heimilt að nota massa fjölþrepa fullbúins ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, við bráðabirgðaútreikninga á markmiðinu um sértæka losun.

C. Snið fyrir sendingu gagna

Fyrir hvert ár skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. og 3. lið A-hluta, á eftirfarandi sniði:

1. þáttur

Samantekin vöktunargögn

Aðildarríki ⁽¹⁾	
Ár	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir EB-gerðarviðurkenningu	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem hafa hlotið skráningarviðurkenningu	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litlar framleiðsluraðir	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem falla undir fjölþrepa gerðarviðurkenningu (ef hann er fyrir hendi)	

⁽¹⁾ ISO 3166 alfa-2-kóðar, að undanskildu Grikklandi og Bretlandi þar sem notaðir eru kóðarnir „EL“ annars vegar og „UK“ hins vegar.

2. þáttur

Ítarleg vöktunargögn — skráning á einu ökutæki

Tilvísun í lið 1.1. í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki ⁽¹⁾
a)	Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti ⁽²⁾
	Heiti framleiðanda — Yfirlýsing framleiðanda upprunalegs búnaðar FULLBÚIÐ ÖKUTÆKI/GRUNNÖKUTÆKI ⁽³⁾
	Heiti framleiðanda — Yfirlýsing framleiðanda upprunalegs búnaðar FJÖLÞREPA FULLBÚIÐ ÖKUTÆKI ⁽³⁾
	Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis ⁽²⁾
b)	Gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess
c)	Gerð
	Afbrigði
	Útfærsla
d)	Tegund
e)	Flokkur gerðarviðurkennds ökutækis
f)	Flokkur skráðs ökutækis
g)	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) NEDC-gildi til og með 31. desember 2020
	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) WLTP-gildi

Tilvísun í lið 1.1. í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki ⁽¹⁾
h)	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs GRUNNÖKUTÆKI
	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs FJÖLÞREPA FULLBÚIÐ ÖKUTÆKI/FULLBÚIÐ ÖKUTÆKI
i) ⁽⁴⁾	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu
j)	Hjólhaf
	Ásvídd stýrðs áss (ás 1)
	Ásvídd hins ássins (ás 2)
k)	Tegund eldsneytis
	Eldsneytishamur
l)	Slagrými hreyfils (cm ³)
m)	Raforkunotkun (Wh/km)
n)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt NEDC-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar til og með 31. desember 2020
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar
o)	Verksmiðjunúmer ökutækis
p)	WLTP-prófunarmassi
q)	Frávíksstuðull De (ef hann er fyrir hendi)
	Sannprófunarstuðull (ef hann er fyrir hendi)
r)	Verksmiðjunúmer ökutækjahóps
s)	Rafdrægni, ef hún er fyrir hendi.
Liður 2.17.2 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB ⁽⁵⁾	Sjálfgefinn, viðbættur massi (þar sem við á, ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki)

Athugasemdir:

- (1) Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki og ekki er hægt að leggja fram gögn um grunnökutækið, skal aðildarríkið a.m.k. leggja fram þau gögn sem tilgreind eru á þessu sniði fyrir fjölþrepa fullbúið ökutæki.
- (2) Ef um er að ræða landsbundnar gerðarviðurkenningar fyrir litlar framleiðsluraðir (NSS) eða skráningarviðurkenningu (IVA) skal skrá heiti framleiðandans í dálknum „Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis“ en í dálknum „Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti“ skal tilgreina annað hvort af eftirfarandi: „AA-NSS“ eða „AA-IVA“ eftir því sem við á.
- (3) Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki skal tilgreina framleiðanda grunnökutækis (ófullbúið/fullbúið). Ef framleiðandi grunnökutækis er ekki þekktur skal einungis tilgreina framleiðanda fjölþrepa fullbúins ökutækis.
- (4) Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki skal tilgreina tæknilega leyfilegan hámarks massa grunnökutækisins með hleðslu.
- (5) Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki má sjálfgefinn, viðbættur massi, sem tilgreindur er í upplýsingunum um gerðarviðurkenningu, í samræmi við lið 2.17.2 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, koma í staðinn fyrir massa grunnökutækis, sem er tilbúið til aksturs, og tæknilega leyfilegan hámarks massa grunnökutækis með hleðslu.

IV. VIÐAUKI

NIÐURFELLDAR REGLUGERÐIR MEÐ SKRÁR YFIR SÍÐARI BREYTINGAR ÞEIRRA

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009	(Stjútúð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1).
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 397/2013	(Stjútúð. ESB L 120, 1.5.2013, bls. 4).
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 333/2014	(Stjútúð. ESB L 103, 5.4.2014, bls. 15).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/6	(Stjútúð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 1).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1502	(Stjútúð. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 4).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/649	(Stjútúð. ESB L 108, 27.4.2018, bls. 14).
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011	(Stjútúð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2012	(Stjútúð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 2).
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 253/2014	(Stjútúð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 38).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 404/2014	(Stjútúð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 1).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/748	(Stjútúð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 9).
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1499	(Stjútúð. ESB L 219, 25.8.2017, bls. 1).

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 443/2009	Reglugerð (ESB) nr. 510/2011	Þessi reglugerð
Fyrsta málsgrein 1. gr.	1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Önnur málsgrein 1. gr.	2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Þriðja málsgrein 1. gr.	—	3. mgr. 1. gr.
—	—	4. mgr. 1. gr.
—	—	5. mgr. 1. gr.
—	—	6. mgr. 1. gr.
—	—	7. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 3. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 3. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 3. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 3. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 3. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 3. gr.
—	c-, d- og e-liður 1. mgr. 3. gr.	c-, d- og e-liður 1. mgr. 3. gr.
c- og d-liður 1. mgr. 3. gr.	f- og g-liður 1. mgr. 3. gr.	f- og g-liður 1. mgr. 3. gr.
f-liður 1. mgr. 3. gr.	h-liður 1. mgr. 3. gr.	h-liður 1. mgr. 3. gr.
e-liður 1. mgr. 3. gr.	j-liður 1. mgr. 3. gr.	i-liður 1. mgr. 3. gr.
g-liður 1. mgr. 3. gr.	i-liður 1. mgr. 3. gr.	j-liður 1. mgr. 3. gr.
—	—	k-, l- og m-liður 1. mgr. 3. gr.
—	k-liður 1. mgr. 3. gr.	n-liður 1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
Fyrsta málsgrein 4. gr.	Fyrsta málsgrein 4. gr.	Inngangsorð og a- og b-liður 1. mgr. 4. gr.
—	—	c-liður 1. mgr. 4. gr.
—	Önnur málsgrein 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
Önnur málsgrein 4. gr.	Þriðja málsgrein 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
5. gr.	5. gr.	—
5. gr. a	—	5. gr.
6. gr.	6. gr.	—
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 6. gr.
a-, b- og c-liður 2. mgr. 7. gr.	a-, b- og c-liður 2. mgr. 7. gr.	a-, b- og c-liður 2. mgr. 6. gr.
—	—	d-liður 2. mgr. 6. gr.
3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 6. gr.
4. mgr. 7. gr.	4. mgr. 7. gr.	4. mgr. 6. gr.
5. mgr. 7. gr.	5. mgr. 7. gr.	5. mgr. 6. gr.
6. mgr. 7. gr.	6. mgr. 7. gr.	6. mgr. 6. gr.

Reglugerð (EB) nr. 443/2009	Reglugerð (ESB) nr. 510/2011	Þessi reglugerð
7. mgr. 7. gr.	7. mgr. 7. gr.	7. mgr. 6. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 7. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 7. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 8. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 8. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 7. gr.
Þriðja undirgrein 4. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 8. gr.	Þriðja undirgrein 4. mgr. 7. gr.
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 8. gr.	5. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 7. gr.
Önnur undirgrein 5. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 7. gr.
6. mgr. 8. gr.	7. mgr. 8. gr.	—
7. mgr. 8. gr.	8. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 7. gr.
—	—	Önnur undirgrein 6. mgr. 7. gr.
8. mgr. 8. gr.	—	—
Fyrsta undirgrein 9. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 9. mgr. 8. gr.	7. mgr. 7. gr.
Önnur undirgrein 9. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 9. mgr. 8. gr.	8. mgr. 7. gr.
—	—	9. mgr. 7. gr.
—	—	10. mgr. 7. gr.
—	10. mgr. 8. gr.	11. mgr. 7. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 8. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	Fyrsti hluti fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr.
a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	—
b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 9. gr.	Annar hluti fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 9. gr.	4. mgr. 9. gr.	4. mgr. 8. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 10. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 10. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 9. gr.
a- til e-liður 1. mgr. 10. gr.	a- til e-liður 1. mgr. 10. gr.	a- til e-liður 1. mgr. 9. gr.
—	—	f-liður 1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 9. gr.
—	—	3. mgr. 9. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 11. gr.	3. mgr. 11. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 10. gr.
—	—	Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 11. gr.	—	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 10. gr.

Reglugerð (EB) nr. 443/2009	Reglugerð (ESB) nr. 510/2011	Þessi reglugerð
Inngangsorð annarrar undirgreinar 4. mgr. 11. gr.	—	Inngangsorð annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 11. gr.	—	a-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr.
b-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 11. gr.	—	—
c-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 11. gr.	—	b-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr.
—	—	c-liður annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr.
Þriðja og fjórða undirgrein 4. mgr. 11. gr.	—	Þriðja og fjórða undirgrein 4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 11. gr.	4. mgr. 11. gr.	5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 11. gr.	5. mgr. 11. gr.	6. mgr. 10. gr.
7. mgr. 11. gr.	6. mgr. 11. gr.	7. mgr. 10. gr.
8. mgr. 11. gr.	7. mgr. 11. gr.	8. mgr. 10. gr.
9. mgr. 11. gr.	8. mgr. 11. gr.	9. mgr. 10. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 11. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	—	Önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 12. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 11. gr.
—	—	Fjórða undirgrein 1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 12. gr.	2. mgr. 12. gr.	Inngangsorð, a-, b- og c-liðar og fyrri hluti d-liðs 2. mgr. 11. gr.
—	—	Síðari hluti d-liðs 2. mgr. 11. gr.
3. mgr. 12. gr.	3. mgr. 12. gr.	3. mgr. 11. gr.
4. mgr. 12. gr.	4. mgr. 12. gr.	4. mgr. 11. gr.
—	—	12. gr.
—	—	13. gr.
1. mgr. 13. gr.	—	—
—	1. mgr. 13. gr.	—
—	—	Fyrirsögn 14. gr.
—	—	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 14. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 13. gr.	—	a-liður 1. mgr. 14. gr.
—	5. mgr. 13. gr.	b-liður 1. mgr. 14. gr.
—	—	c- og d-liður 1. mgr. 14. gr.

Reglugerð (EB) nr. 443/2009	Reglugerð (ESB) nr. 510/2011	Þessi reglugerð
Þriðja undirgrein 2. mgr. 13. gr.	5. mgr. 13. gr.	2. mgr. 14. gr.
—	—	1. mgr. 15. gr.
—	—	2. mgr. 15. gr.
—	—	3. mgr. 15. gr.
—	2. mgr. 13. gr.	—
—	—	Fyrsti hluti 4. mgr. 15. gr.
3. mgr. 13. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 13. gr.	Annar hluti 4. mgr. 15. gr.
—	4. mgr. 13. gr.	—
4. mgr. 13. gr.	Önnur undirgrein 6. mgr. 13. gr.	—
5. mgr. 13. gr.	—	—
6. mgr. 13. gr.	3. mgr. 13. gr.	—
—	—	5. mgr. 15. gr.
—	—	6. mgr. 15. gr.
Fyrsta undirgrein 7. mgr. 13. gr.	Þriðja undirgrein 6. mgr. 13. gr.	7. mgr. 15. gr.
Önnur undirgrein 7. mgr. 13. gr.	Fjórfða undirgrein 6. mgr. 13. gr.	8. mgr. 15. gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 16. gr.
3. mgr. 14. gr.	2. mgr. a í 14. gr.	3. mgr. 16. gr.
1. mgr. 14. gr. a	3. mgr. 15. gr.	1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 14. gr. a	1. mgr. 15. gr.	2. mgr. 17. gr.
3. mgr. 14. gr. a	16. gr.	3. mgr. 17. gr.
4. mgr. 14. gr. a	2. mgr. 15. gr.	4. mgr. 17. gr.
5. mgr. 14. gr. a	17. gr.	5. mgr. 17. gr.
15. gr.	—	—
—	—	18. gr.
16. gr.	18. gr.	19. gr.
I. viðauki	—	1. til 5. liður í A-hluta I. viðauka
—	—	6. liður í A-hluta I. viðauka
—	I. viðauki	1. til 5. liður í B-hluta I. viðauka
—	—	6. liður í B-hluta I. viðauka,
A-hluti II. viðauka	—	A-hluti II. viðauka
B-hluti II. viðauka	—	—
C-hluti II. viðauka	—	B-hluti II. viðauka
—	II. viðauki	III. viðauki
—	—	IV. viðauki
—	—	V. viðauki